FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
211. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2017



Ungur maður veður yfir götu í Santiago de los Caballeros í Dóminíska lýðveldinu. Í gær var búið að rýma um 5.500 manns af svæðinu sem fellibylurinn Irma ógnaði þar í landi. Bylurinn stefnir nú í átt að Flórída í Bandaríkjunum og hefur nú þegar valdið mikilli eyðileggingu á eyjum Karíbahafsins. Sjá síðu 12. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Auka verulega stuðning við flóttafólk

**Útgjöld vegna flóttamanna og hælisleitenda aukast um hundruð milljóna á næsta ári. Velferðarráðherra segir markmiðið að tryggja sem árangursríkasta aðlögun fólksins að íslensku samfélagi. Peningum varið í íslenskukennslu, aðstoð við húsnæðisleit og fleira.**

**VELFERÐARMÁL** Útgjöld til móttöku flóttamanna og hælisleitenda sem veitt er hæli hér á landi munu meira en tvöfaldast á næsta ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer upphæðin úr 150 milljónum í 410 milljónir.

„Það er verið að auka verulega áhersluna á málaflokkinn. Þar er bæði aukin móttaka kvótaflóttamanna á milli ára en ekki er síður verið að verja fjármagni til þess að bæta frekar móttökur þeirra sem hér fá hæli,“ segir Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra.

Markmiðið sé að samræma betur þá þjónustu, sem veitt er þeim sem fá hæli hér á landi, við þá þjónustu sem kvótaflóttamönnum er veitt þegar kemur að húsnæðisleit, atvinnuleit og öðrum úrræðum. Þorsteinn staðfestir að verið sé að ríflega tvöfalda upphæðina milli ára.

Sú verkaskipting er höfð meðal ráðuneyta í málefnum innflytjenda og hælisleitenda að dómsmálaráðuneytið er ábyrgt fyrir Útlendingastofnun og ákvörðun um það hverjir fá hér hæli og hverjir ekki. En í málefnum kvótaflóttamanna marka utanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið stefnuna, hversu margir flóttamenn koma og hvaðan þeir koma. Eins og fram kom í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu í síðustu viku hefur sú stefna verið mörkuð fyrir næsta ár. Tekið verður á móti 50 flóttamönnum, einkum fólki frá Sýrlandi og hinsegin flóttamönnum.

Velferðarráðuneytið er síðan ábyrgt fyrir kvótaflóttamönnunum þegar þeir eru komnir til landsins og hælisleitendum sem hefur verið veitt hæli. „Það er verið að tala um aðgerðir til að tryggja sem árangursríkasta aðlögun. Það er verið að tala um íslenskukennslu, aðstoð við húsnæðisleit, aðstoð við atvinnuleit og svo framvegis. Til að tryggja það að fólk komist sem hraðast inn í samfélagið og verði virkir samfélagsþegnar,“ segir Þorsteinn. – jhh

## Orkustykki í óleyfi

**NÁTTÚRA** Nói Síríus hefur komið fyrir kassa fullum af Kellogg's orkustykkjum í hlíðum Esjunnar. Reykjavíkurborg segir að ekki hafi verið veitt leyfi fyrir kassanum sem er hluti af auglýsingaherferð.

Undanfarna viku hefur fjallgöngufólk orðið vart við stóran málmkassa sem stendur við Stein. Kassi þessi er merktur Special K orkustykkjum í bak og fyrir og er göngugörpum boðið að fá sér. Um er að ræða auglýsingaherferð sem Nói Síríus, umboðsaðili Kellogg's á Íslandi, stendur fyrir. Fyrirtækið segist hafa fengið leyfi fyrir uppátækinu en Reykjavíkurborg er á öðru máli og mun fara fram á að kassinn verði fjarlægður.

– smj / sjá síðu 2

## Ekki með í Blade Runner



**KVIKMYNDIR** Jóhann Jóhannsson kvikmyndatónskáld hefur verið settur af í kvikmyndinni Blade Runner 2049. Á nýjasta kynningarplakati myndarinnar er nafn hans hvergi að finna. Umboðsmaður hans staðfesti þetta við Fréttablaðið en samkvæmt samningi má Jóhann ekki tjá sig um ástæður þess að hann hvarf á braut.

Áður var búið að greina frá því að Jóhann hefði stigið til hliðar og Hans Zimmer komið í hans stað. Þá átti Jóhann að aðstoða Zimmer en nú virðist Jóhanni alveg hafa verið skipt út.

– bb / sjá síðu 42

### Fréttablaðið í dag

**SPORT** Stjarnan og ÍBV mætast í bikarúrslitum á morgun. 22

**MENNING** Han Kang, handhafi Man Booker verðlaunanna 2016, er gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MÓÐIR & BARN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðan 3-8 m/s en 8-13 allra austast á landinu. Skýjað norðan heiða og dálítil rigning á Norður- og Austurlandi en bjartviðri sunnan og vestan til. Hiti 6 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 28

# Bataskólinn settur með viðhöfn



Bataskólinn var settur í gær að viðstöddum Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, Óttari Proppé heilbrigðisráðherra og fleirum. Bataskóli Íslands býður upp á nám fyrir fólk með geðraskanir, aðstandendur þeirra og starfsfólk á heilbrigðis- og velferðarsviði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ritstjóri Vanity Fair hættir

**BANDARÍKIN** Graydon Carter, ritstjóri Vanity Fair, tilkynnti í gær að hann hygðist láta af störfum í desember eftir aldarfjórðungslanga setu í ritstjórastólnum.

„Ég vil fara á meðan tímaritið er enn á toppnum,“ sagði hinn 68 ár gamli Carter um ákvörðunina. „Ég vil hætta á meðan tímaritið er enn í góðu standi, bæði á netinu og á prenti. Ég vildi líka eiga þriðja kaflann í lífi mínu og ég hugsaði við ákvörðunartökuna að tíminn væri dýrmætur.“

Í frétt New York Times segir að ritstjórastóllinn á Vanity Fair sé einn sá eftirsóttasti í fjölmiðlabransanum vestanhafs. Lengi hafi verið vangaveltur um arftaka Carters og hafi Adam Moss, ritstjóri New York Magazine, og Janice Min, ritstjóri Hollywood Reporter, oft verið nefnd sem hugsanlegir eftirmenn. – **þea**

# Verkamannaflokkurinn mælist með mest fylgi

**NOREGUR** Verkamannaflokkurinn undir forystu Jonas Gahr Støre mælist stærstur í aðdraganda norsku þingkosninganna, með 28,1 prósents fylgi. Þetta er niðurstaða könnunar sem TNS gerði fyrir TV2 og birtist í gær. Íhaldsflokkur forsætisráðherrans Ernu Solberg mælist með 23,4 prósenta stuðning.

Þetta myndi þýða fylgistap fyrir báða flokka miðað við kosningar ársins 2013. Þá fékk Verkamannaflokkurinn 30,8 prósent atkvæða en Íhaldsflokkurinn 26,8 prósent. Sé miðað við síðustu könnun TNS er Íhaldsflokkurinn að tapa 1,4 prósenta fylgi en Verkamannaflokkurinn að bæta við sig 1,1 prósenti en hann hefur verið að missa fylgi á síðustu vikum.

Framfaraflokkurinn, sem er með Íhaldsflokknum í ríkisstjórn, mælist í 15,2 prósentum samanborið við 16,3 prósent árið 2013. Þá mælast Kristilegir demókratar og Venstre, sem verja Solberg-stjórnina vantrausti, með um 5 prósenta fylgi hvor.



**Ríkisstjórn Solberg héldi velli.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ef sama niðurstaða kæmi upp úr kjörkössunum á mánudag héldi stjórnin velli með stuðningi flokkanna tveggja. – **þea**

# Orkustykki í óleyfi í hlíðum Esjunnar

**Nói Síríus hefur komið fyrir kassa fullum af Kellogg's orkustykkjum í hlíðum Esjunnar. Reykjavíkurborg segir að ekki hafi verið veitt leyfi fyrir kassanum sem er hluti af auglýsingarherferð. Kvartað undan sóðaskap af umbúðunum.**

**NÁTTÚRA** Undanfarna viku hefur fjallgöngufólk orðið vart við stóran málmkassa sem stendur við Stein í hlíðum Esjunnar. Kassi þessi er merktur Special K orkustykkjum frá Kellogg's í bak og fyrir og er göngugörpum boðið að fá sér. Um er að ræða auglýsingaherferð sem Nói Síríus, umboðsaðili Kellogg's á Íslandi, stendur fyrir. Fyrirtækið segist hafa fengið leyfi fyrir uppátækinu en Reykjavíkurborg er á öðru máli og mun fara fram á að kassinn verði fjarlægður.

„Við höfðum samband við Reykjavíkurborg, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Kjalarness. Það var vel tekið í þetta af öllum aðilum og þeir veittu leyfi,“ segir Ingi Einar Sigurðsson, vörumerkjastjóri hjá Nóa Síríusi.

Borið hefur á umræðum um sóðaskap vegna umbúðanna en Ingi segir fyrirtækið hafa brýnt fyrir fólki að taka umbúðirnar með sér niður, hvort sem það sé af Special K eða öðru. Reglulegar ferðir séu farnar upp til að skoða aðstæður og tína upp ef eitthvað er.

Herferð þessi er líka leikur þar sem göngugarpar geta tekið mynd af sér með orkustykkin og átt möguleika á að vinna árskort í World Class og ársbirgðir af Kellogg's svo eitthvað nefnt. Frá því að kassinn fór upp 31. ágúst hafa göngugarpar sporðrennt hátt í 3.500 stykkjum og átti kassinn að fá að standa til 13. september. Eitthvað gæti það þó breyst því hjá Reykjavíkurborg fengust þau svör að ekki hafi verið veitt leyfi fyrir þessari útfærslu á uppátækinu.

„Að sögn umsjónarmanns afnotaleyfa létu þeir borgina vita símleiðis að þeir hygðust gefa orkustykki en þeir fengu ekki leyfi til að koma fyrir kassa í borgarlandinu eða auglýsingu á staðnum. Ekki var litið á það sem óleyfilegt athæfi ef um stakan viðburð væri að ræða en að koma þarna fyrir eftirlitslausum kassa, sem er ekkert annað en auglýsing, er óleyfisframkvæmd,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.

„Fyrirtækið verður því beðið um að fjarlægja þetta úr Esjuhlíðum.“

**mikael@frettabladid.is**




**Auglýsing í óleyfi. Kassinn hefur vakið athygli göngugarpa sem virðast hafa úðað í sig orkustöngum í hlíðum Esjunnar undanfarna daga.**

> **Að sögn umsjónarmanns afnotaleyfa létu þeir borgina vita símleiðis að þeir hygðust gefa orkustykki en þeir fengu ekki leyfi til að koma fyrir kassa.**
>
> Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg

Grill - Húsgögn
Eldstæði - Útiljós
Hitarar - Aukahlutir
Grillbúðin
LANDMANN Your World of BBQ
Niðurfellanleg hliðarborð
22% afsláttur



• Afl 12 KW
• 4 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikja í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór efri grind
• Hitamælir
• Grillflötur 65 x 44 cm
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
Verð áður 89.900
69.900
POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS
Opið virka daga 11-18
Nr. 12952
Gildir 1. - 8. sept
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




**Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:**
GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómlisti á afturhlera, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## 900 milljónir í afgang

**HAFNARFJÖRÐUR** Afgangur frá rekstri Hafnarfjarðarbæjar á fyrri hluta ársins nam 908 milljónum króna. Áætlanir höfðu hins vegar gert ráð fyrir 285 milljóna króna afgangi. Tekjur urðu 400 milljónum króna hærri en áætlað hafði verið og fjármagnskostnaður um 203 milljónum króna lægri vegna lægri verðbóta.

Tekjur námu tæplega 12,2 milljörðum króna Laun og launatengd gjöld eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélagsins og námu þau 5,77 milljörðum króna og voru nánast á áætlun. Annar kostnaður var 3,8 milljarðar.

„Við ætlum að halda áfram á þessari braut og vonandi næst að halda þessari þróun út rekstrarárið.“ sagði Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri í tilkynningu. – **jhh**



Haraldur Líndal Haraldsson.



Donald Trump Bandaríkjaforseti. NORDICPHOTOS/AFP

## Best að beita ekki hervaldi

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í gær að ákjósanlegt væri að komast hjá því að beita hervaldi gegn Norður-Kóreu. Mikil spenna er nú á Kóreuskaga vegna nýafstaðinnar kjarnorkutilraunar einræðisríkisins en Bandaríkjaforseti tjáði sig um deiluna á blaðamannafundi í gær.

„Beiting hervalds er auðvitað möguleiki. Það væri frábært ef það væri hægt að gera þetta á annan hátt,“ sagði forsetinn.

Trump sagði allar tilraunir til samræðna og málamiðlana við yfirvöld í Norður-Kóreu hafa mistekist undanfarna áratugi. Hann sagði þó að beiting hervalds yrði aldrei fyrsti valkostur. „Ég myndi kjósa að nota herinn ekki en það er auðvitað eitthvað sem gæti gerst.“

Trump ræddi við Xi Jinping, forseta Kína, í síma í gær. Sagði hann símtalið hafa leitt í ljós að þeir væru „á sömu blaðsíðu“. – **þea**

# Fluttur af sjúkradeild yfir í fangaklefa

**BRUNI** Eldur kviknaði í bílskúr í Skipholti á ellefta tímanum í gær. Upphaflega var talið að sprenging hefði orðið í skúrnum en síðar kom í ljós að svo var ekki. Einn maður var færður á sjúkradeild.

Maðurinn var í annarlegu ástandi. Meiðsl hans reyndust minniháttar þegar að var gáð og þegar það kom í ljós var hann færður í fangaklefa. Þetta staðfesti Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, í samtali við fréttavefinn Vísi.

Jóhann Karl sagði að þess yrði beðið að maðurinn róaðist og svo yrði hann yfirheyrður þannig að hægt yrði að komast til botns í því hvað átti sér stað inni í skúrnum.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn í rýminu þegar viðbragðsaðilar komu á staðinn og var gengið úr skugga um að enginn annar væri þar inni.

Jóhann Viggó Jónsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Stöð 2 í gær að bílskúrinn virðist hafa verið notaður sem íbúðarhúsnæði. – **hh / ebg**



**Bílskúrinn hefur verið notaður sem íbúðarhúsnæði, en allar líkur eru á að það hafi verið ósamþykkt húsnæði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eldisfiskur frjáls um allt land

**Samkvæmt bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar hafa 67 eldisfiskar bitið á agn hjá stangveiðimönnum í sumar. Það er aðeins brot þess fisks sem syndir frjáls í íslenskum ám. Tölurnar vekja misjöfn viðbrögð.**

**NÁTTÚRA** Eldisfiskur hefur veiðst í ám í öllum landsfjórðungum í sumar. Mest hefur veiðst af hnúðlaxi í lax- og silungsveiðiám en einnig hefur regnbogasilungur veiðst í sumar. Formaður Landssambands veiðifélaga segir þessar niðurstöður sýna hvað geti gerst með því að stórauka eldi hér við land.

Nú þegar hafa verið staðfest 67 tilvik þar sem eldisfiskur veiddist í íslenskum ám. Eldisfiskur er óæskilegur gestur í íslenskum ám vegna mikilla og alvarlegra afleiðinga sem hann getur haft fyrir þá náttúrulegu stofna sem hér lifa. Þetta eru bráðabirgðaniðurstöður Hafrannsóknastofnunar, en heildarfjöldi veiddra eldisfiska er ekki ljós fyrr en veiðibækur hafa skilað sér til stofnunarinnar og þær rannsakaðar.

Af þessum 67 tilvikum eiga átta við um regnbogasilung en 59 tilvik eru skráð um veiði á hnúðlaxi.

Líklegt er að stangveiðimenn veiði aðeins brot af þeim eldisfiski sem syndir frjáls við strendur Íslands. Ekki er með nokkru móti hægt að gera sér grein fyrir magni eldisfisks en líklegt er að þessi 67 tilvik séu aðeins brotabrot af heildarumfanginu.

Einar K. Guðfinnsson, formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva, segir þessar tölur koma vel út fyrir íslenskt sjókvíaeldi.

„Þessar tölur gefa það til kynna að íslenskt sjókvíaeldi sé ekki vandamál fyrir íslenskar ár. Í tölunum er enginn lax úr íslensku sjókvíaeldi. Einnig eru mjög fá tilfelli um veiddan regnbogasilung. Þessar tölur gefa því vísbendingar um að vel sé haldið á spöðunum í fiskeldi á Íslandi og slysasleppingar ekki vandamál þar,“ segir Einar.

Ekki eru þess dæmi að lax úr íslensku laxeldi í sjó hafi veiðst í ám í sumar. Aðeins er um hnúðlax að ræða í bókum Hafrannsóknastofnunar. Líklegt er þó að regnbogasilungurinn sé úr íslensku sjókvíaeldi.

„Þetta er mjög óæskileg þróun í íslenskri náttúru,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. „Hér eru á ferð strokufiskar úr eldi sem við viljum ekki sjá í íslenskri náttúru. Það skiptir sköpum fyrir íslenskt lífríki að við förum gætilega í þessum efnum. Skora ég einnig á alla þá veiðimenn sem telja sig hafa veitt þessi kvikindi að koma þeim til yfirvalda til rannsóknar hið snarasta svo hægt sé að skrá þessi tilvik og rannsaka.“ **sveinn@frettabladid.is**

### Eldisfiskur veiddur í íslenskum ám í sumar




**Þessar tölur gefa það til kynna að íslenskt sjókvíaeldi sé ekki vandamál fyrir íslenskar ár.**

Einar K. Guðfinnsson






# Stefnir Icelandair vegna uppsagnar

**DÓMSMÁL** Ungri konu sem sótt hafði starfsþjálfun hjá flugfélaginu Icelandair haustið 2015 var vikið burt eftir að hún hafði lokið undirbúningi fyrir starfið. Konan hefur nú stefnt flugfélaginu vegna brottvikningarinnar.

Gísli Tryggvason, lögmaður konunnar, segir hana hafa sótt um starf flugfreyju og tekið fram strax í upphafi að hún væri með taugasjúkdóm sem haldið væri niðri með lyfjum og hún væri því einkennalaus. „Það var ekki gerð athugasemd við það. Síðan löngu síðar verður breyting á,“ segir Gísli, en í millitíðinni hafði hún fengið skriflega staðfestingu um starfið.

Gísli útskýrir að þegar liðið var á fyrri hluta námskeiðsins hafi hjúkrunarfræðingur á vegum Icelandair haldið fyrirlestur um viðbrögð við heilsubresti farþega. Þar var meðal annars til umfjöllunar flogaveiki. Í kjölfar fyrirlestrarins gekk unga konan á fund hjúkrunarfræðingsins og upplýsti að hún væri greind flogaveik og tæki lyf við sjúkdómnum. Þá spurði konan hvort sjúkdómurinn hefði einhver áhrif á störf hennar hjá Icelandair, sem hjúkrunarfræðingurinn svaraði neitandi með vísan í það að konan hafi ekki fengið flogakast í meira en fimm ár. En síðar var konunni sagt að hún fengi ekki starf hjá fyrirtækinu.

„Þetta snýst um starfsgengisskilyrði fólks með einkennalausa greiningu og hins vegar snýst þetta um hvernig Icelandair stendur að upplýsingaskyldu og starfslokum,“ segir Gísli. Hann segir þetta ígildi uppsagnar og ekki hafi náðst samkomulag um upphæð bóta. Hann bendir jafnframt á að konan hafi sagt upp fyrra starfi sínu fyrir starf hjá Icelandair.

Konan leggur fram kröfu vegna launa í starfsnámi, vegna vangoldinna launa, vegna launa á uppsagnarfresti og vegna greiðslu útlagðs kostnaðar. Þá er krafa vegna greiðslu skaða- og miskabóta. – **jhh**




**Konan hafði sagt upp fyrri vinnu til þess að geta hafið störf hjá Icelandair. Lögmaður hennar segir að hún hafi upplýst fyrirtækið um sjúkdóminn strax í upphafi. Engar athugasemdir hafi verið gerðar fyrr en seinna.**

MÁLSTOFA GAMMA

# Reisubók fjárfestis:

## Hvað gerðist erlendis meðan Íslendingar bjuggu við fjármagnshöft?

## Opin málstofa í Tjarnarbíói um erlendar fjárfestingar, þriðjudaginn 12. september kl. 16:00-19:00.

DAGSKRÁ:

**Valdimar Ármann**, forstjóri GAMMA, setur fundinn.

***Örgjaldmiðill fer á flot: Hvert er virði krónunnar?***
– **Dr. Friðrik Már Baldursson**, prófessor í hagfræði og efnahagsráðgjafi GAMMA.

***Aftur inn á völlinn: Alþjóðleg þróun eignamarkaða 2008–2017.***
– **Hafsteinn Hauksson**, hagfræðingur GAMMA.

***Heimurinn er undir: Erlendir markaðir og þjónusta GAMMA.***
– **Gísli Hauksson**, stjórnarformaður GAMMA.

Boðið er upp á léttar veitingar að loknum fundi.
Takmarkaður sætafjöldi. Skráning á gamma.is.

GAMMA

**London**
25 Upper Brook Street
W1K 7QD London UK
+44 (0) 207 429 2200
gcm.co.uk

**New York**
1450 Broadway 38th Floor
New York NY 10018
+1 202 569 9995
gcmcapital.com

**Reykjavík**
Garðastræti 37
101 Reykjavík, Iceland
+(354) 519 3300
gamma.is

**Zürich**
Börsenstrasse 18
8001 Zürich
+41 43 456 26 70
gcmcapital.com

## Búast við umferðartöfum

**SAMGÖNGUR** Búast má við miklum umferðartöfum á Kringlumýrarbraut dagana 12.-26. september þegar Veitur endurnýja stofnlögn kalds vatns frá lokahúsi við Stigahlíð 33a yfir Kringlumýrarbraut.

Hafist verður handa við þverun götunnar á þriðjudagsmorgun og á meðan á framkvæmdunum stendur þurfa ökumenn á þessari leið að gera ráð fyrir auknum ferðatíma, sérstaklega á háannatíma á morgnana og síðdegis. Verið getur að þrengingin á Kringlumýrarbraut hafi einnig áhrif á umferð um Miklubraut. – **jhh**

## Tveir fengu Menningarfána

**MENNING** Menningarfáni Reykjavíkurborgar var veittur í sjötta sinn í gær og kom að þessu sinni í hlut tveggja grunnskóla, Hagaskóla og Dalskóla. Þeir fengu þessa viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf með börnum og unglingum og fyrir að hlúa að listkennslu og skapandi starfi.

Hagaskóli er fyrsti unglingaskólinn í borginni sem flaggar Menningarfánanum. Í skólanum skipa list- og verkgreinar veigamikinn sess.

Dalskóli hreppti Menningarfánann öðru sinni, en skólinn leggur ríka áherslu á fjölbreytt, leikandi og fræðandi skólastarf á báðum skólastigum og í frístundastarfinu. – **jhh**

## Með pabba í skólann



Georg Alexander Loðvík, prinsinn af Cambridge, sonur Vilhjálms hertoga og Katrínar hertogaynju af Cambridge og eitt frægasta barn veraldar, mætti í fyrsta sinn í skóla í gær í fylgd föður síns. Helen Haslam yfirkennari tók á móti þeim feðgum en Georg mun sækja Thomas Battersea skólann. Skólinn er einkarekinn og nema skólagjöld hvers árs 2.433.753 milljónum króna sé miðað við gengi gærdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Bæjarstjórinn biðjist afsökunar á ummælum

**STJÓRNSÝSLA** Fulltrúar veiðiréttarhafa og fulltrúar laxeldisfyrirtækjanna krefja bæjarstjórn Ísafjarðar um afsökunarbeiðni vegna ummæla Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, á bæjarstjórnarfundi hinn 24. ágúst.

Segja þeir að í ummælum bæjarstjórans hafi falist gróf og ósönn ásökun um að fulltrúi veiðiréttarhafa og fulltrúar laxeldisfyrirtækjanna hafi sýnt af sér óheilindi og óheiðarleika í störfum sínum. Vísað er sérstaklega til þeirra fullyrðinga bæjarstjóra að framangreindir fulltrúar hafi „plottað“ og „haft hrossakaup“ sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að ekki yrði leyft sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi og laxeldisfyrirtæki fulltrúa Landssambands fiskeldisstöðva nytu góðs af meintum hrossakaupum.

> **Við gátum auðvitað ekki sætt okkur við það að búið væri að leggja upp einhvers konar plott þar sem ákveðið hefði verið að fórna laxeldi í Ísafjarðardjúpi og hagsmunum samfélagsins þar.**
>
> Gísli Halldór Halldórsson



Segja fulltrúarnir í nefndinni að ef ekki verði orðið við framangreindri kröfu um afsökunarbeiðni áskilji undirritaðir sér rétt til að fá ósönn ummæli bæjarstjóra ómerkt „með öðrum þeim úrræðum sem tiltæk eru“ eins og það er orðað. – **jhh**




# Tal um viðhaldsskort OR þvaður og yfirklór

**343 milljónum króna var varið í viðhald og framkvæmdir við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur frá 2007 til 2014. Viðhaldsleysi hefur verið lastað en Haraldur Flosi Tryggvason segir ástand hússins ekki hafa komið fyrir stjórn.**

**REYKJAVÍK** „Þetta slær mig sem algjört þvaður og yfirklór og í stíl við annað sem frá þessum mönnum kemur,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, þegar hann er spurður út í ummæli fyrrverandi forsvarsmanna fyrirtækisins um að viðhaldsleysi vegna aðhaldsaðgerða eftir hrun hafi haft mikið að segja um hvernig komið sé fyrir vesturhúsi höfuðstöðvanna nú.

Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður OR um árabil, sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að skelfilegt væri hvernig húsið hafi verið látið grotna niður. Tók hann þar undir ummæli Guðmundar Þóroddssonar, fyrrverandi forstjóra OR, sem sagði í samtali við RÚV að rekja mætti ástand hússins til skorts á viðhaldi. Þar að auki fullyrti hann að vitað hafi verið um leka í húsinu árið 2009 en ekkert fé hafi verið til, til að halda lagfæringum áfram.

Haraldur Flosi sem var stjórnarformaður OR frá 2010 til 2016 segir aðspurður að stjórnin hafi hvorki verið upplýst né meðvituð um að ástand hússins væri með þeim hætti sem nú er ljóst. Að það læki og lægi undir skemmdum.

„Ef það hefði legið fyrir þá hefði stjórnin ekki sett sig í veg fyrir það. Það kom aldrei inn sem sérstakt úrlausnarefni svo ég muni. Við seldum húsið á þessu tímabili og það voru engir stórkostlegir gallar tilteknir í þeirri sölu,“ segir Haraldur Flosi.

Í yfirliti yfir viðhalds- og framkvæmdakostnað OR vegna höfuðstöðvanna á árunum 2007-2014 má sjá að hann nemur alls 343 milljónum króna á tímabilinu. Þó kostnaðurinn sveiflist nokkuð milli ára, var mestur 61,7 milljónir 2014 og minnstur 27,4 milljónir árið 2013, og snarlækki milli áranna 2008 og 2009 virðast tölurnar ekki beinlínis gefa til kynna að verulega hafi dregið úr viðhaldi.

**mikael@frettabladid.is**



Haraldur Flosi Tryggvason, fyrrverandi stjórnarformaður OR.

> **Ef það hefði legið fyrir þá hefði stjórnin ekki sett sig í veg fyrir það.**
>
> Haraldur Flosi Tryggvason












HAUSTVENDIR
3.480KR

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Telur skýringar um veiði vina fjarstæðu

**Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segist hafa boðið til veiða í Staðará til að láta reyna á rétt kirkjunnar. Skýring lögmanns eiganda Traða á veiðum manna á hans vegum í ánni sé fjarstæðukennd. Traðabóndinn sé einfaldlega að selja veiðileyfi.**


Ágætis veiði er í Staðará og mun hún vera best næst ósnum sem er fyrir landi Traða. Veiðin er í sameign með kirkjujörðinni Staðastað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DÓMSMÁL** „Það er unnið hörðum höndum að því að ná sáttum um skiptingu veiðiréttarins,“ segir Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, um deilur milli Þjóðkirkjunnar og eiganda jarðarinnar Traða um veiðirétt í Staðará á Snæfellsnesi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 30. ágúst síðastliðinn segir Oddur að hann hafi boðið tveimur gestum sínum til veiða í Staðará um verslunarmannahelgina í skjóli veiðiréttar prestsetursjarðarinnar Staðastaðar. Þeir hafi ekki getað veitt vegna áreitis og hótana frá Traðabóndanum. Landeigandinn, Gunnar Jónasson, neitaði því að hafa haft í hótunum. Í mars síðastliðnum dæmdi Hæstiréttur að veiðin, sem að mestu er sjóbirtingsveiði, væri í óskiptu landi jarðanna tveggja.

Aðspurður hvernig á því standi að framkvæmdastjóri kirkjuráðs geti boðið sínum eigin gestum til stangveiða í Staðará segir Oddur eðlilegt að spurningar vakni við það. Hann bendir á að áður en sóknarpresturinn á Staðastað, séra Páll Ágúst Ólafsson, hafi verið fluttur úr embættinu hafi Páll endurnýjað samning sem hann hafði gert árlega við tvo einstaklinga um veiði í ánni fyrir landi Staðastaðar.

„Eftir að sóknarpresturinn hvarf úr embættinu var prestslaust og þar með enginn ábúandi á Staðastað en Kirkjumálasjóður á jörðina og framkvæmdastjóri kirkjuráðs fer þannig með eignarhaldið fyrir hönd kirkjuráðs,“ útskýrir Oddur. Eftir dóm Hæstaréttar um veiðiréttinn hafi samningur leigutaka prestsins verið í uppnámi.

„Sambúðin við Traðabónda hafði verið stormasöm og ekki batnaði hún við dóminn en lögmaður Traðabónda hélt því fram við annan leigutaka prestsins að samningur þeirra væri einskis virði, enda ólögmætur, og tjáði honum þá skoðun sína að færi hann fram á lögbann við veiði frá Staðastað fengi hann það samstundis því af dómi Hæstaréttar leiddi að hvorugur aðilinn, Traðabóndi eða ábúandi á Staðastað, hefði heimild til að selja þriðja aðila veiðileyfi í Staðará nema með skriflegu samþykki hins aðilans,“ rekur Oddur.

> **Það mál endaði inni á borði lögreglunnar í Ólafsvík vegna þess að framkoma Traðabónda var talin jafngilda hótunum um líkamsmeiðingar.**
>
> Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs



Þegar þessi túlkun lögmannsins barst honum kveðst Oddur hafa bent á að kirkjuráð hefði ekkert slíkt leyfi gefið út til Traðabónda. Samt auglýstu Traðir veiðileyfi á vefsíðu sinni og „ótal vitni væru að því að menn óskyldir Traðabónda og jafnvel þjóðþekktir menn“ væru að veiða í ánni.

„Lögmaðurinn brást við þessu með því að halda fram að auglýsingin væri gömul og gleymst hefði að taka hana af vefsíðunni. Veiðimennirnir væru hins vegar vinir Traðabónda sem hann af góðmennsku sinni leyfði að veiða í ósi árinnar við hlað Traða. Allir vissu að þetta var ekki svo og því var haldið fram að Traðabóndi hefði selt þrjár stangir á dag allt til enda veiðitímabilsins sem mun vera 20. september,“ segir Oddur.

Þá segir Oddur að veiðileigutakar prestsins hafi séð fram á að leigan sem þeir höfðu greitt væri tapað fé. Rætt hafi verið um skaðabótakröfur á hendur Traðabónda.

„Kenning lögmannsins um vini Traðabónda, jafn fjarstæðukennd og hún var, hlaut hins vegar að gilda jafnt um báða aðila og enginn gat látið reyna á hana af hálfu Staðastaðar nema framkvæmdastjóri kirkjuráðs. Þess vegna var ákveðið að hann byði tveimur gestum sínum að veiða í ánni um verslunarmannahelgina eins og haft er eftir Traðabónda eða lögmanni hans í grein Fréttablaðsins á miðvikudaginn,“ segir Oddur og ítrekar að ekkert hafi orðið af veiðum.

„Þegar fyrri veiðimaðurinn kom að ánni birtist Traðabóndi og meinaði honum að veiða. Það mál endaði inni á borði lögreglunnar í Ólafsvík vegna þess að framkoma Traðabónda var talin jafngilda hótunum um líkamsmeiðingar. Ekki kom þó til afskipta lögreglunnar þar eð veiðimaður hrökklaðist frá og hætti við að reyna veiði,“ segir framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

**gar@frettabladid.is**





Viltu styðja flóttamann?

**Það getur verið flókið að fóta sig í nýju landi. Rauða krossinn í Reykjavík vantar sjálfboðaliða til að leiðbeina og styðja flóttafólk á höfuðborgarsvæðinu.**

Leiðsögumenn flóttafólks hjálpa einstaklingum og fjölskyldum að rata í íslensku samfélagi. Þú þarft að vera orðinn 24 ára og vera reiðubúinn að gefa verkefninu 4 – 6 klukkustundir á mánuði í eitt ár. Karlar eru sérstaklega hvattir til að gefa kost á sér.

Farðu á **raudikrossinn.is** og láttu okkur vita.

Rauði krossinn Reykjavík


## Spítalamölin ekki malbikuð í bráð



Efri myndin sýnir ástandið fyrir viðgerðir en sú neðri eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMGÖNGUR** Malarbílastæði við Landspítalann í Fossvogi er illa farið og vætutíð undanfarið hefur leikið það illa. Í mestu rigningunum hafa djúpar holur malarstæðisins fyllst af vatni og planið allt verið sem eitt stórt forarsvað. Kallað hefur verið eftir því að planið verði malbikað en engar áætlanir eru um það.

Gunnar Lárus Hjálmarsson, betur þekktur sem Dr. Gunni, vakti athygli á skelfilegu ástandinu í Facebookfærslu í vikunni þar sem hann benti meðal annars á að malarstæðið hefði verið nær óbreytt í fimmtíu ár. Þá skoraði hann á borgarstjóra og heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að planið yrði malbikað og það gæti verið fyrirtaks fimmtugsafmælisgjöf til spítalans.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að malarstæðið hafi verið heflað tíu dögum áður en efri myndin, sem fylgir greininni, var tekin á mánudag.

„Vætutíð hefur leikið það illa,“ segir Ingólfur en farið var í lagfæringar á planinu á mánudagskvöld.

Fyrir utan þunga umferð sem jafnan er um bílastæðið verður ástand malarstæðisins enn verra í mikilli úrkomu því vatnselgur sem rennur niður götuna Áland við innkeyrsluna að bráðamóttöku Landspítalans endar að stórum hluta inni á malarplaninu.

Aðspurður segir Ingólfur það á forræði spítalans að gera úrbætur á planinu þar sem það sé innan lóðar hans.

„Það er ekki á framkvæmdaáætlun ársins að malbika það.“

Hann segir að kostnaður við lagfæringar líkt og þær sem farið var í á mánudag sé minniháttar. Þær séu gerðar með eigin vélum og mannskap spítalans. Kostnaður við að malbika muni án efa nema tugum milljóna.

**mikael@frettabladid.is**



## UPPRUNAVOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

Engin orka er vistvænni en kraftur góðrar hugmyndar. Nýja BMW i rafbílalínan er skínandi dæmi um það hvernig hönnuðir BMW leita sífellt nýrra leiða til að uppfylla nýjar þarfir og væntingar. Við framleiðslu BMW i3 er eingöngu notuð 100% hrein orka. Ný samsetningarverksmiðja BMW í Leipzig notast eingöngu við 100% hreina orku frá vindorkuverum og við koltrefjaframleiðsluna er eingöngu notast við orku frá vatnsorkuverum.

BMW EFFICIENTDYNAMICS.
i3 | 0 g $CO_2$/km | 125 kW (170 hp)

BMW i

Sheer Driving Pleasure

# VISTVÆN HÖNNUN.

Nýr BMW i3 er enginn venjulegur bíll. BMW i3 setur ný viðmið í hönnun og drægni og er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn í heiminum sem hannaður er með yfirbyggingu úr hástyrktum koltrefjum (carbon fiber). Koltrefjar hafa þann eiginleika að vera 50% léttari en stál og eru auk þess sterkari. Þessi nýja framúrstefnulega tækni við framleiðslu yfirbyggingarinnar veitir því fullkomið öryggi fyrir ökumann og farþega og er að auki ein helsta ástæða þess að eiginþyngd BMW i3 er ekki nema 1.245 kg sem tryggir honum mestu drægnina í sínum stærðarflokki.

**300KM*** MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU

**390KM*** MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUVÉL (Range Extender)

BMW i3 er fáanlegur í tvenns konar útfærslu; sem 100% rafbíll dregur hann allt að 300 km* á hleðslunni en 390 km* með auka hleðsluvél (2ja strokka, 647cc bensínvél) sem tekur sjálfkrafa við og framleiðir rafmagn þegar rafhlaðan tæmist.

## BMW i3 VERÐ FRÁ: 4.590.000 KR.

*Drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar drægnitölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður. Raundrægni hverrar hleðslu fer eftir aksturslagi, hitastigi úti, leiðarvali og öðrum þáttum.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM79761

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Raforkan mun ráða verðmiða álversins

**Sérfræðingur í orkumálum segir erfitt að spá um hvaða fyrirtæki gætu haft áhuga á að kaupa álverið í Straumsvík. Sé kaupskylda á raforku á móðurfélaginu Rio Tinto sé mjög ólíklegt að því verði lokað. Reksturinn verið þungur síðustu ár en álverð hefur hækkað.**

**IÐNAÐUR** „Það er möguleiki að selja þetta álver en kaupverðið verður kannski ekki mjög hátt. Ég sé ekki hver gæti haft áhuga en það eru stórir álframleiðendur eins og Norsk Hydro og Rusal sem hefur gengið vel upp á síðkastið með hækkandi álverði,“ segir Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum, um ákvörðun Rio Tinto um að leita tilboða í álverið í Straumsvík.

„Það hversu áhugavert álverið er ræðst fyrst og fremst af raforkusamningnum við Landsvirkjun og raforkuverðinu. Af því að það er hátt miðað við hin álverin mun það hafa áhrif,“ segir Ketill.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, sagðist í kvöldfréttum Stöðvar 2 á miðvikudag engar áhyggjur hafa af eftirspurn. Sérstaða álversins væri mikil, það noti endurnýjanlega raforku úr vatnsaflsvirkjunum og framleiði virðisaukandi sérvöru.

„Ef álverð helst svipað og það er núna ætti þetta álver að skila hagnaði og þá er ekki tilefni til að loka því,“ segir Ketill og bendir á að álverið og Landsvirkjun hafi ekki viljað svara því hvort samið hafi verið um kaupskyldu móðurfélagsins Rio Tinto á raforku út 2036.

„Í eldri samningi var kaupskylda á móðurfélaginu þannig að það var í raun óraunhæft að loka álverinu og betra að halda áfram og framleiða. Ef þessi kaupskylda er til staðar þá er mjög ólíklegt að þetta álver loki.“

> **Ef álverð helst svipað og það er núna ætti þetta álver að skila hagnaði og þá er ekki tilefni til að loka því.**
>
> Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum



Gildandi raforkusamningi var breytt í desember 2014 eftir að ljóst var að markmið um framleiðsluaukningu í Straumsvík, sem ráðist var í eftir að tillaga um stækkun álversins var felld af íbúum Hafnarfjarðar árið 2007, náðist ekki að fullu. Rio Tinto fékk að skila 35 megavöttum af afli en Landsvirkjun hafði reist Búðarhálsvirkjun til að efna samninginn. Kostnaður álversins við verkefnið nam meira en 60 milljörðum króna eða á við samanlagðan hagnað þess yfir tíu árin þar á undan. Niðurstaðan varð átta prósenta framleiðsluaukning en ekki 20 eins og stefnt var að þegar samningurinn var undirritaður árið 2010.

„Það var ekki að ástæðulausu að það var lögð svona mikil áhersla á að ná meiru út úr álverinu. Það er því rökrétt ályktun að álverið sé ekki jafn hagkvæmt og mörg önnur álver í heiminum.“



Rio Tinto Alcan hyggst selja álverið í Straumsvík og leitar nú tilboða í það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirtækið var rekið með 28,8 milljóna dala tapi í fyrra eða sem nemur 3,3 milljörðum króna miðað við gengið í árslok 2016. Tekjur verksmiðjunnar í Straumsvík námu þá 387 milljónum dala og drógust saman um fimmtán prósent frá fyrra ári. Í skriflegu svari Rannveigar við fyrirspurn blaðsins í júní síðastliðnum sagði hún að afkomuna í fyrra mætti að mestu leyti rekja til lágs álverðs á heimsmarkaði og hás orkuverðs. Benti Rannveig á að verðið hefur hækkað umtalsvert síðan seint á síðasta ári en að sterk staða krónunnar hefði einnig áhrif til hins verra.

Árið 2012 var álverið rekið með tapi í fyrsta sinn síðan Rannveig tók við sem forstjóri þess árið 1997. Ráðist var í miklar aðhalds- og sparnaðaraðgerðir og þurfti að ganga lengra í þeim efnum en áður. Síðan þá hefur reksturinn einungis einu sinni skilað jákvæðri afkomu eða upp á 1,9 milljónir Bandaríkjadala árið 2013. Var tapið mest árið 2013 eða 32 milljónir dala sem jafngilti þá 3,7 milljörðum króna.

**haraldur@frettabladid.is**








Myndin var tekin í marsmánuði 2003 en þá var fyrirhugað að byggja við hjúkrunarheimilið. Framkvæmdum hefur verið frestað allar götur síðan.

# Hornfirðingar hafa beðið í 14 ár eftir viðbyggingu

**HORNAFJÖRÐUR** Bygging hjúkrunarheimilis á Hornafirði þokast hægt og er sveitarstjórn farið að lengja eftir svörum frá ríkinu. Fyrsti uppdráttur teikningar liggur fyrir en mótframlag ríkisins skortir.

Á Hornafirði er hjúkrunarheimili með 24 hjúkrunarrýmum en aðeins tvö þeirra eru einbýli. Önnur eru tuttugu fermetra tvíbýli en reglur gera ráð fyrir þrjátíu fermetra einbýlum.

„Frá árinu 2003 höfum við reynt að fá byggingu sem uppfyllir viðmiðunarreglur um aðbúnað á hjúkrunarheimilum,“ segir Lovísa Rósa Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar. „Það gengur mjög hægt.“

Lovísa segir að gert sé ráð fyrir því að byggingin komi til með að kosta á bilinu 1-1,2 milljarða króna. Þar af er framlag sveitarfélagsins fimmtán prósent. Ríkið komi með 45 prósent að borðinu en hægt sé að sækja um að fá það sem upp á vantar úr framkvæmdasjóði aldraðra.

Núverandi heimili var byggt árið 1996 og átti að vera fyrri áfangi framkvæmdanna. Árið 2003 var frekari framkvæmdum slegið á frest vegna bágrar stöðu ríkissjóðs. Lítil hreyfing hefur verið á málinu síðan þá.

„Við höfum sent inn umsókn til framkvæmdasjóðsins síðustu tvö ár en ekki fengið svör þar sem mótframlag ríkisins er ekki tryggt,“ segir Lovísa. „Við gerum ráð fyrir að gera það áfram til að vekja athygli á stöðunni.“ **– jóe**

## Rajoy ósáttur við áform Katalóna

**SPÁNN** Fyrirhuguð atkvæðagreiðsla Katalóna um sjálfstæði frá Spáni, sem á að fara fram 1. október næstkomandi, er ólögleg. Þessari skoðun lýsti Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, í gær. Sagðist hann jafnframt ætla að biðja dómstóla um að fella lögin um að halda skuli atkvæðagreiðsluna úr gildi.

Meirihlutinn á katalónska héraðsþinginu, sem er hlynntur aðskilnaði frá Spáni, samþykkti frumvarpið á miðvikudaginn.

Rajoy er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að atkvæðagreiðslan sé lýðræðisleg. „Það sem er ekki löglegt er ekki lýðræðislegt,“ sagði forsætisráðherrann sem lýsti því jafnframt yfir að samþykkt frumvarpsins væri óþolandi óhlýðni.

Óvíst er hvort Katalónar myndu samþykkja að lýsa yfir sjálfstæði frá Spáni þótt meirihluti katalónska þingsins telji meirihluta að baki aðskilnaði. Í mörg ár hefur fylgið sveiflast. Samkvæmt könnun La Razón frá því í ágúst voru fleiri andvígir aðskilnaði en hlynntir. **– þea**


VOLVO
VIÐ KYNNUM
NÝJAN VOLVO XC60
Framtíðin í öryggi
Nýr Volvo XC60 AWD er leiðandi í bílaöryggi auk þess að vera í forystu í umhverfisvænni tækni með 407 hestafla rafmagnaðri T8 vél sem eyðir aðeins 2,1 lítrum af bensíni per 100 km í blönduðum akstri á rafmagni eða bensíni.
Fjöðrunarkerfi með loftpúðum (aukabúnaður) og framúrskarandi hljómtæki gerir aksturinn ánægjulegan og þægilegan.
Skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum ásamt ríkulegum staðalbúnaði gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.
Verð með dísilvél frá 6.790.000 kr.
Verð með T8 tvinnvél frá 7.490.000 kr.
MADE BY SWEDEN
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Irma ógnar allt að 26 milljónum manna

**Fimmta stigs fellibylur veldur gífurlegu tjóni á eyjum Karíbahafs. Barbúda er sögð óbyggileg og Saint-Martin næstum öll í rúst. Bandaríkjamenn búa sig undir komu Irmu. Búið er að rýma stór svæði en forseti Bandaríkjanna telur ríkið ekki geta verið betur undirbúið.**

**VEÐUR** Fimmta stigs fellibylurinn Irma gæti haft mikil áhrif á líf allt að 26 milljóna manna. Við þessu varaði Rauði krossinn í gær. Walter Cotte, yfirmaður Rauða krossins í Norður- og Suður-Ameríku, sagði í gær að versta martröð samtakanna hefði nú þegar orðið að veruleika, meðal annars á eyjunni Barbúda sem sögð er vart byggileg eftir hamfarirnar.

Irma hefur valdið gríðarlegu tjóni á eyjum Karíbahafsins nú þegar og stóð tala látinna í tíu þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Líklegt er að sú tala muni hækka.

Gaston Browne, forsætisráðherra Antígva og Barbúda, sagði við BBC í gær að hann hafi tekið eftir því þegar hann flaug yfir Barbúda að um 95 prósent bygginga eyjunnar væru laskaðar. „Að minnsta kosti hafa þök laskast, þök á sumum byggingum eru alveg farin, svo eru mjög margar byggingar gjörónýtar," sagði Browne.

„Þetta gengur mér hjarta nær. Innviðir eyjunnar sködduðust mikið. Þú getur líka séð að eyjan sjálf er bókstaflega á kafi. Ég er á því að eins og er sé Barbúda óbyggileg," sagði Browne enn fremur og bætti því við að helmingur eyjarskeggja væri nú heimilislaus. Hins vegar hafi Antígva komið mun betur út úr óveðrinu.

Þá varð einnig gríðarlegur skaði á eyjunni Saint-Martin, sem Frakkar og Hollendingar deila með sér. „Þetta eru gríðarlegar hamfarir. 95 prósent eyjunnar eyðilögðust algjörlega," sagði Daniel Gibbs, embættismaður á Saint-Martin, við BBC.

Hollendingar hafa sent tvö herskip til eyjunnar til að aðstoða heimamenn en að sögn Mark Rutte forsætisráðherra er ekki hægt að sigla upp að eyjunni. „Það er ekki hægt að komast til eyjunnar eins og er vegna tjóns á höfnum og flugvöllum."

Fellibylurinn olli skaða á mun fleiri eyjum en Saint-Martin og Barbúda, til dæmis á Anguilla, Bresku jómfrúaeyjum og Saint-Barthélemy.

Irma er enn fimmta stigs fellibylur og sló hún met fellibylsins Haiyan í gær sem sá fellibylur sem hefur haldið meðalvindhraða yfir 82 metrum á sekúndu í lengstan tíma.

Samkvæmt frétt CNN stefnir í að Irma verði enn fimmta stigs fellibylur á morgun en að hún missi styrk og verði á fjórða stigi á laugardag þegar bylurinn fer meðfram norðurströnd Kúbu. Spár gera ráð fyrir að Irma haldi þaðan áfram til Flórída og gangi á land sem fjórða stigs fellibylur þar á sunnudag áður en hún verður þriðja stigs fellibylur þar sem Georgía mætir Flórída.

Bandaríkjamenn eru nú að búa sig undir hamfarirnar en stutt er frá því að fellibylurinn Harvey gekk á land í Texas og olli miklu tjóni bæði þar og í Louisiana. Donald Trump Bandaríkjaforseti sagðist í gær hafa miklar áhyggjur af bylnum. „Við höfum miklar áhyggjur, við erum að vinna af miklu kappi. Við erum eins vel undirbúin og hægt er að vera fyrir eitthvað svona. Nú er þetta bara spurning um hvað gerist," sagði forsetinn.

Þá fyrirskipaði Nathan Deal, ríkisstjóri Georgíu, rýmingu borgarinnar Savannah á austurströndinni. Rýming á að hefjast á laugardaginn. „Ég hvet alla Georgíumenn sem eru við ströndina og gætu orðið fyrir barðinu á storminum til þess að rýma svæðið eins fljótt og hægt er," sagði Deal.

En Irma er ekki eini fellibylurinn á svæðinu enda hafa hitabeltisstormarnir Katia og Jose nú breyst í fellibylji. Jose fylgir fast á hæla Irmu en samkvæmt spám mun hann þó sveigja í norðurátt og eins og er hefur ekkert land gefið út fellibylsviðvörun vegna hans. Katia er hins vegar skammt undan Mexíkó og hafa nokkur ríki Mexíkó gefið út fellibylsviðvörun vegna hennar.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Eyjarskeggjar á Saint-Martin virtu í gær fyrir sér rústirnar sem Irma skildi eftir.** NORDICPHOTOS/AFP





Tveggja ára ábyrgð og þjónusta fylgir.

Þú situr hátt og sérð vel fram á veginn í Mercedes-Benz B-Class. Hann er hlaðinn öryggis- og staðalbúnaði eins og hita í sætum, sjálfskiptingu og árekstrarvara. Nánari upplýsingar á notadir.is.

B-Class, árgerð 2013

Verð frá 2.790.000 kr.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Kletthás 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur „Askja notaðir bílar" á Facebook

# Ísraelar sprengdu meinta efnavopnaverksmiðju

**SÝRLAND** Ísraelski herinn gerði í gær árás á herstöð í vesturhluta Sýrlands. Frá þessu greindi sýrlenski stjórnarherinn í gær. Í tilkynningu hersins kemur fram að eldflaugar hafi komið í gegnum líbanska lofthelgi og hæft herstöð nærri borginni Masyaf með þeim afleiðingum að tveir hermenn fórust og búnaður eyðilagðist.

Sýrlenski herinn hélt því fram að árás Ísraela væri „örvæntingarfull tilraun“ til að stappa stálinu í liðsmenn Íslamska ríkisins og varaði Ísraela við því að aðgerðir sem þessar gætu haft neikvæð áhrif á öryggi og stöðugleika svæðisins.

Samtökin Syrian Observatory for Human Rights héldu því fram í kjölfar árásarinnar að skotmarkið hafi í raun verið rannsóknarstöð og birgðastöð fyrir eldflaugar.

Breska ríkisútvarpið fjallaði um árásina í gær og vísaði í frétt sína frá því í maí þar sem heimildarmenn innan vestrænnar leyniþjónustu fullyrtu að rannsóknarstöðin nærri Masyaf, líkt og í Dummar og Barzeh, væri notuð til þess að framleiða efnavopn. Ef satt reynist er það skýrt brot á samkomulagi um efnavopn sem náðist árið 2013.

Amos Yadlin, fyrrverandi leiðtogi leyniþjónustu ísraelska hersins, tísti því í gær að árásin væri ekki hefðbundin árás líkt og þær sem hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir vopnasmygl til Hezbollah-samtakanna. Árásin hafi beinst að rannsóknarstöð sem hafi meðal annars framleitt efnavopn og tunnusprengjur. **– þea**



**Sýrlenski herinn er meðal annars sagður hafa notað efnavopn þegar hann réðst á Khan Sheikhoun í apríl.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Lögreglan brást snarlega við tilkynningunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ætluðu sér að sprengja banka

**FRAKKLAND** Tilkynning kaupmanns varð til þess að franska lögreglan uppgötvaði að hópur manna ætlaði að sprengja banka í Villejuif-úthverfi Parísarborgar. Frá þessu sagði Gérard Collomb, utanríkisráðherra Frakklands í gær.

Lögregla var kölluð út í íbúð í Villejuif á miðvikudaginn þar sem hundrað grömm af aseton-peroxíði fundust, en efnið er afar öflugt sprengiefni sem hægt er að búa til úr saltsýru, vetnisperoxíði og asetoni. Var efnið, sem jafnan er kallað TATP, til að mynda notað við sprengjutilræði í neðanjarðarlestum í Lundúnum árið 2005.

Þrír menn voru handteknir en Collomb sagði að þremenningarnir segðust ekki tengjast hryðjuverkasamtökum. Þó bætti ráðherrann því við að þeir hefðu verið í símasambandi við fólk í Sýrlandi.

„Þeir vildu sprengja upp banka með TATP, en við sjáum það núna að þeir tengjast hryðjuverkamönnum, við verðum að skoða það,“ sagði Collomb við FranceInfo TV. **– þea**



**David Davis, Brexitmálaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Munu ekki fyrirgefa andóf

**BRETLAND** David Davis, Brexitmálaráðherra Bretlands, sagði á þingfundi í gær að Bretar myndu ekki fyrirgefa Verkamannaflokknum ef stjórnarandstæðingar reyndu að tefja eða skemma fyrir afgreiðslu frumvarps sem á að nema lög Evrópusambandsins úr gildi og innleiða þau í bresk lög í staðinn.

Frumvarpið er hryggjarstykki í útgönguáætlun ríkisstjórnar Íhaldsflokksins undir forsæti Theresu May en Verkamannaflokkurinn hefur sagst ætla að kjósa á móti frumvarpinu í núverandi mynd.

Í umræðum um frumvarpið í gær sagði Keith Starmer, skuggaráðherra stjórnarandstöðunnar í Brexitmálum, að með frumvarpinu væru ráðherrar að taka sér of mikil völd. Jafnframt breytti frumvarpið þingmönnum í áhorfendur.

Davis sagði hins vegar að frumvarpið væri í raun tæknilegs eðlis og sett fram til þess að borgarar og fyrirtæki vissu í hvorn fótinn þau ættu að stíga eftir útgöngu. Hann væri jafnframt tilbúinn til þess að hlusta á allar tillögur um hvernig væri hægt að bæta frumvarpið. **– þea**


Alþjóðlegur dagur sjúkraþjálfunar

8. september

Sjúkraþjálfarar eru sérhæfðir í greiningu á stoðkerfisvanda, endurhæfingu, þjálfun og forvörnum. Þeir greina hreyfivanda og annan vanda sem aftrar fólki frá því að vera virkt og sjálfstætt. Þeir finna leiðir fyrir fólk til aukinnar samfélagsþátttöku með meðferð, þjálfun og hvatningu.

Í ár fagnar Félag sjúkraþjálfara alþjóðlegum degi sjúkraþjálfunar með þátttöku í Fundi fólksins í Hofi á Akureyri og býður upp á tvær málstofur. Sú fyrri verður í dag, föstudaginn 8. september kl. 15. Þar ræðum við hvernig sjúkraþjálfun getur gert gæfumuninn í því að aldraðir haldi líkamlegri virkni eins lengi og kostur er, hvort sem er í heimahúsum eða á öldrunarheimilum. Sú síðari verður á morgun, laugardaginn 9. september kl. 11. Þar verður fjallað um hlutverk sjúkraþjálfara í þverfaglegri heilsugæslu.

Verið velkomin á málstofur Félags sjúkraþjálfara!

FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA



VEGAN

# CEDAR´S HUMMUS

Gegnsæi og heiðarleiki einkennir Cedar´s Hummus. Hráefnin eru vel valin og uppskriftirnar ósviknar. Úr verður gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana. Góður t.d. í vefjuna, með salatinu, pastanu, súrdeigsbrauðinu, grænmetinu og snakkinu.

Ristaðar furuhnetur - Ristaðar papríkur - Ætiþistlar & spínat - Avocado - Balsamic & laukur - Hvítlaukur - Sólþurrkaðarir tómatar & basil - Sriracha







Nýjungar




Nýtt í Hagkaup

4.299 kr/stk




## GO FIGURE SHAKE

Inniheldur MTC brennsluolíur, Kojamannan úr Kojac rót, Omega, vítamín og steinefni. Án viðbætts sykurs. Veitir góða fyllingu og kemur stöðugleika á blóðsykurinn.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




## NOW FÆÐUBÓTAREFNI

Vítamín, olíur og Amínósýrur.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




## AMÍNO VÍTAMÍN

100 %: Eykur úthald og orku.
Létt: Auðveldar þyngdarstjórnun.
Liðir: Liðkandi blanda.

1.998 kr/stk
verð áður 2.699




## NUTRAMINO PRÓTEIN

5 bragðgóðar tegundir.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




## PROTEINOS MORGUNKORN

Honey & Nut og Cinnamon & Vanilla.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




## BAREBELLS PRÓTEIN BÚÐINGUR

Creamy Vanilla, Strawberry Supreme og Double Chocolate.

Gildir til 17. september á meðan birgðir endast.

# RUDE HEALTH

Lífrænar vörur án viðbætts sykurs.

Vörurnar frá Rude Health samanstanda af hreinum náttúrulegum efnum og eru lausar við allan unnin sykur og erfðabreytt matvæli. Heiti varanna tengist gömlu ensku máltæki sem merkir að vera hress og líta hraustlega út. Fyrir þá sem er umhugað um heilsuna er tilvalið að byrja daginn með vörum frá Rude Health, en þær samanstanda af margs konar múslí, granóla, hafragrautum og trefjaríku kexi.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa





24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg







# KJÚKLINGA-VEISLA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÚRBEINUÐ KJÚLINGALÆRI | KJÚKLINGA-LEGGIR | KJÚKLINGA-VÆNGIR | HEILL KJÚKLINGUR | KJÚKLINGA-BRINGUR |
| 1.759 kr/kg | 649 kr/kg | 297 kr/kg | 594 kr/kg | 1.698 kr/kg |
| verð áður 2.199 | verð áður 999 | verð áður 349 | verð áður 699 | verð áður 1.998 |

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## GRENADE CARB KILLA

High Protein Bar. Fudge Brownie, Dark Chocolate Mint, Cookies & Cream, Caramel Chaos og White Chocolate Cookie.

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



## BODYLAB PÖNNUKÖKUMIX

Toppaðu með Proteinella.

VEGAN

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## MAMMA CHIA SKVÍSUR

Ríkar af Omega 3, próteini og trefjum. Fljótlegt og hollt.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



## FLORADIX

Fljótandi magnesium, fljótandi járn og vítamín.

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



## HYDROXICUT FAT BURNER

Hámarkaðu fitbrennsluna.

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



## BARRACUDOS

Próteinbætt vítamín vatn.





550 kr/kg
verð áður 1.099





TILBOÐ 50% afsláttur á kassa

## Poussin ungkjúklingur

**Poussin** er ný og spennandi vara á íslenskum markaði en aðferðin er vel þekkt hjá sælkerum í Evrópu og Ameríku. Kjúklingurinn er yngri en við eigum að venjast, kjötið mýkra og safaríkara og losnar vel frá beinum.

**Mikilvægt er að elda fuglinn í steikingarpokanum**. Mylar Cook steikingar- pokar eru vinsæl og viðurkennd gæðavara sem mikið er notuð af mat- reiðslufólki um allan heim. Við ákveðið hitastig opnast pokinn á hliðunum og kjötið byrjar að brúnast. Í hverjum poka er hálfur kjúklingur – fullkomin sælkeramáltíð fyrir einn.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Allir tapa



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Alþingi kemur saman næstkomandi þriðjudag. Útlit er fyrir að deilur á vinnumarkaði kunni að setja mark sitt á þingveturinn. Samtök opinberra starfsmanna og viðsemjendur þeirra munu ríða á vaðið en kjarasamningar við háskólamenn og framhaldsskólakennara eru meðal annars lausir í haust. Sá tónn sem heyrist úr þeirri átt gefur ekki fyrirheit um að þar verði horft til þess að semja um hóflegar launahækkanir. Mikilvægt er að samninganefnd ríkisins standi fast gegn öllum launakröfum sem munu ógna stöðugleika á vinnumarkaði. Miklar launahækkanir til handa opinberum starfsmönnum, sem engin innistæða er fyrir, mun óhjákvæmilega þýða að kjarasamningum á almennum markaði verður sagt upp í febrúar 2018.

Öllum á að vera ljóst hvert er markmið komandi kjaralotu. Svigrúm fyrir miklar launahækkanir er ekki fyrir hendi – hvorki af hálfu hins opinbera né atvinnurekenda – enda hefur raungengi launa hækkað um fjörutíu prósent á aðeins tveimur árum. Mestu máli skiptir að verja þá miklu kaupmáttaraukningu sem hefur áunnist. Þrátt fyrir mikinn efnahagsuppgang og tugprósenta launahækkanir, sem um var samið á vinnumarkaði 2015, hefur verðbólga haldist lág um langt skeið. Sagan kennir okkur hins vegar að það er hægur leikur að glutra niður góðri efnahagsstöðu.

Það er því mikið undir. Skynsamlegir kjarasamningar, sem taka mið af stöðu þjóðarbúsins, eru forsenda þess að vextir lækki en forsvarsmenn verkalýðsfélaga kvarta iðulega sáran undan háum vöxtum Seðlabankans. Sumt í þeirri gagnrýni er réttmætt, annað ekki. Þar verður hins vegar að fara saman hljóð og mynd. Þeir hinir sömu og vilja bera saman vexti á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum líta sjaldnast til þess hvað veldur því að vextir eru lægri í nágrannaríkjum okkar. Launaþróun í samræmi við framleiðniaukningu, stöðugleiki á vinnumarkaði og ábyrgur ríkisrekstur ráða hvað mestu um að raunvextir þar eru lægri en við sjáum á Íslandi. Það er nefnilega ekki bæði hægt að eiga kökuna og borða hana. Þetta á ekki að þarfnast útskýringa. Takist að tryggja frið á íslenskum vinnumarkaði og reka ríkissjóð með myndarlegum afgangi – helst meiri en fjármálaáætlun gerir ráð fyrir – eru líkur á því að Seðlabankinn geti haldið áfram að lækka vexti á komandi misserum. Fyrir íslensk heimili myndi fátt hafa meiri kjarabætur í för með sér.

> **Þeir hinir sömu og vilja bera saman vexti á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum líta sjaldnast til þess hvað veldur því að vextir eru lægri í nágrannaríkjum okkar.**

Vinnumarkaðurinn starfar ekki í tómarúmi. Útflutningsgreinar landsins eru í aðþrengdri stöðu eftir linnulausa gengisstyrkingu og miklar nafnlaunahækkanir. Þjóðarbúið getur því ekki staðið undir annarri launahækkunarlotu. Að öðrum kosti munu lögmál hagfræðinnar taka við, eins og forsætisráðherra hefur bent á, með kunnuglegum afleiðingum úr íslenskri hagsögu. Verðbólga eykst með tilheyrandi hækkun verðtryggðra skulda, samkeppnishæfni atvinnulífsins versnar og gengi krónunnar lækkar. Niðurstaðan er að lokum kaupmáttarskerðing hjá almennu launafólki. Allir munu tapa.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Kannski í pólitík**

**Tíðindin af því að Björn Ingi Hrafnsson hefði selt stóran hluta af fjölmiðlum sem heyrðu undir Pressuna ehf. þurftu ekki að endilega að koma á óvart. Björn Ingi hefur haft mörg járn í eldinum síðustu ár. Upp á síðkastið hefur sá orðrómur síðan orðið enn háværari að hann stefndi á endurkomu í borgarpólitíkina og myndi þá líklegast bjóða sig fram fyrir Framsóknarflokkinn. Þá er nú líklegast heppilegt að oddviti flokksins fyrir síðustu kosningar er á bak og burt og er nú óháður borgarfulltrúi.**

**Skrautleg leit**

**Leit Framsóknarflokksins að oddvita lista fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var skrautleg. Fyrst var horft til Óskars Bergssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa, en hann hafði öðrum hnöppum að hneppa. Þá var leitað til Guðna Ágústssonar, fyrrverandi ráðherra, en hann var kominn með nóg af þátttöku í pólitík og sagði líka þvert nei. Þá skaut Sveinbjörg Birna upp kollinum, náði reyndar ágætis árangri í kosningum en hrökklaðist í burtu sem fyrr segir. Það ætti því að vera auðsótt fyrir gamlan forystumann í flokknum að komast í oddvitastöðu á listanum. Leiðin þaðan inn í borgarstjórn gæti hins vegar orðið torsóttari eins og nýleg könnun Fréttablaðsins bendir til. jonhakon@frettabladid.is**

# Hættum að mismuna fólki með geðsjúkdóma!



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir
þingmaður Pírata

Alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga er 10. september næstkomandi. Dagurinn er mikilvæg áminning þess að róa þarf öllum árum að því að taka á rótum þessa alvarlega vanda. Að mínu mati er hluti vandans úrelt lagaumhverfi sem mismunar fólki með geðsjúkdóma og dregur mögulega úr vilja þess til þess að leita sér aðstoðar.

Þrátt fyrir ítrekaðar átölur Evrópunefndar gegn pyntingum (CPT-nefndin) gagnvart íslenskum yfirvöldum er fólki með geðsjúkdóma enn mismunað í lögum landsins á margvíslegan hátt. Lögræðislög heimila t.d. nauðungarvistun einstaklinga á þeim grunni að: „[...] hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé [...].“ CPT-nefndin hefur réttilega bent á, að það að einstaklingur sé metinn með geðsjúkdóm er ekki lögmæt ástæða til frelsissviptingar.

Þá veita lögræðislögin allt of rúmar heimildir til þvingaðrar meðferðar nauðungarvistaðra einstaklinga. Þó hefur CPT-nefndin ítrekað að slíkt lagaumhverfi auki hættuna á pyntingum og annarri vanvirðandi og ómannúðlegri meðferð á nauðungarvistuðum. Eins sé ekki réttlætanlegt að skerða sjálfsákvörðunarrétt geðsjúkra um eigin meðferð með jafn rúmum hætti og raun ber vitni.

Þessi úr sér gengnu lög eru ekki til þess fallin að auka traust þeirra sem fyrir þeim verða vegna alvarlegra andlegra veikinda á réttarkerfinu. Þau lýsa því viðhorfi að fólk með andleg veikindi missi þar með sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin líkama og lífi. Þau valda því eflaust að færri leita sér hjálpar við alvarlegum veikindum en ella vegna vantrausts á heilbrigðis- og réttarkerfinu.

> **Fólk með geðsjúkdóma á að njóta sömu mannréttinda og aðrir en gerir það ekki á Íslandi í dag.**

Ótti við að missa sjálfsákvörðunarréttinn, að sæta frelsissviptingu og/eða þvingaðri meðferð að ósekju er raunsær og skiljanlegur í tilfelli geðsjúkra sem leita sér hjálpar. Fólk með geðsjúkdóma á að njóta sömu mannréttinda og aðrir en gerir það ekki á Íslandi í dag. Það er óásættanlegt og má ekki standa í vegi fyrir því að fólk með geðsjúkdóma leiti sér hjálpar þegar á þarf að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lambalæri eru tækifæri

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ein fyrsta viðskiptahugmynd barna er gjarnan sú að selja foreldrum sínum teikningar, útklippur úr blöðum, ýmiss konar afurðir úr straujuðum plastperlum eða jafnvel fallega steina sem finnast á skólalóðum. Í heimi viðskiptafræðinnar þætti þetta „viðskiptalíkan“ að mörgu leyti skothelt fyrir börnin en að sama skapi nokkuð óhagkvæmt fyrir neytandann.

Í flestum tilvikum stendur kaupandinn sjálfur allan straum af efniskostnaði við framleiðsluna og börnin eru þar að auki að jafnaði ekki mjög upptekin af því að fara sparlega með framleiðslutækin. Við þetta bætist að neytendum er algjörlega óheimilt að gera minnstu athugasemdir við gæði afurðanna, ellegar er hætt við að kostnaður við áratugalangar sálfræðimeðferðir bætist ofan á kaupverðið.

**100% gróði**

Á móti kemur að verðlagningin er gjarnan frekar vanþróuð. Ég þekki til dæmis til fimm ára stúlku sem nýlega tók upp á því að reyna að selja foreldrum sínum ýmiss konar teikningar. Í fyrstu dugði foreldrunum að draga fram kreditkort og „borga“ þannig uppsett verð. Stúlkan áttaði sig fljótlega á því að það væri betra fyrir hana að skrúfa algjörlega fyrir kortaviðskiptin en heimta í staðinn greiðslu í beinhörðum peningum. Verðlagningin er býsna reikul. Stundum eru myndirnar seldar á „einn pening“ eða „tvo peninga.“ Það nýjasta er að rukka um „pening með fimm“ eða peninga „með tíu“ og þar fram eftir götunum. Það skiptir reyndar ekki máli fyrir þennan viðskiptafrömuð í hvaða gjaldmiðli greiðslan er innt af hendi—allt er þetta 100% gróði.

En lífið í verslun og viðskiptum getur verið flókið þegar eftirspurn og framboð neita að mætast. Seljendur þurfa að gæta ákveðins hófs í verðlagningu til þess að tryggja að þeir festist ekki með lager af vörum sem enginn lítur við. Þá er stundum boðið sérstakt tilboð þar sem margar myndir eru boðnar á verði einnar.

Augljósasta viðbragðið þegar framboð er meira en eftirspurn er nefnilega að lækka verðið.

Íslenska kjötfjallið er ákaflega myndrænt dæmi um það þegar eftirspurn og framboð neita að mætast. Nú er talað um að þrettán hundruð tonn af íslensku lambakjöti standi óseld í stöflum, öllum til ama og engum til gagns. Vegna þess sem kallað er „offramleiðsla“ hefur verð til sauðfjárbænda snarlækkað og ríkisvaldið bregst við með því að gera tilraunir til þess að draga úr framleiðslunni, gera framleiðsluna ódýrari og lokka menn út úr atvinnugreininni.

Semsagt: Hágæða og heilnæm vara sem framleidd er í landi sem annálað er fyrir hreint umhverfi situr föst í frystigeymslum og keppst er við að koma henni út á sem lægstu verði til þess að gera hana „samkeppnishæfa“. Á sama tíma er í gangi alþjóðleg vakning um skaðlegar aukaverkanir í verksmiðjuframleiðslu nauta- og svínakjöts. Neytendur víðast um heim kaupa því kjöt af skepnum sem standa á básum í mörg hundruð metra löngum röðum á eyðilegum ökrum við hliðina á hraðbrautum; en fáir virðast líta við íslenska lambinu sem sprangar sumarlangt í frísklegu frelsi um íslensk fjöll og dali. Það er eitthvað bogið við þetta.

Þegar unga stúlkan með myndirnar hafði áttað sig á að vel gekk að selja myndirnar fyrir „einn pening“ eða „fimm kall“ leið ekki á löngu þar til hún fór að gera frekari tilraunir með verðlagninguna. Á hagfræðimáli þá langaði hana til þess átta sig betur á „verðteygni“ vörunnar. Eftir að hafa mótþróalaust hækkað verðið upp í 10 krónur ákvað hún að taka stórt stökk. Næst heimtaði hún hundrað kall fyrir myndina. Þetta fannst viðskiptavinum hennar vera heldur langt gengið og upphófust því samningaviðræður. Fyrsta boð kaupandans var að borga tuttugu krónur. Því var hafnað. Fimmtíu króna tilboði var líka hafnað. Verðið var algjörlega óhagganlegt, en þegar ungi viðskiptafrömuðurinn komst að því að ekkert yrði úr kaupunum á þessum kjörum þá hugsaði hún sig um stutta stund og sagði svo: „En ef ég geri myndina flottari? Viltu þá kaupa hana á hundrað krónur?“

Næstaugljósasta viðbragðið þegar framboð er meira en eftirspurn er nefnilega að auka gæðin.

Það hljóta að vera gríðarlega mikil tækifæri í íslenskri lambakjötsframleiðslu. Það er hins vegar ljóst að vegna eðlis starfseminnar þá er ekki hægt að herma eftir því hvernig risastór alþjóðleg matvælaframleiðslufyrirtæki haga framleiðslunni. Lambakjötið þarf að selja á allt öðrum forsendum en nauta- og svínakjöt úr daunillum verksmiðjum og ætti í raun ekki að vera borið saman við þá vöru. Íslenska lambakjötið ætti að vera langdýrasta kjötvaran í þeim verslunum þar sem hún fæst—jafnvel mörgum sinnum dýrari heldur en aðrar kjötafurðir.

Þegar framboð og eftirspurn mætast ekki þá eru til fleiri svör en að draga úr framleiðslu eða lækka verð. Stundum er líka hægt að „gera myndina flottari“, auka verðmætin og gera vöruna meira aðlaðandi—jafnvel á miklu hærra verði. Þess vegna ætti bara að vera tímaspursmál hvenær íslenskum sauðfjárbændum auðnast að gera sína hágæðavöru að fokdýrum lúxus á alþjóðlegum markaði og líklega er það helsta sem stendur í vegi fyrir því of mikil miðstýring og sífelldar björgunaraðgerðir stjórnvalda.


Sölu-
sýning

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

## Á morgun, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Þar gefst tækifæri til að skoða það nýjasta sem við bjóðum. Meðal annars nýtt þvottakerfi sem kallast **sensoFresh** frá Siemens. Með hjálp sensoFresh-kerfisins og „active oxygen"-tækninnar má fjarlægja lykt á skömmum tíma. Án þess að þvo með vatni og sápu. Gildir jafnvel um viðkvæman fatnað sem þolir ekki að fara í þvottavél.

Svo má nefna Siemens og Bosch uppþvottavélarnar okkar með Zeolith®-þurrkuninni sem þvo og þurrka einstaklega vel og fá ítrekað hæstu einkunn í prófunum í Skandinavíu.

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins**.

Veittur verður afsláttur af öllum vörum sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.
Komið og njótið dagsins með okkur!




Skoðaðu nýja Tækifærisbæklinginn okkar!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# Opið bréf til yfirvalda í velferðarmálum




**Eyjólfur Magnússon Scheving,**
stofnandi Handarinnar

**Garðar Baldvinsson,**
ritari Handarinnar

**Á þessu ári var styrkur velferðarráðherra til dæmis lækkaður úr tveimur milljónum í eina milljón. Þrátt fyrir umleitun félagsins hafa ekki fengist nein svör frá ráðherra eða ráðuneyti til skýringar á þessari lækkun. Fari svo að framlagið hækki ekki á næsta ári er stór hætta á að starfsemi Handarinnar leggist af og tugir skjólstæðinga verði þá aftur úti á guði og gaddinum.**

Höndin hefur frá fyrstu tíð haft það að meginmarkmiði sínu að hafa sem minnsta yfirbyggingu – og meginhugsunin er að fara til fólksins og gera heimilið að miðstöð hjálparstarfsins. Höndin mannræktarsamtök hefur núna starfað á þessum grundvelli í tólf ár. Hugmyndafræði Handarinnar byggir á aðstoð við lítilmagnann í samfélaginu. Höndin fer til skjólstæðinga sinna og aðstoðar þá, eins konar heimaþjónusta. Margir skjólstæðingar Handarinnar búa einnig úti á landi, á Árborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og jafnvel í Stykkishólmi.

Stór hluti af starfi Handarinnar er líka viðtalsþjónusta, bæði er skjólstæðingum boðið heim til formanns félagsins og líka eru viðtöl heima hjá þeim. Enn fremur er snar þáttur í starfinu að ræða við fólk í síma, meðal annars til að fylgja eftir aðstoðinni sem veitt er úti á vettvangi en líka til að fylgjast með hvernig skjólstæðingunum gengur að fóta sig í lífinu á nýjan leik.

Þessi hugmyndafræði um að fara með þjónustuna út til fólksins þar sem þörfin er mest er ekki uppfinning Handarinnar en því miður hefur samfélagið færst æ meira frá slíkri þjónustu. Þess vegna er það okkur ánægjuefni að Landspítalinn er nú að hefjast handa um að færa hluta af sinni þjónustu út til fólksins, að fara heim til fólks og veita því þjónustu og aðstoð að einhverju leyti þar, enda betra og ódýrara fyrir samfélagið og alla.

### Styrkurinn lækkaður

Eins og gefur að skilja fylgja þessu starfi veruleg útgjöld. Höndin hefur fengið framlög frá opinberum aðilum, meðal annars Reykjavíkurborg sem og fyrirtækjum og einstaklingum og erum við þakklát öllum þessum góðu aðilum. Stærstu styrkirnir hafa ennfremur komið frá Alþingi þangað til minni styrkir voru færðir til ráðherra árið 2009. Hafa framlög til Handarinnar farið hríðlækkandi síðustu ár. Á þessu ári var styrkur velferðarráðherra til dæmis lækkaður úr tveimur milljónum í eina milljón. Þrátt fyrir umleitun félagsins hafa ekki fengist nein svör frá ráðherra eða ráðuneyti til skýringar á þessari lækkun. Fari svo að framlagið hækki ekki á næsta ári er stór hætta á að starfsemi Handarinnar leggist af og tugir skjólstæðinga verði þá aftur úti á guði og gaddinum.

Höndin hefur ekki fólk á launum við að sinna þjónustunni sem hún veitir. Sum félög fá einnig og jafnframt stór framlög frá hinu opinbera annars staðar frá til að standa straum af launum starfsmanna og húsaleigu, jafnvel til margra verkefna í senn, en ekki er hægt að fá nánari upplýsingar um slíkt þrátt fyrir eftirgrennslan, þótt stjórnsýslan eigi að vera bæði opin og gagnsæ núorðið.

Það er auðvitað kraftaverki líkast að Höndin skuli hafa haldið úti starfsemi sinni í tólf ár með þessum litlu fjármunum sem hún hefur haft yfir að ráða. Ráðdeild forráðamanna félagsins hefur verið með eindæmum. Þess vegna er enn furðulegra að stjórnvöld skuli nú á þessu ári skerða framlög til starfs Handarinnar um helming og stefna þessari mikilvægu aðstoð við lítilmagna samfélagsins þannig í voða.




# Umræða um Hvalárvirkjun á villigötum



**Tómas Guðbjartsson,**
skurðlæknir, prófessor og náttúruverndarsinni



Hvalárfoss í miðnætursól.

Undanfarið hefur fyrirhuguð Hvalárvirkjun á Ströndum verið mikið til umræðu, ekki síst eftir að við Ólafur Már Björnsson augnlæknir ákváðum að birta myndir á Facebook af fossum sem verða undir verði virkjunin að veruleika. Átakið köllum við #fossadagatal á Ströndum undir formerkjum #LifiNatturan, en við ráðgerum að birta myndir af einum fossi á dag í 30 daga.

Með þessu viljum við kynna fyrir almenningi, ráðamönnum og þeim sem koma að þessari umdeildu framkvæmd hvað er í húfi. Og það gerum við á forsendum náttúrunnar. Ástæðan er sú að okkur hefur fundist skorta mjög á upplýsingagjöf um framkvæmdina og við teljum að náttúran á þessu stórkostlega svæði hafi ekki fengið að njóta vafans. Við erum ekki aðeins að beina spjótum okkar að framkvæmdaaðilum virkjunarinnar, HS Orku og Vesturverki, heldur ekki síður þeim sem veitt hafa virkjuninni brautargengi í Rammaáætlun og sveitarstjórn Árneshrepps.

Einnig truflar okkur að eigandi Eyvindarfjarðarár sé ítalskur huldubarón sem selt hefur vatnsréttindi sín til kanadísks milljarðamærings, Ross Beaty, sem er eigandi 68% hlutar í HS Orku – fyrirtæki sem síðan á 70% í Vesturverki, framkvæmdaaðila virkjunarinnar. Því er vandséð að íslenskir eða vestfirskir hagsmunir séu í forgangi.

**Einnig truflar okkur að eigandi Eyvindarfjarðarár sé ítalskur huldubarón sem selt hefur vatnsréttindi sín til kanadísks milljarðamærings, Ross Beaty, sem er eigandi 68% hlutar í HS Orku – fyrirtæki sem síðan á 70% í Vesturverki, framkvæmdaaðila virkjunarinnar. Því er vandséð að íslenskir eða vestfirskir hagsmunir séu í forgangi.**

### Ófrægingarherferð hagsmunaaðila

Það er ekkert launungarmál að við vildum ná athygli með fossadagatalinu – átaki sem við kostum að öllu leyti sjálfir. Það gleður okkur hversu margir hafa sýnt því áhuga. En því miður fylgir oft böggull skammrifi – því að umræðan um fossadagatalið, og þá sérstaklega á Vestfjörðum, hefur algjörlega snúist á hvolf og fókusinn frekar snúist um mig, starf mitt og persónu heldur en málefnið.

Þannig er fullyrt á samfélagsmiðlum að ég sé „lattelepjandi íbúi í 101 Reykjavík“ og „óvinur Vestfjarða“ sem ekki ætti að „skipta mér af framtíð landshluta sem mér komi ekki við“. Í þessu samhengi vil ég minna á að faðir minn er fæddur á Vestfjörðum, þar búa mörg ættmenni mín og þarna hef ég starfað sem læknir, bæði sumur og vetur.

Öllu langsóttara er þó að færni mín sem skurðlæknis eða skortur á henni sé tengd þessari umræðu eða sett spurningarmerki við kynhneigð mína eins og hún komi þessu máli við. Fyrrverandi alþingismenn og ritstjórar segja okkur Ólaf með „uppblásið egó“ og formaður bæjarráðs Ísafjarðar hrindir af stað herferð þar sem ég er sakaður um að vera „mikilvægari en aðrir“, „tali niður Vestfirði og Vestfirðinga“, og segi þá „umhverfissóða“.

Ekki kannast ég við þessi ummæli en stend við það sem ég hef sagt oftsinnis áður að ég telji að sumir Vestfirðingar hafi látið glepjast af fagurgala HS Orku um ávinning og arðbærni Hvalárvirkjunar. Ég er sem Íslendingur í fullum rétti til að halda fram þeirri skoðun. Ofangreind ummæli dæma sig sjálf. Engu að síður er undarlegt að einstaklingar í ráðandi stöðum skuli taka umræðuna á jafn lágt plan. Sama á við um suma starfsmenn HS Orku og Flokk mannsins.

### Umræða á lágu plani

Það skal tekið skýrt fram að ég er ekki að kveinka mér undan umræðunni, enda oftsinnis tekist á um erfið málefni í fjölmiðlum, t.d. um Landspítala og fjármögnun íslenska heilbrigðiskerfisins. En ég er ekki tilbúinn til að kyngja því að umræðan á Íslandi sé komin á þetta lágt plan – enda verður það til þess að landsmenn veigra sér við að tjá sig um mikilvæg álitaefni. Ég tel mig í fullum rétti að hafa skoðun á því hvernig farið er með landið okkar, sérstaklega þegar ósnortin náttúra á í hlut. Sem skurðlæknir á suðvesturhorninu sinni ég vandamálum Vestfirðinga, líkt og annarra landsmanna, og vil minna á að ég hef oftsinnis áður staðið í mótmælum gegn náttúruspjöllum í öðrum landshlutum en Vestfjörðum, t.d. í Landmannalaugum og á miðhálendinu.

### Komandi kynslóðir eiga líka rétt á ósnortinni náttúru

Að úthrópa mig „óvin Vestfjarða“ er taktík hagsmunaaðila til að drepa umræðunni á dreif og forðast aðalatriði. Við Ólafur værum varla að eyða sumarleyfum okkar í fossadagatalið ef ekki væri fyrir umhyggju okkar fyrir víðernum Vestfjarða. Þar höfum við ferðast um firði, fjöll og firnindi og sennilega er ekkert annað svæði á Íslandi sem stendur mér nær hjarta. Við höfum heldur engra hagsmuna að gæta annarra en íslenskrar náttúru og ófæddra Íslendinga.

# Fögnum þeim sem þora!



**Guðrún Tinna Ólafsdóttir**
viðskiptafræðingur

Frá árinu 2010 hefur árlegur fjöldi nýskráðra fyrirtækja hér á landi vaxið úr 1.600 í 2.600. Á bak við nýtt fyrirtæki er frumkvöðull með hugmynd og framtíðarsýn. Fyrir hann er stóra verkefnið næstu árin að byggja upp jákvæð tengsl við fjölda aðila, jafnt bein viðskiptatengsl og hugrenningatengsl sem kalla má ímynd. Úr þessum tengslum er markmiðið að búa til heildstætt vörumerki sem heldur áfram að þroskast og dafna.

Hvort sem fyrirtækið er byggt á hæfileikum eins manns til að veita öðrum tiltekna þjónustu eða er ætlað að sigra heiminn með nýstárlegri vöru, þá er áskorunin ávallt hin sama – að byggja upp vörumerki í vitund viðskiptavina, samstarfsaðila og fjárfesta þar sem gagnkvæmt traust ríkir. Því traust skiptir lykilmáli við val á vörumerki og við hverja við eigum viðskipti.

Sérstaða vörumerkisins, saga þess, þarf að vera áhugaverð og vel skilgreind fyrir markhópinn og það fjármagn sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Hvernig er hægt að hámarka nýtingu fjármagns og tíma til að byggja upp fyrirtæki með sterka innviði og mannauð, sem á í uppbyggilegu og virku gagnkvæmu samtali við samstarfsaðila á réttum viðskiptasvæðum, með vel skilgreindar sölu-, markaðs- og flutningsleiðir að teknu tilliti til framlegðar án þess að fara af leið? Á hverjum degi standa þessi nýju fyrirtæki frammi fyrir þessari spurningu.

### Sterkir hluthafar mikilvægir

Það er mjög mikilvægt fyrir lítið fyrirtæki að hafa sterka hluthafa með sameiginlega sýn og þekkingu á því sviði sem fyrirtækið starfar til að ná þessum árangri. En ekki síður að fjárfestarnir standi þétt við bakið á starfsfólkinu við að taka öll litlu og flóknu skrefin sem liggja að baki því að byggja upp heildstætt vörumerki. Því skiptir lykilmáli rétt samsetning hluthafa og fyrirtækja. Þekking íslenskra fjárfesta og áhugi á að byggja upp sprotafyrirtæki hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum. Því ber að fagna. Án áhættufjármagns og þekkingar á sprotaumhverfi myndu mörg þessara fyrirtækja enn vera hugmynd á borði frumkvöðulsins.

Einna mikilvægast er þó að fyrirtækið sjálft og einstaklingarnir á bak við það hafi trú á sjálfum sér og vörumerkinu, læri stöðugt af þeim mistökum sem þeir munu gera og einkum að þeir fagni litlu sigrunum á þeirri leið að búa til arðsamt fyrirtæki, hvort sem því er ætlað smátt eða risastórt hlutverk.

Á bak við hvert og eitt þessara fyrirtækja og vörumerkja eru frumkvöðlar, stjórnendur, starfsmenn og fjárfestar. Allir eru að taka áhættu, faglega og fjárhagslega. Flestir eru að búa til verðmæti. Að fá hugmynd, stofna fyrirtæki á bak við hugmyndina, byggja upp vel skilgreint vörumerki og í kjölfarið búa til verðmæti krefst hugrekkis, tíma, eldmóðs, áræðni og fjármagns. Fögnum því þeim sem þora!

ILVA



35% AF NORDIC SM16

**Nordic sm16-borðstofuborð.** Borðstofuborð með framlengingum. Hvít laminat borðplata, olíubornir eikarfætur. 100 x 224 cm. 264.900 kr. Nú 169.900 kr.



50%

**Polo-hægindastóll.** Brúnt áklæði með dökkbrúnum hnöppum. 109.900 kr. Nú 49.900 kr. Einnig til með gráu áklæði.

# RÝMINGARSÖLUNNI
## LÝKUR Á SUNNUDAG



50%

**Dana-stóll.** Svört eða hvít seta, eikarfætur. 19.900 kr. Nú 9.950 kr.



40%

**Jila-stóll.** Hvít seta, eikarfætur. 14.900 kr. Nú 8.900 kr.



40%

**Moon ny-stóll.** Grá seta, eikarfætur. 17.900 kr. Nú 9.900 kr.



2 fyrir 1 AF ÖLLUM HANDKLÆÐUM



40%

**Moon-skrifborðsstóll junior.** Hvítur, grár eða svartur. 9.900 kr. Nú 5.900 kr.



30%

**Bridgeport-borð.** Hvítur eða svartur marmari. Ø45 cm. 19.900 kr. Nú 13.900 kr. Ø65 cm. 34.900 kr. Nú 23.900 kr.



2 fyrir 1 AF ÖLLUM RÚMFÖTUM



30-50% AF ÖLLUM MOTTUM

**Visible-motta.** 200x300 cm. Ýmsir litir. 79.900 kr. Nú 39.950 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shoponline

# Massatúrismi eða næsta Marel?



**Andri Heiðar Kristinsson**
forstjóri Travelade



Ferðaþjónustan stendur á mikilvægum krossgötum. Undanfarin ár höfum við farið aðeins of geyst eins og í mörgu sem við Íslendingar tökum okkur fyrir hendur. Af því leiðir að næstu misseri munu ráða úrslitum um hvort við föllum fram fyrir okkur á hlaupunum – eins og raunin varð í fjármálageiranum – eða hvort við byggjum upp sjálfbæra atvinnugrein í fremstu röð í heiminum eins og okkur tókst í sjávarútveginum. Við þekkjum þaðan að mokveiði án ábyrgðar er vitanlega ekki forsenda vaxtar heldur er skynsamlegra að auka verðmætasköpun með ábyrgum rekstri, betri nýtingu og meiri gæðum.

**Heilbrigðar breytingar**

Teikn eru á lofti um að heilbrigðar breytingar séu fram undan í ferðaþjónustunni. Nú þegar er farið að hægjast á ævintýralegum vexti síðustu ára og fyrirtæki farin að sameinast, svo fátt eitt sé nefnt. Fram undan eru tímar frekari hagræðingar og fjárfestinga í lausnum sem dreifa fólki betur um landið, bæta nýtingu og auka skilvirkni til að gera atvinnugreinina sjálfbærari en hún er í dag. Þar mun tækniþróun leika mikilvægt hlutverk.

> **Nú ríður á að velja rétta leið á þeim krossgötum sem við stöndum á og þróa hér sjálfbæra og arðbæra ferðaþjónustu sem byggir ekki á offorsi og skyndigróða heldur hugviti og gæðum.**

Fyrir nokkrum áratugum varð til lítill sproti sem kallast Marel og varð síðar leiðandi í heiminum í tækniþróun til að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi. Við stöndum í dag frammi fyrir sambærilegu tækifæri í ferðaþjónustunni. Við getum annaðhvort haldið áfram að vaxa of hratt með tilheyrandi massatúrisma og samkeppni um lágt verð í stað gæða, eða við getum vaxið á skynsamlegri hátt með því að efla hágæða ferðaþjónustu. Í leiðinni getum við tekið forystu í ferðatengdri tækni á heimsvísu.

**Gervigreind**

Ein leið til að efla ferðaþjónustuna er að leysa það vandamál sem endurspeglast í því að flestum ferðamönnum er í dag steypt í sama farið þegar kemur að afþreyingu þrátt fyrir að við höfum öll okkar persónulega smekk fyrir því sem við viljum gera á ferðalögum – sambærilegt við að ekki hafa allir sama smekk fyrir tónlist og kvikmyndum. Leiðandi fyrirtæki á sínu sviði á borð við Spotify og Netflix hafa áttað sig á þessu og nota þau blöndu af fjölbreyttum handvöldum listum og gervigreind til að sníða lausnir sínar persónulega að hverjum notanda í stað þess að mæla með því sama við alla. Þar sem íslenskir ferðaþjónustuaðilar eru nú þegar margir hverjir tæknivæddari en víða erlendis er hér ákveðið tækifæri að myndast til að verða á undan öðrum löndum í þróun slíkra lausna.

**Betri verðstýring**

Önnur leið til að auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu er sú gamalreynda aðferð að besta verðið sjálfvirkt út frá framboði og eftirspurn. Þetta hafa flugfélög gert í áraraðir með góðum árangri og er í raun ótrúlegt að enn sé þetta ekki gert svo nokkru nemi í sölu á afþreyingu og dagsferðum til ferðamanna. Með því að sameinast um að gera þetta á skilvirkan hátt mætti bæta sætanýtingu í styttri ferðum til muna og hækka tekjur ferðaþjónustuaðila með lágmarks tilkostnaði.

**Sjálfbær og arðbær ferðaþjónusta**

Það er deginum ljósara að ferðaþjónustan sem atvinnugrein er komin til að vera og spurningin því einungis hvort hún muni blómstra áfram eða byrja að fölna. Það er í höndum okkar allra sem að henni koma að vinna saman að því að stýra þróuninni í rétta átt, en til þess að svo megi verða þurfa fjölmargir þættir að smella saman. Tækniþróun eða snjöll markaðssetning einkafyrirtækja mun til að mynda ekki hafa erindi sem erfiði nema á móti komi aðrir þættir á borð við hressilega fjárfestingu stjórnvalda í innviðum. Nú ríður á að velja rétta leið á þeim krossgötum sem við stöndum á og þróa hér sjálfbæra og arðbæra ferðaþjónustu sem byggir ekki á offorsi og skyndigróða heldur hugviti og gæðum.



# Jökulsárlón á Breiðamerkursandi – Jökulsárlón eftir stíflun Jökulsár



**Páll Imsland**
jarðfræðingur

Við framkvæmdir eins og lýst er í annarri grein minni af þremur um Jökulsárlón myndi eðli Jökulsárlóns breytast. Það yrði ekki lengur sjávarlón með ísöltu vatni og breytilegu hitastigi, heldur stöðuvatn sem fengi vatn sitt við bráðnun Breiðamerkurjökuls og innrennsli úr nágrenninu.

Slíkar aðgerðir myndu þegar frá líður hægja verulega á bráðnun Breiðamerkurjökuls. Bráðnun hans er hraðari en annarra jökla vegna þess mikla varma sem berst inn í lónið með sjónum á innfallinu. Sjórinn sem inn streymir er hlýr og allur varminn fer í að bræða ísinn, jökulinn og fljótandi jaka. Vatnið sem rennur út úr lóninu á útfalli er orðið kalt, komið niður undir bræðslumark íss, þ.e.a.s. niður undir 0°C.

Stíflun Jökulsár leiðir þannig til hægari bráðnunar Breiðamerkurjökuls. Við það mun skriðhraði hans fram í lónið minnka. Jakar myndu eftir það brotna framan af jöklinum í minna mæli en nú gerist og Breiðamerkurjökull myndi í raun rýrna til muna hægar en hann gerir nú.

Lagnaðarísar á lóninu yrðu mun algengari á vetrum en nú er, bæði þykkari og auk þess myndu þeir endast mun lengur. Upp úr ísnum sköguðu íströllin, innifrosnir jakar og ísbjörg. Við þetta myndi skapast önnur gerð af ævintýraheimi en sú sumarmynd sem einkennist af fljótandi borgarís.

**Breytt lífríki**

Lífríkið myndi breytast verulega. Sjávarlífheimurinn sem setur nú sterkan svip á lónið, einkum frammi við ána, með selum og síli, átu, sjófugli og sjávarfiskum mun hverfa að verulegu leyti. Námundin við hafið mun þó ráða því að ekki hverfi þetta allt. Í stað þess mun koma lífríki sem ber sterkari einkenni stöðuvatna, líklega nokkru tegundafátækari en núverandi lífheimur er. Hitastig vatnsins í stöðuvatninu yrði að jafnaði lægra en það er í sjávarlóninu og selta vatnsins mun lægri. Vatnið yrði annars konar vistkerfi.

Ferðamannaparadísin Jökulsárlón yrði ekki hin sama eftir stíflun. Aðdráttarafl staðarins hyrfi samt áreiðanlega ekki, en líklega yrðu svokallaðir ferðaþjónustuaðilar að endurskipuleggja starfsemina og leggja nýjar áherslur að minnsta kosti yfir vetrartímann. Líklega kæmu mun fleiri og meiri vetrarmöguleikar ferðamennskunnar til álita en nú er.

Í þessum þrem greinum mínum hef ég fjallað stuttlega um Jökulsárlón á Breiðamerkursandi frá ýmsum hliðum. Niðurstöður þessara greinaskrifa eru einkum þrjár:

**Það var líklega bæði óþarft og gagnslaust að friða Jökulsárlón og nágrenni og það hjálpar hvorki mannlífi nútímans eða framtíðarinnar. Það mun ekki tryggja núverandi ástand náttúrunnar á svæðinu til frambúðar og aðgang komandi kynslóða að þeirri náttúru, sem er verið að friða.**

Það var líklega bæði óþarft og gagnslaust að friða Jökulsárlón og nágrenni og það hjálpar hvorki mannlífi nútímans né framtíðarinnar. Það mun ekki tryggja núverandi ástand náttúrunnar á svæðinu til frambúðar og aðgang komandi kynslóða að þeirri náttúru, sem er verið að friða.

Jökulsárlón sem svokölluð ferðamannaparadís mun breytast við nauðsynlegar strandvarnir á svæðinu. Kannski munu þar skapast möguleikar til vetrarparadísar í ferðamennsku, möguleikar sem ekki eru nú til staðar.

Við strandvarnir munu á hinn bóginn samgöngur um Breiðamerkursand verða varanlegar og línulagnir tryggar til langrar framtíðar. Allt stefnir nú í að þetta muni hverfa innan skamms ef ekkert er að gert til að tryggja framtíð þess.

# Þarf ölmusukort til að skoða Ísland?



**Ögmundur Jónasson**
fv. alþingismaður

Það er eins gott að gleyma ekki greiðslukortinu þegar farið er með fjölskylduna að skoða „landið okkar“. Þegar kostar það fimm hundruð krónur að koma við í þjóðgarðinum á Þingvöllum, fjögur hundruð á mann að ganga á Helgafell og fjögur hundruð kostar í Kerið, sex þúsund og fimm hundruð að skoða Víðgelmi í Hallmundarhrauni og einnig sex þúsund og fimm hundruð að skoða Raufarhólshelli, helming þar af í Vatnshelli á Snæfellsnesi, sjö hundruð mun kosta að parkera við Seljalandsfoss og sex hundruð í Skaftafelli, síðan er Dettifoss að koma með inngangseyri og fleiri og fleiri.

Nú kostar líka þrjú hundruð krónur að pissa í Hörpu og fjögur hundruð og níutíu að horfa á fjallahringinn úr Perlunni. Allt fær sitt verð. Hugmyndir hafa komið fram um að rukka inn í Skálholtskirkju, til dæmis fimm hundruð krónur svo gera megi við altaristöfluna. Möguleikarnir eru óþrjótandi.

Og allir ánægðir – að sögn. Fréttablaðið sýndi okkur í sumarbyrjun dansandi erlenda ferðmenn við Kerið í Grímsnesi undir fyrirsögninni „Ferðamenn sáttir við aðgangseyri í Kerið“.

**Rukkunin er ólögmæt og jafnvel í þeim tilvikum sem heimila mætti gjaldtöku lögum samkvæmt væri arðtaka ólögmæt.**

Þar borgar hver maður fjögur hundruð krónur til „eigenda“ þessarar náttúruperlu fyrir að fá að horfa á hana. Samkvæmt íslenskum lögum er þessi gjaldtaka óheimil enda enginn samningur verið gerður við Umhverfisstofnun eins og lög gera ráð fyrir. Fréttablaðið sagði okkur einnig að í fyrra hafi Kerfélagið rukkað fyrir sjötíu milljónir og væri hagnaður þar af þrjátíu milljónir. Blaðið hafði eftir talsmanni eiganda: „Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um arðgreiðslu...“

Rukkunin er ólögmæt og jafnvel í þeim tilvikum sem heimila mætti gjaldtöku lögum samkvæmt væri arðtaka ólögmæt.

Hvernig væri að spyrja nánar út í þetta? Og hvernig væri að velta því fyrir sér hvernig það verður fyrir tekjulitla fjölskyldu að ferðast um Ísland ef fer sem horfir með rukkara á hverju horni? Nema að gefin verði út sérstök ölmusukort fyrir þá sem ella gætu aldrei notið landsins síns.

Og ef handhafar náttúruperlanna taka sitt úr vösum ferðamanna, mætti líka spyrja hve mikið verði eftir fyrir þá sem eru að selja raunverulega þjónustu.




**Inkasso-deildin**

**Keflavík - Grótta 3-0**
Jeppe Hansen, Leonard Sigurðsson, Hólmar Rúnarsson.

*Keflavík er komið upp í Pepsi-deildina þegar tvær umferðir eru eftir af Inkasso-deildinni. Grótta er hins vegar fallin niður í 2. deild eftir eins árs veru í Inkasso-deildinni.*

**Fylkir - Þróttur 3-1**
Emil Ásmundsson, Oddur Guðmundsson, Ragnar Bragi Sveinsson - Grétar Sigurðsson.

**Leiknir R. - ÍR 4-0**
Tómas Óli Garðarsson 2, Ragnar Leósson, Kolbeinn Kárason.

**Fram - Selfoss 0-0**






**Fyrirliðarnir Katrín Ásbjörnsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir með Borgunarbikarinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sumarið verður enn betra með bikartitli

**Úrslitaleikur Borgunarbikars kvenna fer fram á Laugardalsvelli á morgun en þar mætast Stjarnan og ÍBV. Liðin gerðu jafntefli í báðum leikjunum í Pepsi-deildinni. Fyrirliðarnir segjast fyrst og fremst einbeita sér að leik síns eigin liðs.**

**FÓTBOLTI** Þór/KA stendur með pálmann í höndunum í Pepsi-deild kvenna. Norðankonur eru með fimm stiga forystu þegar tvær umferðir eru eftir og fáir sem reikna með því að þær misstígi sig úr þessu. Fyrir vikið er enn meira í húfi fyrir liðin sem eru í úrslitaleik Borgunarbikarsins, Stjörnuna og ÍBV, en hann fer fram á morgun.

Bæði lið töpuðu deildarleikjum sínum í upphafi vikunnar og möguleikar liðanna á Íslandsmeistaratitlinum voru þá um leið endanlega úr sögunni. Fyrirliðar liðanna eru þó sammála um að þrátt fyrir að titillinn sé úr sögunni hafi sumarið verið ágætt og verði enn betra með bikarmeistaratitli um helgina.

„Þrátt fyrir allt var sumarið ekki vonbrigði fyrir okkur,“ sagði Katrín Ásbjörnsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar. „Við spiluðum vel í deildinni þó svo að úrslitin hafi ef til vill ekki alltaf sýnt það og þá stóðum við okkur vel úti í Króatíu. Sú ferð gerði okkur gott – að vinna þrjá leiki og fá sjálfstraust aftur,“ sagði hún og átti þar við keppni í riðli Stjörnunnar í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

Sóley Guðmundsdóttir, fyrirliði ÍBV, var sömuleiðis ánægð með sumarið. „Við vorum á svakalegum skriði fyrir EM-pásuna, sem var mjög skemmtilegt,“ segir hún en ÍBV gerði þrjú jafntefli í fyrstu þremur leikjum sínum eftir að hlé var gert á deildinni. „Það er helst sárt að sjá á eftir þeim stigum. Við hefðum gjarnan viljað fá þrjú stig í þeim leikjum.“

**Hafa gætur á Cloe**

Katrín reiknar með jöfnum leik, enda gerðu þessi lið jafntefli í bæði skiptin þegar þau mættust í deildinni í sumar.

„Þetta verður svipaður leikur og áður í sumar, reikna ég með. Við vitum að við verðum meira með boltann, enda erum við þannig lið. En þær eru góðar fram á við og nota sínar skyndisóknir vel,“ sagði Katrín.

Cloe Lacasse er, rétt eins og Katrín sjálf, einn besti sóknarmaður deildarinnar. Báðar hafa skorað þrettán mörk í sumar. „Við hugsum auðvitað fyrst og fremst um ÍBV í heild en við verðum með góðar gætur á henni. Hún má ekki komast á ferðina því þá opnast vörnin okkar og þá getur allt gerst,“ segir Katrín.

„Við þurfum fyrst og fremst að hugsa um okkar leik og nýta okkur þessa viku til að undirbúa okkur og koma klárar til leiks,“ sagði fyrirliði Garðbæinga.

**Getum unnið öll lið**

Sóley tekur í svipaðan streng og segir að Eyjakonur séu ekki mikið að hugsa um lið Stjörnunnar í aðdraganda þessa leiks.

„Við einbeitum okkur að okkar leik. Ef okkur tekst að spila vel þá ætti það að fara vel fyrir okkur,“ segir hún.

Stjarnan sló Þór/KA úr leik í bikarnum en ÍBV er eina liðið sem hefur unnið norðankonur í deildinni.

> Það væri bara fáránlega góð tilfinning. Ég get eiginlega ekki hugsað það til enda – það yrði stund sem ég myndi aldrei gleyma.
>
> Sóley Guðmundsdóttir

„Sá leikur staðfesti það sem við vissum, að við getum unnið öll lið. Það var mjög gott að hleypa Þór/KA ekki í gegnum mótið án þess að tapa og gaman að vinna þann leik. Sigurinn gefur okkur ekkert í bikarúrslitum en gaf okkur sjálfstraust og fínan meðbyr.“

**Ógleymanleg stund**

Báðar segja að það væri dýrmæt stund fyrir þær að lyfta bikarnum góða á morgun, fyrir framan stuðningsmenn sína.

„Ég hef tvisvar farið í bikarúrslit og í bæði skiptin lent í öðru sæti,“ segir Katrín. „Einu sinni með Þór/KA og einu sinni með KR. Þetta er þriðja skiptið mitt – og ég held að þetta sé þriðja skiptið hennar Gummu [Guðmundu Brynju Óladóttur] og við ætlum okkur að lyfta bikarnum í þetta skiptið.“

Það færist líka bros á Sóleyju við tilhugsunina um að lyfta bikarnum. „Það væri bara fáránlega góð tilfinning. Ég get eiginlega ekki hugsað það til enda – það yrði stund sem ég myndi aldrei gleyma.“ eirikur@365.is

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2017



**Björgvin Eggertsson fór til Svíþjóðar þar sem hann lærði að klifra í trjám og snyrta tré úr mikilli hæð. Hann mælir ekki með því fyrir loft-hrædda.**

lífsstíll →4



MYND/ANTON BRINK

# Hættir aldrei að leika sér

Mikilli vinnutörn er að ljúka hjá Sigsteini Sigurbergssyni sem í sumar hefur skemmt með Leikhópnum Lottu. Sigsteinn er þekktur fyrir skemmtilega sviðsframkomu og húmor sem stundum er pínulítið neðan beltis. →2

OptiBac probiotics

„For Women“
gegn sveppasýkingu,bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu




Fæst í apótekum og heilsubúðum

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is





Mitt aðalstarf er á heimili fyrir sex flotta stráka sem eiga það sameiginlegt að vera einhverfir. Þar hef ég starfað í tólf ár við að hjálpa þeim að fóta sig í lífinu.

MYND/ANTON BRINK

Leiklistarbakterían er meðfædd enda hef ég alltaf verið athyglissjúkur, hávær, með ADHD og allan pakkann,“ segir Sigsteinn og brosir út í annað. Kímnin í augunum er smitandi og greinilegt að gleðin er ósjaldan við völd hjá þessum hressa leikara.

Raunar var ekki augljóst að leiklistin yrði fyrir valinu hjá Sigsteini sem alinn er upp að mestu í Garðabæ. „Ég kem úr svakalegri íþróttafjölskyldu. Pabbi, Sigurbergur Sigsteinsson, var í landsliðinu bæði í handbolta og fótbolta, og ég held að hann sé sá eini fyrir utan Hemma Gunn sem hefur afrekað það. Mamma var á kafi í handbolta, Dísa systir var í landsliðinu í handbolta, Heiða systir í landsliðinu í fótbolta og Oddný systir er á kafi í fótbolta. Svo fæddist ég og allir héldu að þar væri kominn lítill Eiður Smári, en það var ekki alveg þannig,“ segir hann hlæjandi. „Ýmislegt var reynt, ég prófaði fótbolta, blak og fimleika en vann engin afrek. En fjölskyldan hefur stutt mig í því sem ég hef verið að gera og tekur mér bara eins og ég er.“

Íþróttaiðkun Sigsteins í dag takmarkast af því að eiga kort í ræktina og nota það lítið. „Maður getur alveg grennst af því,“ segir hann kankvíslega en viðurkennir þó að öðru hvoru fari hann til Gurrýjar einkaþjálfara og láti hana taka sig í gegn.

## Sjálfmenntaður í leiklistinni

Sigsteinn er ekki leiklistarskólagenginn en hefur sankað að sér reynslu úr ýmsum áttum. Tók þátt í öllu leiklistartengdu á skólaárunum, fór á fjölmörg námskeið og tók þátt í uppfærslum áhugaleikhúsa. „Ég hef haft marga flotta leiklistarkennara í gegnum árin eins og Ágústu Skúladóttur og Árna Pétur Guðjónsson.“ Raunar reyndi Sigsteinn við leiklistarskólann. „Ég komst í lokahópinn en fékk þá að vita að ég kæmist ekki inn af því ég hefði ekki stúdentspróf. Þá fór ég í fýlu og reyndi aldrei aftur.“

Sigsteinn er einn af þeim sem stofnuðu leikhópinn Lottu. „Við vorum um tíu manns sem vantaði eitthvað að gera sumarið 2007 og því stofnuðum við Lottu veturinn 2006 og ákváðum að sýna Dýrin í Hálsaskógi. Síðan varð ekki aftur snúið og nú erum við að fara að renna inn í tólfta starfsárið okkar,“ segir Sigsteinn sem segir engan hafa grunað að þetta litla leiklistarframtak yrði svo langlíft. „Við erum sjúklega glöð yfir því hvernig okkur hefur verið tekið.“

Persónur Sigsteins vekja ávallt mikla lukku, hvort sem það er Gilitrutt eða litla gula hænan. „Ég hef verið heppinn að persónurnar hafa boðið upp á að leika sér svolítið með þær. Mér hefur verið leyft að hafa dálítið frjálsar hendur til að skapa. Stundum þarf reyndar að bremsa mig af,“ segir Sigsteinn og bendir á að það sé einkennismerki sýninganna hjá Lottu að þær þróist yfir sumarið út frá því sem nýir brandarar fæðist.

## Leikurinn ekki aðalstarfið

Sumarið er annasamur tími hjá leikurum Lottu enda skipulagðir á annað hundrað viðburðir í tengslum við sýningarnar. Því er vart hugsanlegt að geta sinnt öðru starfi meðfram en Sigsteinn er raunar ekki leikari að aðalstarfi. „Mitt aðalstarf er á heimili fyrir sex flotta stráka sem eiga það sameiginlegt að vera einhverfir. Þar hef ég starfað í tólf ár við að hjálpa þeim að fóta sig í lífinu. Þarna eru skemmtilegir einstaklingar sem gefa mér ótrúlega mikið og lita líf mitt,“ útskýrir Sigsteinn en tekur fram að hann þurfi að taka sér eitthvert frí til að sinna Lottu á sumrin. „Þetta er dálítið púsluspil en mér finnst bæði störfin svo skemmtileg að ég vil engu sleppa.“




Sigsteinn og vinkona hans giftu sig í gríni í Las Vegas.



Sigsteinn í gervi hinnar óborganlegu Gilitruttar. Leikhópurinn Lotta mun eftir áramót færa sig inn í leikhús í fyrsta sinn og sýna Galdrakarlinn í Oz.

## Gifti sig í Las Vegas

Hvað með einkalífið? „Ég bý einn í litlili íbúð í Kópavogi og á hvorki börn né mann,“ svarar Sigsteinn. Spurður að því af hverju hann sé skráður giftur á Facebook verður hann glettinn á svip. „Jú, það var þannig að við fórum nokkur saman til Las Vegas og fengum okkur aðeins of marga. Við vinkona mín skelltum okkur í kapellu og giftum okkur bara. Svo hef ég ekkert pælt í þessu meira nema ég skráði okkur gift á Facebook. En ég sé ekkert eftir þessu, enda er þetta yndisleg kona sem ég er giftur. Hún býr reyndar á Akranesi,“ segir hann og skellir upp úr.

Hann segist eiga þetta til, að taka skyndiákvarðanir. „Það er til orðatiltæki sem segir að maður sé aldrei of gamall til að leika sér, en um leið og maður hætti að leika sér verði maður gamall. Ég hef ákveðið að lifa eftir þessu og hætta aldrei að leika mér,“ segir hann og bætir hugsi við: „En kannski mun ég minnka það aðeins að gera mig að fífli.“

## Í karakter í matvöruverslun

Sigsteinn segist finna nokkuð fyrir því að fólk þekki hann á förnum vegi. „Ég er stundum stoppaður og mér hrósað sem er bara mjög skemmtilegt. Svo þekkja krakkar mig og ég þarf stundum að bregða mér í karakter í matvöruversluninni þegar ég er að kaupa í kvöldmatinn,“ segir hann en finnst slíkt bara skemmtilegt.

En stefnir hugurinn á frekari afrek á leiklistarsviðinu? „Nei, Lotta fullnægir leiklistarþörfinni. Ég hef svo sem tekið að mér önnur verk. Var í Stundinni okkar í þrjú ár og við Andrea Ösp Karlsdóttir úr Lottu höfum tekið að okkur veislustjórn í fyrirtækjum og erum með flott prógramm.“

## Lotta í leikhús í vetur

Leikhópurinn Lotta hefur hingað til aðeins starfað á sumrin en nú verður breyting þar á. „Eftir áramótin ætlar Lotta í fyrsta sinn að fara inn í leikhús,“ upplýsir Sigsteinn glaður en ætlunin er að sýna í Tjarnarbíói og fleiri litlum leikhúsum um allt land. „Við ætlum að byrja á byrjuninni en fyrsta sýningin verður Galdrakarlinn í Oz þar sem leikhópurinn hefur hefur réttinn að Dýrunum í Hálsaskógi,“ segir hann en Ágústa Skúladóttir mun leikstýra hópnum.

Ætlunin er að Lotta verði með vetrarverkefni á hverju ári og taki þá leikrit Lottu í þeirri röð sem þau hafa verið sýnd frá upphafi. Allar leikgerðirnar eru til en líklega munu leikritin eitthvað þróast í meðförum leikhópsins. „Við höldum í það helsta en poppum þetta eitthvað upp. Okkur er nefnilega hjartans mál að fullorðna fólkið fái líka sinn húmor og fyrstu árin vorum við ekki eins þorin og við erum í dag.“





# Nýjar haustvörur

BITTE KAI RAND
MOS MOSH
ELINETTE
YOEK
DRANELLA
GILBRET
LEBEK
WONDERS

## LAGERSPRENGJA

# 70% afsláttur

## Lokadagar

**Föstudagur 10-18**
**Laugardagur 10-16**

**Kjólar og jakkar í úrvali**
**Stærðir 36-52**

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



# Ekki fyrir lofthrædda

Björgvin Eggertsson fór til Svíþjóðar þar sem hann lærði að klifra í trjám og snyrta tré úr mikilli hæð. Hann mælir ekki með því fyrir lofthrædda.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Trjám hefur fjölgað mikið hérlendis og þau vaxa vel, ekki síst vegna hlýnandi veðurfars. Mörg tré eru orðin það há að öll snyrting þarf að fara fram í mikilli hæð. Þetta kallar á nýjar og breyttar aðferðir við umhirðu trjáa og við þurfum að ráða við slíka vinnu á öruggan hátt. Það er ekki lengur hægt að príla upp í stiga, halda sér í tréð með annarri hendi og saga af greinar með hinni hendinni. Slíkt skapar mikla hættu og slysum af þessum völdum hefur fjölgað undanfarin ár,“ upplýsir Björgvin Eggertsson, brautarstjóri á skógar- og náttúrubraut hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Siglína til öryggis

Björgvin fór til Svíþjóðar í síðustu viku, ásamt fríðum hópi skógræktarmanna til að læra trjáklifur en það er sérstakt fag sem er vel þekkt víða um Evrópu. „Trjáklifur er mikið stundað til dæmis í Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð. Þar kallast trjáklifrarar „arboristar“ og það er mjög gaman að skoða myndbönd á YouTube og sjá hvað þeir geta gert. Við Íslendingar ásamt Dönum, Svíum og Slóvenum fengum veglegan styrk frá Erasmus+ til að ráðast í þetta verkefni sem kallast Safe Climbing. Það gengur sem sé út á að klifra í trjám og snyrta og fegra tré í mikilli hæð á sem öruggastan hátt. Við lærðum að nota siglínu og bönd til að klifra upp í tré án þess að valda okkur eða trénu skaða. Línu er kastað upp og yfir grein og svo hífum við okkur með handafli upp í sigstólum. Mikil áhersla er lögð á öryggi þannig að enginn detti niður úr mikilli hæð. Stundum er hægt að nota körfubíla til að ná til efstu trjátoppanna en það gengur ekki upp í bakgörðum eða þar sem aðgengi er slæmt.“



Björgvin vel tryggður í 20 m hæð.

> „Það er ekki lengur hægt að príla upp í stiga, halda sér í tréð með annarri hendi og saga af greinar með hinni hendinni. Slíkt skapar mikla hættu og slysum af þessum völdum hefur fjölgað undanfarin ár.
>
> Björgvin Eggertsson

## Slysum hafði fjölgað

Kveikjan að klifrinu var sú að Félag skrúðgarðyrkjumeistara hafði samband við Landbúnaðarháskólann til að kanna hvort skólinn hefði áhuga á að mennta mannskap í trjáklifri og draga um leið úr slysahættu við trjásnyrtingu. „Hluti af þeim sem fóru til Svíþjóðar mun fá réttindi til að kenna þetta hérlendis en það er brýn þörf fyrir þessa þekkingu,“ segir Björgvin, en það kom honum skemmtilega á óvart hversu mikið öryggi er fólgið í því að nota réttan búnað við trjáklifur.



Benedikt og Philip Turesson búnir að koma línum fyrir uppi í tré og gera sig klára að tengja sig við línuna og tréð.



Björgvin, Orri Freyr Finnbogason, Hannes Snorrason frá Vinnueftirlitinu, Benedikt Smárason og Bjarki Sigurðsson bregða á leik.

## Leikfimiæfingar mikilvægar

Björgvin segir að það komi strax í ljós hvort þetta eigi við fólk eða ekki. „Ef einhver finnur fyrir lofthræðslu eða treystir ekki öryggisbúnaðinum er þetta ekki fyrir viðkomandi. Það er ekki gott að frjósa uppi í tré og þurfa aðstoð við að komast niður aftur.“

Á meðal þess sem hópurinn lærði var að hnýta alls konar hnúta og gera leikfimiæfingar en það er líkamlega erfitt að klifra í trjám og krefst mikils styrks. „Þetta var fyrsti hlutinn af náminu. Núna kunnum við að klifra en notum ennþá handsagir til að snyrta tré og fjarlægja dauða kvista. Eftir ár förum við út til Slóveníu í hálfan mánuð og þá lærum við að nota keðjusagir og meira röff tæki,“ segir Björgvin brosandi en í millitíðinni verður notast við netið og fjarfundabúnað til að læra meira í þessum fræðum. „Þegar þessu Evrópuverkefni lýkur eftir tæp tvö ár verðum við komin með einstaklinga sem geta kennt öruggt trjáklifur hér á landi við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands,“ segir Björgvin að lokum.


VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblaðið um vörubíla og vinnuvélar kemur út 26. september.
Í þessu blaði geta auglýsendur keypt kynningar sem auglýsandinn vinnur með blaðamanni Fréttablaðsins eða hefðbundar auglýsingar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Systur&Makar - Parketverksmiðjan - Hljóðfærahúsið - Bíumbíum - Syrusson - Leðurverkstæðið
Vouge - Nínukot - Hárgreiðslustofa Lindu - SÍBS Verslun - Stíll - Hirzlan - Ginger - Fastus
Arctic Comfort Hótel - Sérefni - Borð fyrir tvo - Verkfærasalan - Dansskóli Jóns Péturs og Köru

*...alltaf í leiðinni*

# SÍÐUMÚLAHÁTÍÐIN

## LAUGARDAGINN 9. SEPTEMBER

# 12.00 - 16.00

- SETNING KI 12.30
- POLLAPÖNK KI 13.00
- CANDY FLOSS
- VÍNSMÖKKUN
- POPP OG PYLSUR
- HOPPUKASTALI
- KARNIVAL OG DANS
- ÍS OG ELDSPÚARI
- PRÚTTMARKAÐUR
- VETTLINGASÝNING
- TILBOÐ, GRILL OG GLEÐI
- HARMONIKKUSPIL

## TAKTU ÞÁTT Í RATLEIK UM SÍÐUMÚLANN
## 100.000 KR GJAFABRÉF Í VERÐLAUN

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á TILBOÐ OG VEITINGAR HJÁ FJÖLMÖRGUM FYRIRTÆKJUM
OG ÞÁTTTÖKUSEÐLAR FYRIR RATLEIKINN ERU AFHENTIR Í VERSLUNUM

Ath. Strákarnir í Pollapönk spila í Hljóðfærahúsinu.

www.sidumuli.is

# Nostalgía og fegurð í niðurrifi

Umbreyting er yfirskrift ljósmyndasýningar Sigurgeirs Sigurjónssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Myndirnar sýna breytingar á umhverfi í sveit og borg. Sýningunni lýkur á sunnudag.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Gegnum árin hef ég gert margar landslagsljósmyndabækur og bækur um Íslendinga. Á öllu þessu flakki um landið hef ég séð ákveðinn hverfulleika í mannabústöðum og öðru, alltaf hefur eitthvað annað og eitthvað nýtt orðið til. Það var orðið myndefni í heila bók,“ segir Sigurgeir Sigurjónsson, ljósmyndari en á sunnudaginn lýkur sýningu hans, Metamorphosis/Umbreyting, á Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Myndirnar komu út á bók í tengslum við sýninguna. Sigurgeir segir breytingar á umhverfi í tímans rás heillandi viðfangsefni.

„Ég myndaði meðal annars ferlið þegar verið var að rífa hús á Hverfisgötunni. Sú sería er stór hluti sýningarinnar og er ákveðin táknmynd fyrir þann breytileika sem er að verða á borginni. Umhverfið sem maður gengur um á leið sinni í vinnuna tekur breytingum nánast dag frá degi og allt í einu hugsar maður: „Hvað var aftur hér?“ Þessar breytingar heilla mig og nostalgían sem tengist þeim. Það er líka mikil fegurð í rifrildinu, hálfgert landslag,“ útskýrir Sigurgeir.

**Myndirnar komu út á bók í tengslum við sýninguna. Sigurgeir segir breytingar á umhverfi í tímans rás heillandi.**

Sýningin er þó ekki einungis bundin við landslag. Hluti sýningarinnar eru myndir af krökkum alls staðar að úr heiminum. Sigurgeir segist ekki taka landslagsmyndir í útlöndum.

„Ég ferðast gríðarlega mikið um heiminn en mynda þá einungis fólk. Aðra menningu og allt öðruvísi fólk. Um Ísland hef ég ferðast svo mikið að landslagið er komið inn í sálina í mér. Ég kem oft á sömu staðina og mynda sömu hlutina aftur og aftur. Tilfinningin sem maður upplifir í fyrstu heimsókn á hvern stað er alltaf sérstök. Oft endar það þannig að fyrsta myndin sem maður tók er best,“ segir hann. „Nú ætla ég hins vegar að hvíla mig aðeins á íslensku landslagi og fást við fólk. Ég er á leið norður á Strandir í tengslum við það verkefni. Þetta er byrjun á einhverju sem ég veit ekki ennþá hvar endar.“







Sigurgeir Sigurjónsson á vinnustofu sinni. Sýningunni á Ljósmyndasafni Reykjavíkur lýkur á sunnudag. MYNDIR /SIGURGEIR SIGURJÓNSSON





# Móðir & barn

FÖSTUDAGUR 8. SEPTEMBER 2017

**Kynning:** Childs Farm



NORDICPHOTOS/GETTY

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Gott er að nota hirsi, bókhveiti, hrísmjöl, hafra eða rúg í grauta fyrir börn. Hirsi og bókhveiti er glútenlaust. Grænmetismauk getur verið úr kartöflum, sætum kartöflum, gulrótum eða rófum og ávaxtamauk úr banönum, eplum eða perum. Börn þurfa líka fitu og því er mælt með að bæta matarolíu saman við grautinn, eða hálfri til einni matskeið á dag, að sögn Ásu Sæunnar.

# Næring ungra barna

## Fyrsta aldursárið er mikilvægt þegar kemur að næringu ungbarna. Ása Sæunn Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur segir að brjóstamjólkin sé fullkomin næring fyrir ungbörn fyrstu sex mánuðina.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Ása Sæunn Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur hjá ung- og smábarnaverndinni við Heilsugæslustöðina í Garðabæ. Þessa dagana er hún í fæðingarorlofi með fimm mánaða gamlan son sinn. Ása Sæunn fylgist vel með nýjustu leiðbeiningum frá Landlækni um næringu ungbarna.

*Hvað er mælt með að börn séu lengi á brjósti?* „Það er mælt með að þau séu eingöngu á brjósti til sex mánaða aldurs. WHO, eða Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, mælir með áframhaldandi brjóstagjöf þar til börnin eru orðin tveggja ára og jafnvel eldri en það er þó mjög misjafnt hvað börn eru lengi á brjósti. Það er algengara en hitt að þau séu hætt fyrir tveggja ára aldurinn en sumar mæður eru með þau svo lengi. Mér sýnist algengt að þau séu um 12-18 mánaða þegar þau hætta á brjósti.“

*Hvers vegna er mælt með að börn séu eingöngu á brjósti til sex mánaða aldurs?* „Brjóstamjólkin er hin fullkomna næring. Hún er alltaf tilbúin og þarf hvorki að hita né blanda og það er engin hætta á að hún mengist af bakteríum í umhverfinu. Brjóstamjólkin veitir vernd gegn sjúkdómum, sérstaklega fyrstu vikurnar og mánuðina. Hún er líka hagkvæm og kostar ekkert. Framleiðslan og samsetning mjólkurinnar stýrist af þörfum barnsins. Meltingarfæri barna eru óþroskuð fyrstu vikurnar og brjóstamjólkin veitir vörn gegn sýkingum. Stundum gengur brjóstagjöfin ekki nógu vel og geta ýmsar ástæður verið fyrir því. Mæður geta fengið stíflur eða sár á geirvörtur, sveppasýkingar eða verki við brjóstagjöf eða mjólkurframleiðslan er einfaldlega ekki nógu mikil. Þá er mikilvægt að leita eftir aðstoð til okkar á heilsugæslunni eða til brjóstagjafaráðgjafa. Þeir starfa ýmist hjá heilsugæslunni, á Landspítalanum eða eru sjálfstætt starfandi. Gott er að fá stuðning og leiðbeiningar eða meðhöndlun ef þörf er á því. Ef brjóstagjöfin gengur ekki er best að gefa barninu ungbarnablöndu sem ábót eða eingöngu. Stundum þurfa konur stuðning við það, ekki síst ef það veldur þeim vonbrigðum að geta ekki haft barn á brjósti.“



Ása Sæunn er í fæðingarorlofi með fimm mánaða son sinn. MYND/EYÞÓR

> „Það er í lagi að gefa börnum kjöt, fisk og egg upp úr sex til sjö mánaða aldri. Það hefur breyst frá því sem áður var.

*Hvað á að gefa börnum að borða eftir sex mánaða aldurinn?* „Sum börn þurfa ábót fyrir fjögurra mánaða og þá er mælt með ungbarnablöndu. Ef börn á aldrinum 4-6 mánaða þurfa ábót er jafnvel ráðlagt að byrja að gefa fasta fæðu fremur en ungbarnablöndu, svo sem grauta og grænmetis- og ávaxtamauk. Oft er byrjað á að gefa börnum grauta úr hirsi, bókhveiti, hrísmjöli, höfrum eða rúgi. Hirsi og bókhveiti er glútenlaust og hafrar og rúgur glútenlítið. Grænmetismauk getur meðal annars verið úr kartöflum, sætum kartöflum, gulrótum eða rófum og ávaxtamauk úr banönum, eplum eða perum. Börn þurfa líka fitu og því er mælt með að bæta matarolíu saman við grautinn eða maukið, eða hálfri til einni teskeið. Þegar börnin fá að smakka nýja fæðu er gott að prófa eina tegund í einu en auka fjölbreytnina nokkuð fljótt. Ekki gefast upp þótt barninu líki ekki við bragðið af fæðunni í fyrstu tilraun.“

*Hvenær má byrja að gefa börnum kjöt, fisk og egg?* „Samkvæmt nýjustu rannsóknum er í lagi að gefa börnum kjöt, fisk og egg upp úr sex til sjö mánaða aldri. Það hefur breyst frá því sem áður var. Það þarf líka að gæta þess að börn fái járnríka fæðu.“

*Hvenær hentar börnum að byrja að borða mjólkurvörur?* „Ekki fyrr en þau eru orðin tólf mánaða. Mjólkurvörur eru járnsnauðar og próteinríkar og henta því ekki yngri börnum.“

*En D-vítamín?* „Ungbörn eiga að fá D-vítamín frá 1-2 vikna aldri. Til eru nokkrar tegundir af D-vítamíndropum í apótekum. Lýsi geta börn síðan fengið í stað D-vítamínsdropa frá 6 mánaða aldri.“

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Landlæknis, www.landlaeknir.is.




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# Gaman og gott í baði

**Það gekk illa hjá bresku bóndakonunni Joönnu Jensen að koma dætrunum í bað. Báðar eru með fíngert hár og viðkvæma húð og harðneituðu að fara í bað vegna ertingar og óþæginda.**

Hvað var til ráða? Joanna hafði lengi leitað logandi ljósi að vönduðum og hreinum barnavörum fyrir dæturnar en aldrei fundið það rétta. Hún brá því á það ráð að búa til sína eigin hársápu með náttúrulegum efnum og eftirlætis olíum. Árangurinn lét ekki á sér standa því hár dætranna varð bæði ræktarlegt og fagurt og húðin heil og mjúk. Í kjölfarið hóf Joanna þróun á sérhæfðum húð- og hárvörum fyrir börn og útkoman varð dásamleg Childs Farm-línan sem er 98 prósent náttúruleg og fæst nú í hillum íslenskra verslana.

Childs Farm-hreinlætisvörurnar veita börnum vellíðan og tryggja skemmtilegar baðferðir. Þær innihalda eingöngu náttúruleg og skaðlaus hráefni sem valda hvorki ertingu né ofnæmisviðbrögðum. Mikilvægar olíur viðhalda heilbrigði húðar og gefa frá sér milda og yndislega angan.

Joanna er margverðlaunuð fyrir Childs Farm. Barnalínan hefur reynst íslenskum börnum vel en nýleg rannsókn bendir til þess að um þriðjungur íslenskra barna þjáist af exemi. Hægt er að draga mjög úr einkennum exems með því að velja réttar húð- og hárvörur fyrir börnin og hafa Childs Farm gefið einstakan árangur.

Childs Farm-vörurnar eru prófaðar af húðlæknum og samþykktar af barnalæknum. Í þeim eru engin paraben, ekkert SLES, engar steinefnaolíur eða tilbúin litarefni. Vörulínan samanstendur af sérhæfðri ungbarnalínu, krakkalínu og sólarlínu sem innihalda hársápu, baðsápu, bossaklúta, krem og freyðibað. Sérhæfð ungbarnalínan inniheldur allt sem þarf til að hreinsa og næra húð ungbarna, jafnvel þótt húðin sé viðkvæm eða gjörn á að fá exem.

Og maður þarf ekki að vera barn til að njóta fjörugra baðferða og vellíðunar með Childs Farm því vörurnar henta fólki á öllum aldri og hafa gefið góða raun þeim sem hafa exem eða eru með viðkvæmt hörund.

Childs Farm fæst í Hagkaupi, Krónunni, Fjarðarkaupum og apótekum um land allt.



**» Childs Farm hefur reynst íslenskum börnum vel og gefið þeim sem hafa viðkvæma húð eða þjást af exemi einstakan árangur og vellíðan.**







Ungbarnalína Childs Farm mætir þörfum ungbarnsins, er náttúruleg og laus við aukefni.




# Uppeldisráð sem virka

Uppeldishlutverkinu fylgir ábyrgð. Allir sem því sinna hafa gott af því að tileinka sér gagnreyndar uppeldisaðferðir í stað þess að renna blint í sjóinn. Gyða Haraldsdóttir féllst á að nefna nokkrar.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Foreldrar vilja börnum sínum allt hið besta. Það er þó ekki sjálfgefið að uppeldið gangi snurðulaust fyrir sig og margir geta þegið leiðsögn. Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar er námskeið þróað hjá Heilsugæslunni í Reykjavík. Það er kennt á Þroska- og hegðunarstöð og víðar um land og stendur öllum foreldrum barna að sex ára aldri til boða. Því er ætlað að gera þá hæfari og öruggari í uppeldinu og hjálpa þeim að fyrirbyggja erfiðleika.

Sálfræðingurinn Gyða Haraldsdóttir er höfundur námskeiðsins og hefur kennt það fjölmörgum, bæði foreldrum og fagfólki. Hún féllst á að fara stuttlega yfir helstu áherslupunkta.

## Foreldrar eru helstu fyrirmyndir barna sinna

Eitt af grunnstefjum námskeiðsins er að foreldrar hafa mikil áhrif á hvernig einstaklingar börn þeirra verða. Þeir eru fyrirmyndir barna sinna um hvernig er rétt að haga sér. „Hegðun er ekki meðfædd heldur lærð og börn læra meðal annars með því að herma eftir öðrum. Þar sem foreldrarnir eru mikilvægasta fyrirmyndin þýðir það að þeir þurfa að vera meðvitaðir um hvað þeir gera og segja fyrir framan börnin. Þau fylgjast stöðugt með og hafa augu og eyru opin, jafnvel þótt ekki sé verið að tala við þau beint,“ segir Gyða.

## Það þarf að kenna hegðun

Hún segir nauðsynlegt að kenna börnum þá hegðun sem foreldrar vilja að þau sýni. „Við getum ekki bara gert ráð fyrir því að hún komi sjálfkrafa. Við þurfum að ákveða hvað okkur þykir æskileg hegðun og kenna börnunum hana á markvissan hátt. Það er gert með því að sýna þeim hegðunina, gefa bein fyrirmæli og leyfa þeim svo að æfa sig. Svo þarf að hrósa þegar vel gengur, en líka fyrir að reyna.“

## Að grípa börnin góð

Gyða segir foreldra þurfa að gæta þess að missa ekki af þegar börnin gera eitthvað gott og æskilegt. „Við tölum um að grípa börnin góð. Okkur hættir hins vegar til að hundsa æskilega hegðun en taka eftir þeirri óæskilegu og bregðast frekar við henni.“

Gyða segir það reynast mörgum erfitt að snúa þessu við því ef barnið er rólegt að dunda sér er freistandi að nota tækifærið og láta það eiga sig. „Þá erum við hins vegar að missa af mikilvægu tækifæri til að kenna barninu og ýta undir góða hegðun.“ Gyða á þó ekki við að foreldrar eigi stöðugt að trufla börnin sín við æskilega iðju. Það þarf aftur á móti að passa að vera til staðar og veita viðurkenningu þegar þau leita eftir henni með því að sýna athygli og hrósa.

## Vinna saman og setja sér markmið

Að sögn Gyðu er lögð áhersla á að foreldrar líti á uppeldi sem krefjandi verkefni sem taki tíma og orku. „Við hvetjum foreldra til að tala saman um uppeldið og hvernig þeir vilji að því sé háttað, frekar en að láta hlutina bara ráðast en rjúka svo upp til handa og fóta þegar upp koma vandamál. Foreldrar sem vilja að börn þeirra verði sjálfsörugg, hafi góða félagsfærni, eigi vini og geti sinnt áhugamálum, svo dæmi séu nefnd, þurfa að setja sér markmið þar um og vinna að þeim jafnt og þétt.“

## Að nota jákvæða umbun

Rannsóknir sýna að jákvæð umbun virkar mun betur á börn en skammir, tuð og refsing. Gyða mælir því með að foreldrar reyni eftir fremsta megni að styrkja jákvæða hegðun en hundsa neikvæða. „Vissa hegðun er þó ekki hægt að hundsa eins og þegar börn meiða eða rífa hluti af öðrum svo dæmi séu nefnd. Þá getur þurft að beita viðurlögum en ávallt skal reyna að hafa þau eins væg og kostur er. Viðurlögin geta verið að taka hlutinn í burtu eða fjarlægja barnið úr aðstæðunum,“ útskýrir Gyða. Ef foreldrar þurfa að beita viðurlögum mælir hún þó með því að þeir fái frekari leiðbeiningar.

## Að gefa skýr skilaboð

Börn þurfa skýr skilaboð svo að þau skilji hvað fullorðna fólkið er að meina. Annars er ekki hægt að ætlast til að þau viti hvað þau eiga að gera. Foreldrar þurfa líka að vera samkvæmir sjálfum sér og banna ekki í dag það sem er leyfilegt á morgun, enda er það afar ruglingslegt. Í þessu samhengi skiptir líka miklu máli að foreldrar séu samstíga og hafi lagt línurnar sameiginlega.



Dr. Gyða Haraldsdóttir ásamt Lone Jensen uppeldisráðgjafa. Þær starfa báðar á Þroska- og hegðunarstöð. MYND/ERNIR

> Foreldrar hafa mikil áhrif á það hvernig einstaklingar börn þeirra verða.

## Forðast að gefa fyrirmæli í spurnarformi

„Ef við viljum að barnið borði morgunmat er betra að segja: „Nú skaltu borða“ í staðinn fyrir „Ætlarðu ekki að fara að borða?“ Ef barnið á að fara í útiföt er sömuleiðis betra að segja: „Nú skaltu fara í skóna, úlpuna o.s.frv.“ í stað þess að spyrja: „Viltu ekki klæða þig?“ segir Gyða. Hún segir skilaboðin sem fyrr þurfa að vera skýr.

„Fyrirmæli ættu líka að vera í jákvæðu formi sem þýðir að við segjum börnunum hvað við viljum að þau geri, frekar en hvað þau eigi ekki að gera. Ef barnið fiktar í búð er betra að segja: „Nú skaltu passa hendurnar“ í stað þess að segja: „Ekki fikta.“ Ef það hleypur frá þér er betra að segja: „Nú skaltu ganga og leiða mig“ í stað þess að segja: „Ekki hlaupa“ og svo framvegis“.

## Rútína veitir öryggi

Gyða leggur mikla áherslu á að foreldrar komi á rútínu og föstum venjum í hversdagslífinu. Það veiti börnum öryggi og spari óþarfa tuð og vesen. Hún segir þetta sérstaklega eiga við um morgna, matmáls- og háttatíma og að best sé að byggja upp rútínu á meðan barnið er ungt. „Þá er reynt að gera allt í sömu röð og á svipuðum tíma svo barnið gangi að ferlinu vísu.“

## Skjánotkun og uppeldi fer illa saman

Gyða segir mikilvægt að foreldrar séu frá upphafi meðvitaðir um skjánotkun sína í návist barna. „Þetta er nútímavandamál sem verður sífellt fyrirferðarmeira.“ Að hennar mati ættu foreldrar eftir fremsta megni að láta það vera að nota skjái þegar þeir eru að sinna börnunum sínum. „Ef við erum upptekin í símanum eða tölvunni finna börnin að við erum ekki fullkomlega til staðar og hlustum ekki nógu vel. Of mikil skjánotkun barna er vaxandi vandamál og er mikilvægt að setja þeim mörk. Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir í þessum efnum eins og öðrum. Ef þeir eru sjálfir sífellt í símanum er líklegt að börnin geri eins.“

Gyða segir námskeiðið hafa gagnast foreldrum vel en það hefur verið kennt síðan 2004. Samkvæmt nýrri lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins á að auka útbreiðslu þess enn frekar á heilbrigðisstofnunum um allt land. Heilsugæslan býður að auki upp á sértæk námskeið fyrir foreldra og börn með ýmsan vanda. Sjá nánar á heilsugaeslan.is.





# Er krútt á leiðinni?

DLUX Pregnancy munnúði er blanda af vítamínum sem henta ófrískum konum sérstaklega vel en það inniheldur D-vítamín, Fólínsýru, B og K vítamín.

Upptaka gegnum slímhúð í munni tryggir að efnin skila sér út í blóðrásina og því er þetta sérlega góð lausn fyrir konur sem þjást af morgunógleði og uppköstum.




Börn þurfa D-vítamín frá 2 vikna aldri. Munnúðarnir koma í veg fyrir magaónot og eru afar þægilegir í notkun.



BetterYou™
just as nature intended


Libero
x
Ólafur Elí Erlendsson
June 15 at 11:05
#EgVelLibero
Af því að ég þarf að kúra ofsa mikið og hver mínúta sem bleyjan vekur mig ekki skiptir máli.
ÞESSI VARA ER SVANSMERKT
Með því að velja svansmerkta vöru stuðlar þú að
betra umhverfi og bættri heilsu fyrir þig og þína.

# Hópmeðgönguvernd gæti verið góður valkostur

Hópmeðgönguvernd er algengur valkostur í löndunum í kringum okkur. Ekki hefur verið boðið upp á slíkt hér á landi en nú í haust fer fram tilraunaverkefni á tveimur heilsugæslustöðvum.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Rannsóknir sýna að konur eru mjög ánægðar með hópmeðgönguvernd, þær koma betur undirbúnar í fæðingu og sængurlegu en konur í hefðbundinni meðgönguvernd," segir Ella Björg Rögnvaldsdóttir ljósmóðir sem skrifaði kandídatsritgerð sína í ljósmóðurfræðum um hópmeðgönguvernd.

Hugmyndin að ritgerðarefninu vaknaði út frá samræðum Ellu Bjargar við leiðbeinanda sinn Emmu Swift. „Ég hef mikinn áhuga á mæðravernd enda hefur orðið mikill árangur af henni á Íslandi sem hefur einn minnstan ungbarna- og mæðradauða í heiminum. Það er þó fagleg skylda okkar ljósmæðra að þróa starfið okkar og vinna samkvæmt nýjustu gagnreyndu þekkingu," segir Ella Björg sem ákvað að kynna sér nánar út á hvað hópmeðgönguvernd gengur.

### Vinsælt í nágrannalöndum

Hópmeðgönguvernd er upp runnin í Bandaríkjunum en hefur verið mikið notuð í löndum í kringum okkur á borð við Bretland og Norðurlöndin. Hópmeðgönguvernd er meðgönguvernd sem er stýrt af ljósmæðrum og fer fram í hópi kvenna sem vænta fæðingar á svipuðum tíma. Hún sameinar þrjá grunnþætti meðgönguverndar sem eru áhættumat, fræðsla og stuðningur og hvetur um leið konur til þess að taka ábyrgð á eigin heilsu á meðgöngu.

„Algengast er að 8 til 12 konur séu í hverjum hópi og ljósmæðurnar tvær. Miðað er við að hittast tíu sinnum yfir meðgönguna í einn til tvo klukkutíma. Tímarnir byrja sem hefðbundin meðgönguvernd þar sem konur hitta ljósmóðurina eina meðan verið er að finna hjartslátt fósturs og gera mælingar. Þar vakna kannski spurningar sem ljósmóðirin getur tekið fyrir í hóptímanum," lýsir Ella Björg. Einn stærsti kostur hópmeðgönguverndar er að konur kynnast öðrum konum í svipaðri stöðu, enda segir Ella Björg algengt að góður vinskapur myndist milli kvennanna. „Konurnar læra hver af annarri og af ljósmæðrunum. Oft verða til spurningar í þessum hópum sem annars væri ekki spurt," segir Ella Björg en konurnar sjá sjálfar um verklegar mælingar á borð við að mæla blóðþrýsting og eggjahvítu í þvagi og skrá niðurstöðurnar í mæðraskrá. „Þær hjálpast að og ljósmæður fylgjast með." Að mælingum loknum er síðan fræðsla sem miðast út frá áhugasviði kvennanna.



„Að einhverju leyti erum við að færa þá umræðu sem verður í bumbuhópum á netinu inn á heilsugæsluna, og í hóp þar sem ljósmæður geta svarað þeim spurningum sem upp koma," segir Emma Swift. NORDICPHOTOS/GETTY



Emma Swift.



Ella Björg Rögnvaldsdóttir.

Var eitthvað sem kom á óvart við ritgerðarsmíðina? „Já, hve konur voru almennt ánægðar með þetta fyrirkomulag. Ég fann mjög fá neikvæð ummæli."

### Tilraunaverkefni á Íslandi

Ekki hefur verið boðið upp á hópmeðgönguvernd á Íslandi en nú í haust mun fara af stað tilraunaverkefni sem Emma Swift heldur utan um. „Tilgangur þessarar rannsóknar er að þróa nýja nálgun í meðgönguvernd með því að sameina styrkleika íslenskrar meðgönguverndar og hugmyndafræði hópmeðgönguverndar með það að markmiði að auka tækifæri til fræðslu, samfélags og stuðnings við frumbyrjur innan heilsugæslunnar. Okkur langar þannig til að athuga hvort hópmeðgönguvernd sé hentug leið til að auka við fræðslu og stuðning við frumbyrjur á Íslandi. Einnig viljum við skoða hvort þetta sé þjónustuform sem henti heilsugæslustöðvum og fjölskyldum hér á landi," segir Emma.

### Fræðsla fyrir frumbyrjur

Við rannsóknina nýtir hópurinn sér skipulag hópmeðgönguverndar að erlendri fyrirmynd en aðlagar það íslenskum aðstæðum. „Frumbyrjur á Íslandi fara yfirleitt í um það bil 10 vitjanir til ljósmóður en við ætlum að bjóða frumbyrjum á tveimur heilsugæslustöðvum, Seltjarnarnesi og Grafarvogi, að koma í fjórar vitjanir sem hópur. Þetta verða þá 5 til 6 frumbyrjur og makar þeirra, sem munu hittast ásamt tveimur ljósmæðrum. Við vonumst til að búa til fjóra hópa á hvorri stöð og munu hóparnir hefja starfsemi seinna í haust. Í hópnum fer fram heilsumat eins og í venjulegri mæðravernd en að auki fræðsla, samtal og stuðningur," lýsir Emma.

Niðurstöður rannsóknarinnar ráða síðan framhaldinu, hvort boðið verði upp á hópmeðgönguvernd sem valkost í framtíðinni. „Ef við sjáum að fjölskyldur eru ánægðar með þetta fyrirkomulag og ljósmæður áhugasamar um að vinna eftir þessu fyrirkomulagi þá sé ég fyrir mér að þetta geti orðið valkostur."

### Bumbuhópar netsins inn á heilsugæsluna

Emma segir að meginmarkmiðið sé að auka val og bæta þjónustuna. „Við vitum auðvitað að það sama hentar ekki öllum fjölskyldum, og því má vel vera að einstaklingsformið henti sumum betur á meðan aðrar fjölskyldur myndu kjósa að kynnast öðrum frumbyrjum í hverfinu, fá meiri tíma með sinni ljósmóður þar sem svara má spurningum og spjalla um fæðinguna og umönnun nýburans. Að einhverju leyti erum við að færa þá umræðu sem verður í bumbuhópum á netinu inn á heilsugæsluna, og í hóp þar sem ljósmæður geta svarað þeim spurningum sem upp koma."



# FYRSTA BLANDA NIVEA
## AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI




**ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.**
NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.

**NIVEA.co.uk**

* prófað í tilraunaglasi



# Ekki rétti tíminn fyrir megrun

Ófrískar konur þurfa að gæta að því hvað þær láta ofan í sig og fá flestar lista í hendur með fæðutegundum sem þær ættu að forðast. Aðallega er þar um að ræða fæðu sem getur valdið bakteríusýkingu, eins og hrár fiskur, og mat sem inniheldur hátt magn PCB-efna, eins og lifur. Eins þarf að gæta sín á mat sem getur innihaldið kvikasilfur og á það meðal annars við um túnfisk.

Þegar kemur að brjóstagjöf er hægt að leyfa sér meira og þá er til að mynda leyfilegt að borða hráan fisk. Hins vegar ætti að halda áfram að huga að því að velja hollan og næringarríkan kost og drekka nóg af vatni.

Það er eðlilegt að vera nokkrum kílóum þyngri en venjulega eftir fæðingu og best að léttast jafnt og þétt. Sá tími sem barn er haft á brjósti er alls ekki rétti tíminn til að fara í stranga megrun. Fyrst og fremst þarf að huga að næringarþörf barnsins. Hitt verður að bíða betri tíma.



**Ljúffengt grænkálspestó hentar vel sem millimál yfir daginn.**
MYND/ MATTHÍAS ÁRNI INGIMARSSON

# Ljúffengt pestó

Góður og hollur millibiti skiptir máli fyrir foreldra ungra barna sem dvelja lengi heima við, til dæmis í fæðingarorlofi. Oft eru freistingarnar miklar þegar kemur að óhollri fæðu og þá er gott að eiga gómsæta hollustu í ísskápnum. Hér er ljúffeng uppskrift að grænkálspestói, ættuð úr smiðju mæðgnanna Sollu Eiríks og Hildar dóttur hennar, sem nota má á fjölbreyttan hátt, til dæmis sem millibita.

**5 grænkálsblöð (takið stilkinn af)**
**5 góðar ólífur (takið steinana úr)**
**50 g heslihnetur (ristaðar eða bakaðar)**
**2 döðlur, smátt saxaðar**
**1 hvítlauksrif**
**Smá sjávarsalt**
**Safi og hýði af 1 sítrónu (lífrænni)**
**½–¾ dl jómfrúarólífuolía**

Ristið eða bakið heslihneturnar við vægan hita. Setjið svo allt nema ólífuolíuna í matvinnsluvél eða mortél og maukið/merjið. Setjið í skál og hrærið ólífuolíunni út í. Berið fram í fallegu íláti og njótið.
**Heimild: www.maedgurnar.is.**

# Hvað er svona fyndið?

Þótt ungbörn byrji snemma að skella upp úr er langur vegur frá því að þau skilji góðan brandara. En hvað vekur svona mikla kátínu? Það er fyrst og fremst snerting og hljóð; smellur í góm, skrækar og skondnar raddir, blástur í hárið, hvísl og kjams í eyra eða varaprump í maga.

Óvænt og alls ófyndin umhverfishljóð geta orsakað óstöðvandi hlátursköst og þá er hægt að endurtaka leikinn aftur og aftur til að framkalla dillandi hlátur. Smekkur fyrir aðhlátursefni breytist svo með tímanum og endurspeglar gjarnan þroskastig hvers tímabils fyrir sig.

Þannig hlæja flest átta til tíu mánaða börn að gjugg í borg eða þegar manneskja felur andlit sitt um stund eða leikfang sem svo birtist aftur. Það er vegna þess að barnið er að þroska með sér hugmyndina um að hlutir séu enn til þótt þeir hverfi í smástund. Ekki tjóir að leika þennan leik við yngri börn eða þau eldri sem hafa náð þessum þroska og þykir leikurinn ekki lengur skemmtilegur.



**Hljóð sem hitta í mark hjá ungbörnum eru nóg til að kitla hláturtaugar þeirra.**




# ÚTSALA

Síðustu dagar, útsölunni lýkur á laugardag

**allt að 70% afsláttur**

Full búð af spennandi útsöluvörum fyrir útivistarfólk




## OSPREY BAKPOKAR

**30-50% afsláttur**

Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

## KEEN SANDALAR

FÆTUR OG TÆR ÖÐLAST NÝTT LÍF Í KEEN

**30% afsláttur**



### KEEN Venice Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar. Léttir en áreiðanlegir.
Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

~~15.990 kr.~~ **11.193 kr.**



### KEEN Newport

Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning.
Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

~~15.990 kr.~~ **11.193 kr.**

## patagonia

live simple.
live extreme



**20-70% afsláttur**




## ICEBREAKER ULLARFATNAÐUR

**30-50% afsláttur**

100% Merino ull, stingur ekki, lyktar ekki, hlýrri.
Peysur, bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt

# GG·sport




Opnunartími:
í dag föstudag 10-18,
laugard. 9. sept. 11-16
sunnud. Lokað

Smiðjuvegur 8, **Græn gata,** 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook“

# Allir elska góðar sögur

**Á morgun verður einleikurinn Fjallkonan frumsýndur í Tjarnarbíói. Verkið er byggt á langalangömmu höfundar og leikara einleiksins sem var mikill frumkvöðull og fór sínar eigin leiðir í lífinu.**

Einleikurinn Fjallkonan var frumsýndur á Act Alone listarhátíðinni á Suðureyri í ágúst og fékk þar mjög góðar viðtökur meðal áhorfenda. Í kjölfarið ákvað höfundur og leikari sýningarinnar, Hera Fjord, að setja hana upp í Tjarnarbíói í Reykjavík þar sem hún verður frumsýnd á sunnudag.

Fjallkonan fjallar um langalangömmu Heru sem hét Kristín Dahlstedt og var veitingakona í 50 ár en hún rak meðal annars veitingahús og gistiheimili frá árinu 1905, oftast undir nafninu Fjallkonan. „Langalangamma mín var frumkvöðull og nútímakona sem gerði hlutina algjörlega eftir sínu eigin höfði, bæði í vinnu og einkalífinu. Það var kannski það sem var óvenjulegt við hana og að hún hafði ekki áhyggjur af því hvað öðrum fannst, spurði engan álits. Svo var hún ótrúlega kjörkuð, tók oft áhættu og stóð og féll með sjálfri sér.“

Hera útskrifaðist fyrir rúmlega tveimur árum frá Kogan Academy of Dramatic Arts í London og segist hafa fengið hugmyndina að Fjallkonunni þegar styttist í útskrift. „Ég hafði ekki áður haft svo mikinn áhuga á sögu langalangömmu minnar en þarna var ég, ung kona, að hefja lífið og ekki alveg viss hvaða stefnu ég myndi taka. Fyrir vikið fór ég kannski ómeðvitað að leita mér að fyrirmyndum. Þá mundi ég eftir langalangömmu og því að hún tæklaði lífið á ansi eftirminnilegan hátt.“



Sýningin er byggð upp sem nokkurs konar samtal milli Heru og langalangömmu hennar. Hera leikur bæði hlutverkin og talsvert fleiri persónur sem koma fyrir. MYND/GÚSTI



Hera Fjord fyrir miðju ásamt Evu (t.v.), leikmynda- og búningahönnuði, og Ragnheiði leikstjóra. Á myndina vantar Sigrúnu Harðardóttur. MYND/EYÞÓR



Fjallkonan var sýnd á Act Alone í sumar við góðar undirtektir. MYND/GÚSTI

## Mikil áskorun

Í fyrstu sökkti Hera sér í heimildavinnu, las sér vel til og reyndi að finna sem mest af upplýsingum um Kristínu. „Ég tók viðtöl, las ævisögu hennar og allt sem ég fann á tímarit.is. Þar sem ég hafði aldrei áður skrifað leikrit fór ég að stunda einleiki í leikhúsum, lesa einleikshandrit og lesa bækur um hvernig á að skrifa leikrit. Einnig fékk ég góð ráð og aðstoð frá mörgum. Ég hélt fyrst að þetta yrði ekkert mál en svo reyndist verkið miklu meiri vinna en ég hafði ímyndað mér og mig langaði oft að gefast upp. En ég er mjög þrjósk svo hérna er ég, tveimur og hálfu ári síðar.“

Hún segir sýninguna byggða upp sem nokkurs konar samtal milli hennar og langalangömmu sinnar. „Ég skoða sögu hennar en á sama tíma spegla ég mig í henni. Hvort ég sé eitthvað lík henni og hvað sé ólíkt í því hvernig ég geri og upplifi hlutina. Ég leik okkur báðar og talsvert fleiri persónur sem koma fyrir og þetta er svolítið saga okkar beggja.“

Góð viðbrögð á Act Alone í ágúst hafa að hennar sögn hvatt hana áfram til að sýna einleikinn sem víðast. „Mig langar til að fara með hana um land allt og erlendis líka. Ég held að fólk njóti sýningarinnar af því að við elskum öll sögur. Að fá að heyra af lífi annars fólks, hugsanir þeirra og upplifanir og komast þá í raun inni að því hvað við eigum öll mikið sameiginlegt. Það er þetta mannlega sem mér finnst mest spennandi við leikhúsið, þetta sammannlega sem tengir okkur öll.“

## Gott teymi

Auk Heru koma þær Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Eva Björg Harðardóttir og Sigrún Harðardóttir að sýningunni. „Ragnheiður kom inn í byrjun árs sem dramatúrg og leikstjóri og er búin að vera alveg ómetanleg. Hún er hvetjandi, jákvæð með næmt auga og gott að vinna með. Eva hannaði og gerði leikmynd og búninga. Hún er búin að vera með frá byrjun og leggur svo mikinn metnað og ástríðu í vinnu sína að mér finnst ég vera virkilega heppin að hafa hana með. Sigrún skapar síðan allan hljóðheiminn og færir okkur með honum aftur á veitingastaði Fjallkonunnar þegar þeir voru í sem mestu stuði. Það er æðisleg tónlist í sýningunni.“

Næst á dagskrá er að sýna Fjallkonuna víða um land og þýða verkið yfir á ensku. „Ég hlakka til að sýna í Tjarnarbíói enda frábært leikhús og ég vona að sem flestir sjái okkur þar. Ég lofa einlægri og vandaðri sýningu. Auk Fjallkonunnar eru einhver verkefni fram undan farin að mótast sem ég er ekki alveg farin að tala um. Á meðan held ég áfram í að æfa mig í að leyfa lífinu bara að gerast.“

Fjallkonan verður frumsýnd á morgun í Tjarnarbíói kl. 20.30.





Fæst í flestum apótekum, heilsuvöru-
búðum og í Hagkaup, Smáralind.
International Organic and Natural Cosmetics Corporation • BDIH Standard •
benecos
náttúruleg fegurð
benecos
NATURAL MULTI-EFFECT MASCARA
Náttúrulegt og lífrænt
Án parabena
Ekki prófað á dýrum



# Góður dagur á bókasöfnum

Bókasafnsdagurinn er haldinn á flestum bókasöfnum landsins í dag föstudag. Hvert og eitt safn býður upp á eigin dagskrá en dagurinn í ár er tileinkaður lýðræði og hlutverki bókasafna í lýðræðissamfélögum.

Meðal nokkurra dagskrárliða má nefna að Bókasafn Seltjarnarness býður upp á kynningu á Rafbókasafninu. Landsbókasafn Ísland – Háskólasafn býður meðal annars upp á sýningu á myndbandi sem tekið var í gamla Háskólabókasafninu síðustu mánuðina fyrir flutninginn í Þjóðarbókhlöðu. Starfsmenn safnsins halda ýmis erindi og boðið verður upp á „bókagjafahlaðborð“ á 2. hæð.

Bókasafn Reykjanesbæjar býður gestum meðal annars upp á afskrifaðar bækur að gjöf, rjúkandi heitt kaffi og konfekt. Í Mosfellsbæ verður til að mynda boðið upp á skemmtilega skutlugerð og Leikfélag Mosfellsbæjar sýnir atriði úr Skilaboðaskjóðunni.

Sérstöku Síðdegiskorni verður varpað út frá Amtsbókasafninu á Akureyri klukkan 16. Þar mun Birgir Guðmundsson halda erindi í tengslum við þema bókasafnsdagsins í ár. Hægt er að hlýða á viðburðinn beint á YouTube eða af upptöku eftir á.

Nánari upplýsingar um dagskrá hvers safns má finna á heimasíðum og Facebook-síðum safnanna.



# Spínatsúpa í blandara

Það er leikur einn að gera flauelsmjúka súpu í blandara og jafnvel NutriBullet, en þá er um að ræða skammt sem hæfir einum.

Meðfylgjandi uppskrift er hugsuð fyrir NutriBullet. Hana er auðvelt að stækka fyrir stærri blandara.

1 væn lúka spínat
½ lárpera
Safi úr ½ límónu.
1 hvítlauksrif
1 msk. rauðlaukur
Sjávarsalt eftir smekk
200 ml vatn

Allt sett í stóra NutriBullet glasið og blandað í 30 sekúndur eða þar til blandan er silkimjúk. Blöndunni má svo hella í pott með örlitlu vatni og hita. Borið fram með fræjum og ferskum kryddjurtum að eigin vali.

# Lóa leiðir listasmiðju

Bókmenntahátíð í Reykjavík stendur nú yfir en henni lýkur á morgun, laugardag. Á hátíðinni kennir ýmissa grasa og verður meðal annars sitthvað í boði fyrir yngstu kynslóðina. Barnadagskrá hátíðarinnar fer fram í Barnahelli/Barnabókasafni Norræna hússins á morgun, laugardag, milli klukkan 13 og 15.30.

Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir sagnaþulur segir söguna af Búkollu með beinum, steinum og greinum og með þátttöku áhorfenda. Viðburðurinn er miðaður við 6 til 9 ára aldur og stendur yfir milli klukkan 13 og 13.30.

Myndskreytirinn Lóa Hjálmtýsdóttir leiðir listasmiðju fyrir krakka, Skáldað í eyðurnar. Listasmiðjan hefst klukkan 13.30 og stendur til 15.30

Bókmenntahátíð í Reykjavík er „fundarstaður lesenda og höfunda og lifandi vettvangur umræðna um bókmenntir og skáldskap“. Ókeypis er inn á viðburði og þeir öllum opnir.






Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM SPORTIÐ**

Kjartan Atli, Gummi Ben, Höddi Magg og fleiri góðir fylgjast granntmeð öllu sem viðkemur íþróttaheiminum á Stöð 2 Sport. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is 365


theater mogul
kynnir
SÖLUHÆSTU LEIKSÝNINGU Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI
OLIVIER AWARDS WINNER
"Best Entertainment"
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
"Eitt allsherjar grínundur"
The New York Times
"ÓHÆTT ER AÐ MÆLA MEÐ HELLISBÚANUM FYRIR JAFNT KARLA SEM KONUR"
-BAGGALÚTUR
"Hellisbúinn er fáránlega fyndinn"
VARIETY
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
MIÐASALA Á MIÐI.IS

# GIACOMO PUCCINI

# TOSCA



FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017
Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGÞÓR PÁLSSON**
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**
**KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**
LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

**MIÐASALA Á OPERA.IS**

ÍSLENSKA ÓPERAN

#islenskaoperan

HÖNNUN: HGM

## Merkisatburðir

**1208** Víðinesbardagi háður. Þar áttust við fylgismenn Guðmundar Arasonar biskups og ættir Ásbirninga og Svínfellinga.

**1636** New College, sem síðar varð Harvard-háskóli, stofnaður.

**1727** Eldur kviknar í hlöðu í Cambridge-skíri í Englandi meðan brúðusýning stóð yfir. 78 fórust, meirihlutinn börn.

**1888** Fyrstu knattspyrnuleikir ensku deildarinnar leiknir.

**1905** Sterkur jarðskjálfti ríður yfir Ítalíu. Talið er að allt að 2.500 hafi týnt lífi.

**1931** Leyfður hámarkshraði íslenskra bíla hækkaður í 40 km/klst. utan þéttbýlis og í 25 km/klst. í þéttbýli.

**1978** Íranskir hermenn skjóta á mótmælendur í Teheran. Á þriðja þúsund létust. Atburðurinn markaði upphafið að falli konungsfjölskyldunnar.

**1987** Íslenska fimmtíu króna myntin er sett í umferð.

**1991** Makedónía fær sjálfstæði.



Olgeir Hávarðsson og Stefanía Birgisdóttir í versluninni sem þau hafa rekið í rúm tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Bjarnabúð hefur verið rekin í níutíu ár samfleytt

**Verslun Bjarna Eiríkssonar í Bolungarvík fagnar níutíu ára afmæli um helgina. Þrír eigendur hafa rekið verslunina á þeim tíma. Núverandi eigendur tóku við árið 1996 og reyna að halda í gamlar hefðir. Blásið verður til mikils gleðskapar í versluninni á morgun.**

Hinn 10. september verða 30 ár síðan verslun Bjarna Eiríkssonar var opnuð í Bolungarvík. Af því tilefni verður blásið til gleðskapar í versluninni á morgun þar sem vinir, viðskiptavinir og velunnarar eru hjartanlega velkomnir.

„Veislur hafa verið haldnar af minna tilefni en þessu,“ segir Stefanía Birgisdóttir. Hún hefur rekið verslunina frá árinu 1996 ásamt eiginmanni sínum, Olgeiri Hávarðssyni.

Verslunin hefur verið rekin í sama húsnæði alla tíð frá árinu 1927. Áður var það kaupmannshús en húsið sjálft var flutt til landsins árið 1920. Það er því stutt í að það fagni hundrað ára afmæli sínu. Bjarni Eiríksson kom versluninni á fót árið 1927 og rak hana þar til hann féll frá árið 1958. Þá tók sonur hans, Benedikt Bjarnason, við og rak hana í tæpa fjóra áratugi.

„Við höfum verið hér frá 1996. Það er opið hjá okkur alla daga ársins nema tvo. Það er á jóladag og nýársdag,“ segir Stefanía. Hún segist sjálf vinna frídag verslunarmanna en gefur starfsfólkinu frí í staðinn.

Stefanía segir að þau reyni sem mest að viðhalda hinum gamla anda hússins. Allt sé gert til að reyna að breyta sem minnstu. „Hér á efri hæðinni er að finna ýmsa muni frá fyrri eigendum. Gamlar bækur og verkfæri, þeir elstu eru frá fyrstu árunum eftir byggingu hússins,“ segir Stefanía.

Líkt og áður segir verður blásið til veislu á morgun til að halda upp á áfangann. „Í haust verða síðan ýmis tilboð, viðburðir, til að mynda konukvöld, og aðrar skemmtilegar uppákomur til að fagna þessu,“ segir Stefanía.

**johannoli@frettabladid.is**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þorbjörg Ingibergsdóttir**
Breiðuvík 35, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 6. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 14. september klukkan 13.

**Sverrir Traustason**
**Þrúður Karlsdóttir** — **Guðmundur Theódórs**
**Sigrún Edda Karlsdóttir**
**Herdís Bjarney Karlsdóttir**
**Ása Jóna Karlsdóttir** — **Páll Fróðason**
**Karl Ottó Karlsson** — **Sigurósk Edda Jónsdóttir**
**Sverrir Þór Karlsson** — **Þóra Jónasdóttir**
**Hafdís Sverrisdóttir** — **Daníel Hafsteinsson**
**Ingibjörg Sverrisdóttir** — **Óskar Jósefsson**
**Jóhanna Eyrún Sverrisdóttir** — **Matthías Einar Jónasson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Okkar ástkæri

**Örn Sigurðsson**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 2. september. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 14. september klukkan 11.

**Jelena Kuzminova**
**Agni Freyr Arnarson Kuzminov**
**Vera Arnardóttir Kuzminova**
**Vilborg María Arnardóttir Kuzminova**
**Sigurður Kristján Árnason** — **Vilborg Vigfúsdóttir**
**tengdaforeldrar, systkini og systkinabörn.**



Okkar ástkæra

**Jennifer P. Montemayor**
Torfufelli 48, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 29. ágúst. Útförin fer fram frá Landakotskirkju í dag, föstudaginn 8. september, kl. 15.00. Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði.

**Cresente Montemayor**
**Teresita P. Montemayor**
**Charlie P. Montemayor**
**Jasper P. Montemayor**
**Jason P. Montemayor**
**Cresente P. Montemayor jr.**
**Suzette Caballa**
**Tyron C. Montemayor**
**Brynjar C. Montemayor**
**Gabriel Montemayor**
**fjölskylda og ættingjar.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Jónsdóttur**
frá Hólmavík.

Sérstakir þakkir fær starfsfólk Landspítalans sem annaðist hana í veikindum hennar.

**Jón G. Kristjánsson**
**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Anna Kristín Kristjánsdóttir**
**Svanhildur Kristjánsdóttir**
**Helga Ólöf Kristjánsdóttir**
**Valborg Huld Kristjánsdóttir**
**Reynir Kristjánsson**
**tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**



Okkar kæra

**Guðrún Sigríður Eiríksdóttir**
Gússý á Stóra-Hamri, Eyjafjarðarsveit,

lést á Kristnesspítala 4. september.

**Eyrún Eyþórsdóttir** — **Jónas Finnbogason**
**Auður Eyþórsdóttir**
**Kristín Kristjánsdóttir**
**Erna Jónasdóttir**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Þóru Þorleifsdóttur**
Sóltúni 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun og samskipti.

**Halldóra M. Helgadóttir** — **Þorbergur Atlason**
**Hörður Óskar Helgason** — **Sigrún Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Ágústsson**
frá Sólhól, Djúpavogi,

til heimilis að Hrólfsskálamel 10, áður Tjarnarstíg 11, 170 Seltjarnarnesi, lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar aðfaranótt 3. september síðastliðins. Útförin verður auglýst síðar.

**Magnea Hjálmarsdóttir**
**Stefanía S. Ólafsdóttir** — **Kristinn J. Kristinsson**
**Jórunn S. Ólafsdóttir** — **Ingimar T. Ísaksson**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Lárus Petersen**
**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Jón Ágúst Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Ratleikur meðal fyrirtækja í Síðumúla
Þátttökuseðlar fást í Hirzlunni

## Opið í Hirzlunni á laugardögum milli kl. 12 og 16 í vetur

Þið finnið okkur á Facebook

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## 25-40% afsláttur af völdum vörum



MYNDFORM GRAFÍK

# FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA



219 KR./STK.

**FULFILL ORKUSTYKKI, 4 GERÐIR**
verð áður 255 kr./stk.



337 KR.
**KJÚKLINGABAUNIR**
verð áður 450 kr.

260 KR.
**NÝRNABAUNIR**
verð áður 348 kr.



321 KR.
**ÓLÍFUR GRÆNAR EÐA SVARTAR**
verð áður 428 kr.

357 KR.
**MANGÓ ÞURRKAÐ**
verð áður 476 kr.

214 KR.
**KAKÓDUFT**
verð áður 285 kr.



1.915 KR.
**MELISSA DREAM**
verð áður 2.394 kr.



2.155 KR.
**ACTIVE LIVER**
verð áður 2.694 kr.



2.158 KR.
**PRÓGASTRÓ DDS+**
verð áður 2.698 kr.

1.334 KR.
**BEETROOT ORGANIC**
verð áður 3.098 kr.



FRÁ 171 KR.
**TÓMATAR Í DÓS 3 GERÐIR**
verð áður frá 244 kr.

179 KR.
**CHICK PEAS 400G**
verð áður 257 kr.

180 KR.
**BLACK BEANS**
verð áður 253 kr.



220 KR.
**KOKO MJÓLK**
verð áður 314 kr.



1.398 KR.
**LÝSISPERLUR 250STK.**
verð áður 1.748 kr.

742 KR.
**LÝSISPERLUR 120STK.**
verð áður 928 kr.

950 KR.
**OMEGA 3+D 500MG**
verð áður 1.188 kr.

1.998 KR.
**OMEGA 3 AUGU**
verð áður 2.498 kr.

958 KR.
**HEILSU TVENNA**
verð áður 1.198 kr.



898 KR.
**MAGNESIUM FLÖGUR**
verð áður 998 kr.



466 KR.
**EPLAEDIK**
verð áður 598 kr.

545 KR.
**RAUÐRÓFUSAFI**
verð áður 659 kr.



116 KR./STK.
**WHOLE EARTH GOS, 4 GERÐIR**
verð áður 193 kr./stk.



308 KR./STK.
**KOMBUCHA DRYKKUR, 3 GERIR**
verð áður 442 kr./stk.



248 KR.
**BIOTTA RAUÐBEÐUSAFI**
verð áður 354 kr.

305 KR.
**BIOTTA GULRÓTARSAFI**
verð áður 436 kr.

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

# 29. ÁGÚST - 16. SEPTEMBER

FK FJARÐARKAUP

## FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA




685 KR.
**MUSLI ÁVAXTA**
verð áður 879 kr.

697 KR.
**MUSLI ORIGINAL**
verð áður 894 kr.




1.727 KR.
**GR8 DOPHIL**
verð áður 2.303 kr.

2.244 KR.
**NOW ADAM**
verð áður 2.995 kr.

2.248 KR.
**NOW EVE**
verð áður 2.998 kr.

1.198 KR.
**MAGNESIUM CITRATE**
verð áður 1.593 kr.




214 KR./STK.
**BAI Í DÓS, 4 GERÐIR**
verð áður 285 kr./stk.




398 KR./STK.
NÝTT!
**NAKED DRYKKUR, 3 GERÐIR**




268 KR.
**SKYR M/BERJUM & MÖNDLUM**
verð áður 241 kr.

223 KR.
**GRJÓNAGRAUTUR**
verð áður 248 kr.

259 KR.
**KOTASÆLA**
verð áður 288 kr.

246 KR.
**GRÍSK JÓGÚRT**
verð áður 274 kr.




458 KR.
2 FYRIR 1
**KORNFLEX 790G**




398 KR.
2 FYRIR 1
**ALLBRAN 500G**

## FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA




2.094 KR.
**AMINO LIÐIR**
verð áður 2.618 kr.

2.555 KR.
**FEMARELLE**
verð áður 3.194 kr.

1.754 KR./STK.
**BIO-KULT CANDÉA/ ORGINAL EÐA PRO CYAN**
verð áður 2.193 kr.




192 KR./PK.
**MOMA GRAUTAR, 4 GERÐIR**
verð áður 275 kr./pk.




198 KR./STK.
**MAMMA CHIA SKVÍSA, 4 GERÐIR**
verð áður 268 kr./stk.




1.237 KR.
**ÞVOTTALÖGUR**
verð áður 1.650 kr.

470 KR.
**UPPÞVOTTALÖGUR**
verð áður 627 kr.

1.312 KR.
**HANDSÁPA 1L**
verð áður 1.750 kr.

**Tilboð gildir til 16. september eða á meðan birgðir endast**

FK FJARÐARKAUP




## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV 4 Á 0 KR.

## MEÐ SPORTPAKKANUM



Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að Sportpakkanum.

**Nánar á 365.is eða í síma** 1817.




VALITOR

Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

SPORT BESTA SÆTIÐ

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

*miðað við 12 mánaða bindingu

# Mér finnst að manneskjur ættu að vera plöntur

**Han Kang hlaut Man Booker bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna Grænmetisætan árið 2016. Hún segir að bækur hafi alltaf verið stór hluti af lífi sínu og leitina að svörum skipta öllu máli.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Han Kang er gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík og hún segir að bækur hafi alltaf verið stór hluti af lífi hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hvernig gat hún verið svona sjálfselsk? Ég starði á hálflokuð augun, sjálfsöruggan rósemdarsvipinn. Hugmyndin um að hún ætti sér þessa hlið, þar sem hún gerði það sem hún vildi án tillits til annarra, var út í hött. Hverjum hefði dottið í hug að hún gæti verið svona ósanngjörn? „Ertu sem sagt að segja mér að héðan í frá verði ekkert kjöt á boðstólum á heimilinu?“ (Grænmetisætan, bls. 17-18, þýðing Ingunn Snædal). Þetta litla textabrot úr skáldsögunni Grænmetisætan eftir suðurkóreska rithöfundinn Han Kang lýsir ágætlega meginsöguþræði þessarar mögnuðu skáldsögu sem hlaut Man Booker verðlaunin á síðasta ári. Maður sem er svo venjulegur að hann lagði sig fram um að velja venjulega konu til þess að lifa með honum venjulegu lífi segir frá viðbrögðum sínum við því að eiginkonan hefur skyndilega ákveðið að gerast grænmetisæta í kjölfar draums. Ákvörðunin reynist draga dilk á eftir sér í samfélagi þar sem er illa séð að borða ekki kjöt eða að synda á móti straumnum.

### Svörin og leitin

Han Kang er ein af mörgum áhugaverðum gestum Bókmenntahátíðar í Reykjavík og hún segir að það sé reyndar löng saga á bak við skáldsöguna og hún sé í raun alin upp í miklu samlífi við bækur. „Faðir minn er rithöfundur og hann er enn að skrifa. Hann byrjaði ungur að skrifa og við vorum fátæk sem hafði þær afleiðingar að við vorum alltaf að flytja. Þá reyndust bækurnar mér vel, þær vernduðu mig og veittu mér félagsskap, voru vinir mínir þegar ég kom á nýja staði og átti eftir að kynnast krókkunum í skólanum. Ég gekk í eina fimm grunnskóla þannig að það kom sér vel að eiga þetta skjól í bókunum. Mér leið alltaf vel með bókunum, var kát og glöð í minni æsku, en ég minnist þess að faðir minn leit oft út fyrir að vera þreyttur, þannig að ég óttaðist að ef ég fetaði rithöfundarbrautina kæmi ég ekki til með að hafa stjórn á lífi mínu. Þannig að það var þarna bæði ákveðin þrá og ótti á sama tíma.“

Í uppvextinum var Han Kang algjör alæta á bókmenntir. Hún las bókstaflega allt sem hún gat komist yfir; skáldsögur, ljóð, ritgerðir, bókmenntatímarit og þannig mætti áfram telja. „En á táningsárunum átti ég mitt uppreisnartímabil. Það var reyndar ekki ýkja áberandi fyrir aðra vegna þess að þessi bylting átti sér stað innra með mér og ég hélt áfram að vera ljúf eins og ég hafði alltaf verið,“ segir hún og hlær við tilhugsunina. „En það voru mikil átök sem áttu sér stað innra með mér á þessum tíma og ég glímdi við spurningar á borð við: Hver er ég? Hvers vegna er ég fædd inn í þennan heim? Hvað get ég gert? Allar þessu stóru tilvistarspurningar.

Á þessum árum reyndi ég að finna svörin í bókmenntunum en fram að því hafði ég bara lesið mér til ánægju. Ég var um leið sannfærð um að rithöfundar tækjust á við að leita svara við þessum stóru spurningum og að svörin hlyti því að vera að finna í bókum. Niðurstaðan var hins vegar að rithöfundar vissu ekki svörin heldur væru þeir líka að leita. Þá fannst mér að ég gæti kannski orðið rithöfundur vegna þess að ég væri reiðubúin til þess að leita svara. Það er leitin að svörum sem skiptir öllu máli.“

> **Með sama hætti þá þarf sögupersónan mín ekki að aðgreina á milli sjálfs síns sem kona og sjálfs síns sem manneskja. Þetta er eitt og hið sama.**

### Hafnar grimmd

„Fyrir mörgum árum fann ég fullt af ljóðum sem ég hafði ort á unglingsárunum og á meðal þeirra var eitt sem bar titilinn: Sorgin sem felst í því að borða kjöt. Ég held að þetta ljóð sé frá því ég var svona átján ára, var að byrja að lesa bókmenntir í háskóla og þar fann ég minnispunkta frá skáldinu Yi Sang. Hann fæddist árið 1910 en dó úr lungnabólgu aðeins 27 ára gamall en hafði engu að síður mikil áhrif á nútímabókmenntir í Kóreu. Á einu af minnisblöðunum rakst ég á eina setningu sem er svona: „Mér finnst að manneskjur ættu að vera plöntur.“ Það var ekkert annað þarna, ekkert sem tengdist þessu, aðeins þessi einfalda lína. Þegar ég fann þetta þá fannst mér að við værum að deila einhverju, að við ættum eitthvað sameiginlegt. Þetta var sterk tilfinning og hún var mér mikilvæg.“

Han Kang segir að hún hafi ekki verið orðin grænmetisæta á þessum tíma en að það sem felst í þessum orðum hafi höfðað til svo margs sem hafði allt frá barnæsku verið henni hugleikið. „Ég varð fyrir ákveðinni reynslu þegar ég var níu ára en í raun hafði ég alltaf verið sérstaklega viðkvæm gagnvart ofbeldi í öllum sínum myndum. Mannleg grimmd olli mér alltaf þjáningu og ég held að það hafi verið það sem skapaði þessi tengsl mín við þessa setningu – við þessa einföldu hugmynd að fólk ætti að vera plöntur.“

Ferill Han Kang byggðist upp á þessum árum. Hún byrjaði á því að skrifa ljóð, síðan smásögur og byrjaði svo á fyrstu skáldsögunni þegar hún var 26 ára. Grænmetisætan var hennar fjórða bók og þó svo henni hafi verið ágætlega tekið þegar hún kom út árið 2007 þá kom velgengni bókarinnar seinna. „Ég hef skrifað sjö bækur og í hverri og einni reyni ég að takast á við stórar spurningar. Í Grænmetisætunni er það mannleg grimmd og ofbeldi. Manneskjan getur verið svo ótrúlega grimm.

Mitt markmið var að sýna þessa konu sem hafnaði mannlegu ofbeldi. Þar með hafnar hún aðstæðum mannsins og vill í raun ekki lengur tilheyra mannkyninu sem slíku. Hún gerist planta en fólkið í kringum hana hafnar henni – hafnar því sem hún er að gera og reynir að þvinga hana inn í sitt norm. Ég vildi sýna þetta ferli og deila þessum hugmyndum mínum um mannlegt ofbeldi og grimmd.“

### Þetta óskrifaða

Aðspurð hvort aðalsögupersónan sé femínísk hetja leggur Han Kang áherslu á að skilja ekki sjálf sitt sem rithöfundur frá því að vera kona. „Með sama hætti þá þarf sögupersónan mín ekki að aðgreina á milli sjálfs síns sem kona og sjálfs síns sem manneskja. Þetta er eitt og hið sama.“

Í Grænmetisætunni notar Han Kang þrjá sögumenn og hún segir að það sé hennar leið til þess að miðja verksins væri í raun auð. „Með því að skipta svo um sjónarhorn þá má leggja ólíkar áherslur. Sögumenn sem horfa á hana að utan dæma hana og misskilja en svo fær hún sjálf að leggja til sína rödd á meðan þriðja röddin er þarna mitt á milli. Markmiðið er að gera ákveðna kröfu til lesenda, að fá þá til þess að fylla í tómið fremur en að vera mataðir. Minnug þess að rithöfundar hafa ekki svörin þá fannst mér mikilvægt að fá lesendur til þess að leita svara. Það sem er ekki skrifað í sögunni er ekki síður mikilvægt en það sem þar stendur.“

Han Kang segir að þetta sé í raun svipað varðandi viðtökurnar, sem hún velti í raun aldrei fyrir sér í ferlinu þegar hún er að skrifa. „Þegar ég er að skrifa þá er ég lesandinn. Það er enginn annar. Þegar ég er vongóð þá hugsa ég stundum um að kannski takist mér að ljúka við viðkomandi bók en ekkert umfram það. Það kom mér því á óvart þegar Grænmetisætan sló í gegn en það tók sinn tíma. Kannski er það sökum þess að í dag er aukin vitund um ógnina af ofbeldi. Ekki veitir af.“

Flott sýning en veit einhver af henni?!



Opið frá kl. 15 til 18
Lýkur 10. september

„Meira en augað nemur“ Georg Douglas sýnir í GÁTT ARTgallery
Hamraborg 3, Kópavogi

# MÁLTÍÐ FYRIR EINN
# OFURTILBOÐ

Iceland
Meal for One
VERÐ **199** KR. 500G.
ALLAR TEGUNDIR




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT
Lambakjöt



698
kr. kg.

**KS Lambabógur**
Heill, frosinn



698
kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**
Frosið

ÍSLENSKT
Lambakjöt



2017
slátrun

1.095
kr. kg

**KS Lambalæri**
Frosið, 2017 slátrun

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

Ilmandi góðar
HANDSÁPUR




298
kr. 500 ml

**Gunry Premium Handsápa**
500 ml, 4 tegundir




1kg

159
kr. 1 kg

**Bónus Grautargrjón**
1 kg




499
kr. 325 g

**Dala Fetaostur**
325 g

ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA




Aðeins
28kr
rúllan

200
blöð á rúllu

498
kr. 18 rúllur

**Bónus Salernisrúllur**
18 rúllur í pakka




98
kr. 500 ml

**7up Mojito**
500 ml




98
kr. 500 ml

**Mountain Dew**
500 ml

ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA




98
kr. 500 ml

**Pepsi,** 500 ml
**Pepsi Max,** 500 ml

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Íslenskt **GRÍSAKJÖT** af nýslátruðu

**1.398** kr. kg

**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Ferskar, úrbeinaðar




**FULLELDAÐ** Aðeins að hita

**300kr** verðlækkun pr. kg

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð - Verð áður 1.098 kr. kg

# GOTT VERÐ Í BÓNUS




**279** kr. kg

**Bónus Kjúklingavængir**
Ferskir




**695** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill




**695** kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir




**1.398** kr. kg

**Nautaveisla Nautgripahakk**
Ferskt, Spánn

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**




Matarmikil súpa **FULLELDUÐ** Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**1.498** kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa**
1 kg




**ÍSLENSKT** Lambakjöt

**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Kryddlegin

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
KYNNIST VILLTUSTU FJÖLSKYLDUNNI Í HVERFINU
SONUR STÓRFÓTAR
SÝND KL. 4, 6
UNDIR TRÉNU — SÝND KL. 6, 8, 10
AMERICAN MADE — SÝND KL. 10.30
LOGAN LUCKY — SÝND KL. 8, 10.30
EMOJI MYNDIN — SÝND KL. 4, 6
ATOMIC BLONDE — SÝND KL. 8
AULINN ÉG 3 — SÝND KL. 4

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Úr smiðju Stephen King — IT
Frábær ný mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku tali. — SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN
TOM CRUISE AMERICAN MADE
THE HITMAN'S BODYGUARD — Grín-spennumynd ársins!
EVERYTHING, EVERYTHING
ONCE UPON A TIME IN VENICE
DUNKIRK

ÁLFABAKKA
IT — KL. 6:10 - 8 - 9 - 10:50
IT VIP — KL. 5 - 8 - 10:50
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL — KL. 3:40 - 4 - 5:50
ONCE UPON A TIME IN VENICE — KL. 10:10
EVERYTHING, EVERYTHING — KL. 8
HITMAN'S BODYGUARD — KL. 5:30 - 8 - 10:30
ANNABELLE: CREATION — KL. 8 - 10:30
STORKURINN RIKKI ÍSL TAL — KL. 4 - 6
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D — KL. 3:40 - 5:50
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

EGILSHÖLL
IT — KL. 5:15 - 8 - 10:45
AMERICAN MADE — KL. 5:30 - 8 - 10:30
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL — KL. 5:40
EVERYTHING, EVERYTHING — KL. 8
HITMAN'S BODYGUARD — KL. 8 - 10:30
ANNABELLE: CREATION — KL. 10:10
DUNKIRK — KL. 5:40

AKUREYRI
IT — KL. 8 - 10:50
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL — KL. 5:50
EVERYTHING, EVERYTHING — KL. 5:50 - 8
HITMAN'S BODYGUARD — KL. 10:10

KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI
IT — KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL — KL. 5:50
EVERYTHING, EVERYTHING — KL. 5:50 - 8
HITMAN'S BODYGUARD — KL. 10:20
DUNKIRK — KL. 8

KEFLAVÍK
IT — KL. 8 - 10:05
UNDIR TRÉNU — KL. 8
AMERICAN MADE — KL. 10:50
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL — KL. 5:50
EMOJIMYNDIN ÍSL TAL — KL. 6

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**8. SEPTEMBER 2017**

### Tónlist

**Hvað?** Lefty Hooks & the Right Thingz
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi

**Hvað?** Alice In Chains – Rokkmessa
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Alice in Chains rokkmessa í kvöld á Gauknum. Allir helstu slagararnir fá að heyrast bæði rafmagnað og órafmagnað á þessari þrumukvöldstund. Sannir rokkhundar vilja ekki missa af þessu. Aðeins þessi eini viðburður.

**Hvað?** Dúndurfréttir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Hljómsveitin Dúndurfréttir ætlar að halda algerlega magnaða tónleika á Hard Rock kjallaranum undir yfirskriftinni Classic Rock. Hljómsveitin mun taka mörg helstu verk klassíska rokksins eins og þeim félögum einum er lagið. Dúndurfréttir hafa ekki spilað á svona „litlu klúbbagiggi“ í Reykjavík í mörg ár og má eiga von á að gamla Gauksstemningin svífi yfir vötnunum.

**Hvað?** Böddi Reynis Jazz Tríó
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Klaustur, Kirkjutorgi
Böddi Reynis og félagar spila hvert einasta föstudagskvöld á Klaustri.

**Hvað?** Jenny Hettne / Duo Harpverk
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu



Hljómsveitin Dúndurfréttir verður í klúbbastemningu á Hard Rock í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hið frábæra Duo Harpverk, skipað þeim Katie Buckley á hörpu og Frank Aarnink á slagverk, blæs til tónleika í Mengi. Miðaverð: 2.000 krónur. Hægt er að panta miða í gegnum booking@mengi.net.

### Viðburðir

**Hvað?** Holdið og valdið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Aase Berg, Han Kang og Kristín Eiríksdóttir ræða við Björn Halldórsson um holdið og valdið og pólítík líkamans, en það er nokkuð sem þær hafa allar kannað í verkum sínum.

**Hvað?** Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar: Timothy Snyder um alræði
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Timothy Snyder, prófessor við Yale-háskóla, flytur Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar hjá Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands í dag, en fyrirlesturinn er skipulagður í samstarfi við Bókmenntahátíð í Reykjavík. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 132 í Öskju og hefst klukkan 14.00. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Uppskrift að lífi
**Hvenær?** 15.15
**Hvar?** Veröld, hús Vigdísar
Esmeralda Santiago fjallar um þýðingar á eigin verkum hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

**Hvað?** Upplestur á eigin máli
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Upplestur á eigin máli með Hiromi Kawakami, Tapio Koivukari, Etgar Keret, Arnaldi Indriðasyni og Sigrúnu Pálsdóttur. Fimm höfundar víðs vegar að úr heiminum lesa úr bókum sínum á móðurmálinu.



Guðrún Óla mun syngja lög eftir meðal annars Whitney Houston og Arethu Franklin í kvöld.

# Verður aðallega á rólegum og rómantískum nótum

Í kvöld mun söngkonan Guðrún Óla Jónsdóttir, eða Gógó eins og hún er alltaf kölluð, syngja ýmsar perlur sem eru í uppáhaldi hjá henni. Meðal annars syngur hún lög sem Whitney Houston, Celine Dion, Aretha Franklin og Diana Ross hafa gert fræg. Þetta er í fyrsta sinn sem Gógó heldur einsöngstónleika og það er vel við hæfi að hún haldi þá í Lindakirkju í Kópavogi þar sem hún hefur sungið með gospelkór kirkjunnar undanfarin ár, bæði með kórnum og sem einsöngvari.

„Lögin á tónleikunum eru eiginlega allt lög sem ég hef haldið upp á síðan ég var lítil stelpa og/eða eiga sérstakan stað í hjarta mínu. Og þessar skvísur hafa alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Ég tek líka íslensk lög á tónleikunum og nokkur í hressari kantinum þótt ég verði aðallega á rómantísku og rólegu nótunum þetta kvöld,“ segir Gógó.

Henni til halds og trausts á tónleikunum verður Óskar Einarsson, hann mun sitja við flygilinn og sjá um undirleik. Gestasöngvari verður Arnar Dór sem gerði garðinn frægan í síðustu seríu The Voice Ísland.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00. Miðar eru seldir við innganginn og er miðaverð 2.000 krónur. **– gha**

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
THE SQUARE
The Square ........ 17:15, 22:15
BPM (120 Beats Per Minute) ........ 17:15
Sami Blood: Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs ........ 18:00
The Sixth Sense ........ 20:00
The Limehouse Golem ........ 20:00
Little Wing: Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs ........ 20:00
Kongens Nei ........ 22:00
BRUCE WILLIS THE SIXTH SENSE

# DORMA
Láttu drauminn rætast

# Fyrir þínar bestu stundir







## NEW MALMÖ
U-sófi

Dökk- eða silfurgrátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 330 x 220 x 85 cm

**Fullt verð: 249.900 kr.**

Aðeins **199.900 kr.**




## NEW MALMÖ
hornsófi með tungu

Dökk- eða silfurgrátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **135.900 kr.**




Rúmfatageymsla í tungu.

## MONA
tungusvefnsófi

Grátt eða svart slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 250 x 157 cm.
Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 129.900 kr.**

Aðeins **99.900 kr.**




## BRANFORD
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart PU leður.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **29.900 kr.**

## RANDERS
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll. Rautt, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur í PVC leðri.

**Fullt verð: 59.900 kr.**




Aðeins **43.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**BOMBAN**
**KL. 19.25**
Stórskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna í umsjón Loga Bergmann. Skipt er í tvö lið og eins og vera ber og fær Logi til sín káta og fjöruga gesti sem þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.


FRÁBÆRT FÖSTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365





**THE X -FACTOR UK**
**KL. 20.10**
Glænýsería af einum vinsælasta skemmtiþætti veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni eins og fyrri daginn ásamt fríðu föruneyti.




**LEGEND**
**KL. 21.20**
Spennumynd, byggð á sönnum atburðum frá sjöunda áratugnum og fjallar um eineggja tvíburana Ronald og Reginald Kray sem réðu ríkjum í undirheimum London og svifust einskis.

**HARDCORE HENRY**
**KL. 23.30**
Óvenjuleg og skemmtileg spennumynd um Henry sem vaknar upp minnislaus eftir að hafa verið vakinn upp frá dauðum af vísindamanni sem einnig er eiginkona hans.





Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Litlu Tommi og Jenni
07.45 Kalli kanína og félagar
08.05 The Middle
08.30 Pretty little liars
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 The New Girl
10.40 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
11.05 Í eldhúsi Evu
11.40 Heimsókn
12.00 Falleg íslensk heimili
12.35 Nágrannar
13.00 Tom and Jerry: Spy Quest
14.10 How To Be Single
15.55 Satt eða logið?
16.35 Top 20 Funniest
17.20 Simpson-fjölskyldan
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Bomban
20.15 The X Factor 2017
21.25 Legend
23.35 Hardcore Henry
01.10 Wizard Of Lies
03.20 Rush Hour
04.00 How To Be Single
05.50 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Fylkir - Þróttur R.
08.40 Pepsímörk kvenna 2017
09.40 Premier League World 2017/2018
10.10 Undankeppni HM - Aserbaídsjan - San Marínó
11.55 Undankeppni HM - England - Slóvakía
13.40 Undankeppni HM - Ísland - Úkraína
15.30 Markaþáttur Undankeppni HM 2018
16.20 Pepsi-mörk kvenna 2017
17.20 Fylkir - Þróttur R.
19.00 PL Match Pack 2017/2018
19.30 La Liga Report 2017/2018
20.00 Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
21.30 Teigurinn
22.25 1 á 1
23.00 Premier League Preview 2017/2018
23.30 Evrópudeildin - fréttaþáttur
00.20 Derby County - Hull City
02.00 Mayweather vs. McGregor

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.05 Man. Utd. - Leicester
09.50 Premier League Review 2017/2018
10.45 Liverpool - Arsenal
12.30 Messan
14.00 1 á 1
14.25 Football League Show 2017/18
14.55 Þýsku mörkin 2017/2018
15.20 NFL Hard Knocks 2017
16.10 Undankeppni HM - Ísland - Úkraína
18.00 Búrið
18.40 Derby County - Hull City
20.45 Premier League World 2017/2018
21.15 PL Match Pack 2017/2018
21.45 La Liga Report 2017/2018
22.15 Hamburg - Leipzig
23.55 Seinni bylgjan - upphitunarþáttur
01.15 Teigurinn
02.10 1 á 1
02.40 Premier League Preview 2017/2018

## STÖÐ 3

17.25 New Girl
17.50 Mike & Molly
18.10 Modern Family
18.35 The Big Bang Theory
19.00 Curb Your Enthusiasm
19.35 Lip Sync Battle
20.00 Gilmore Girls
20.45 It's Always Sunny in Philadelphia
21.10 Eastbound and Down
21.45 Entourage
22.15 Six Feet Under
23.15 The New Adventures of Old Christine
23.40 Significant Mother
00.05 Smallville
00.50 The Big Bang Theory
01.10 Modern Family
01.35 Curb Your Enthusiasm
02.10 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Lína langsokkur
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Víkingurinn Viggó
10.11 Zigby
10.25 Stóri og Litli g
10.38 Ljóti andarunginn og ég
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Lína langsokkur
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Víkingurinn Viggó
14.11 Zigby
14.25 Stóri og Litli
14.38 Ljóti andarunginn og ég
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Lína langsokkur
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Tindur
18.11 Zigby
18.25 K3
18.38 Mæja býfluga
18.47 Stóri og Litli
19.00 Rasmus fer á flakk

Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47



## GOLFSTÖÐIN

07.20 Dell Technologies Championship
12.20 Solheim Cup Highlights
13.10 Golfing World 2017
14.00 Indy Women in Tech
17.00 Cambia Portland Classic
19.00 Indy Women in Tech
22.00 Presidents Cup 2015 Highlights
22.55 The Northern Trust

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.10 The Flintstones in Viva Rock
13.40 Elsa & Fred
15.15 Tumbledown
17.00 The Flintstones in Viva Rock
18.35 Elsa & Fred
20.15 Tumbledown
22.00 Sacrifice Hörkuspennandi mynd um réttarmeinafræðinginn Toru Hamilton sem flytur ásamt Duncan eiginmanni sínum til Hjaltlandseyja og hyggst hefja þar nýtt og áhyggjulaust líf. En það kemur annað upp úr dúrnum því Tora finnur lík þakið rúnum í bakgarðinum sínum og fer að grafast fyrir um málið. Fljótlega uppgötvar hún að ekki er allt með felldu í bænum og eitthvað dularfullt er á seyði.
23.30 Search Party
01.05 Everly Spennumynd frá 2014 sem fjallar um mansalsfórnarlambið Everly sem var fyrir fjórum árum þvinguð til að stunda vændi fyrir glæpaforingjann Taiko eða deyja ella ásamt ungri dóttur sinni og móður. Þeim til verndar neyddist Everly til að láta að vilja Taikos en ákvað um leið að vinna að því að uppræta hann og glæpagengi hans. Þegar myndin hefst hefur Taiko komist að því að Everly hefur unnið með lögreglunni að því að afla sannana gegn honum.
02.40 Sacrifice

## RÚV

17.00 Hásetar
17.25 Sögustaðir með Einari Kárasyni
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Froskur og vinir hans
18.10 Hundalíf
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Ég vil fá konuna aftur
20.15 Séra Brown
21.05 Jóhannes
22.25 Pavilion of Women
00.20 One point 0
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Psych
10.35 Síminn + Spotify
13.35 Dr. Phil
14.15 America's Funniest Home Videos
14.40 Heartbeat
15.25 Friends with Better Lives
15.50 Glee
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 King of Queens
17.25 How I Met Your Mother
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 Family Guy
20.15 The Bachelorette
21.45 Z for Zachariah
23.25 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
00.05 Prison Break
00.50 American Crime
01.35 Damien
02.20 Quantico
03.05 Shades of Blue
03.50 Mr. Robot
04.35 Intelligence
05.25 House of Lies
05.55 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI
ÞAÐ STYTTIST Í SÖGULEGA RISATÓNLEIKA!
PÁLL ÓSKAR
Í HÖLLINNI
16. SEPTEMBER
orkusalan
pepsi MAX
sena LIVE!



**Föstudags-playlisti** Lífsins

## Balcony Boyz

HLJÓMSVEIT

Drengirnir í hljómsveitinni Balcony Boyz settu saman meðfylgjandi föstudagsplaylista. Lag númer sex á listanum er nýjasta lag sveitarinnar, það kom út um mánaðamótin ásamt myndbandi.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Visir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Feel It | Young Thug |
| Butterfly Effect | Travis Scott |
| I Get the Bag | Gucci Mane, Migos |
| Roll in Peace | Kodak Black, XXXTENTACION |
| Snooze | Johnny Yukon |
| Finna Á Mér | Balcony Boyz |
| X | Lil Uzi Vert |
| Feels So Good | A$AP Mob |
| Space | Dizzee Rascal |
| 7 Min Freestyle | 21 Savage |

# Góðir staðir fyrir fyrsta stefnumót

Það að fara á fyrsta stefnumót getur verið ansi stressandi. Hvert á maður að fara, hvað á maður að gera og hvað í fjandanum á maður að tala um? Góður áfangastaður fyrir fyrsta deit getur reddað ýmsu og þess vegna leituðum við á náðir nokkurra sérfræðinga, sem eru ýmist á lausu eða í sambandi, til að gefa lesendum góð ráð um hvert er sniðugt að fara á fyrsta stefnumóti.



### ROALD VIÐAR EYVINDSSON, ritstjóri Gay Iceland

Roald kveðst vera mikill matarkall og vera duglegur að prófa nýja veitingastaði. „En ég ætla að nefna tvo gamla, Sushi Social [áður Sushi Samba], af því að hann er notalegur og maturinn góður. Og svo Ítalía, smá retró, þar eru pítsurnar sjúklega góðar og þjónustan líka og svo er staðurinn afskaplega notalegur.“

### DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR, þjónustustjóri Hörpu

Diljá á ótal góð meðmæli í pokahorninu. Fyrst mælir hún með að fara á skíði í Bláfjöllum. „Sérstaklega ef fólk hefur ekki farið á skíði mörg ár og hefur húmor fyrir sjálfu sér. Gott að nýta tímann í stólnum til að spjalla – en ekkert of lengi í einu. Fá svo tækifæri til að detta og hlæja og hjálpa hvort öðru á leiðinni niður.“ Svo mælir hún með að leigja Nintendo-herbergi í Fredda spilatækjasal. „Mæli með að rifja upp gamla takta síðan 1990 í Super Mario Bros. Ótrúlegt hvað einn aukalífs-sveppur getur verið rómantískur.“ Að lokum mælir hún með Kaffivagninum. „Að fara í heiðarlegan kaffifant og kleinu á miðjum virkum degi. Gott að sitja innan um gömlu sjóarana og hafa fallegt útsýni. Ekkert of mikil skuldbinding heldur.“

### AUÐUR ALBERTSDÓTTIR, fyrrverandi blaðakona

„Grandinn getur verið mjög rómantískur en líka afslappaður. Þar er hægt að borða góðan mat, horfa á bátana og fá sér jafnvel ís í Valdísi eða köku í 17 sortum.“

### HAFSTEINN GUNNAR HAFSTEINSSON, leikari og sáttamiðlari

„Síðan Tíu dropar lögðu upp laupana, þar sem var oft spiluð lifandi tónlist á kvöldin og oftar en ekki lög í anda Cole Porters, þá mæli ég nú bara með Snaps, í hádeginu eða á kvöldin. Þar ríkir svona 1920 til 1945 rómantísk stemning, það er eins og maður sé kominn til Parísar þegar sá staður er upp á sitt besta.“

### ÁGÚST BENT, rappari og leikstjóri

„Ég hef aldrei farið á stefnumót. Íslendingar fara bara í slella á bar og spyrja svo „hvað heitirðu“ daginn eftir. En ég væri alveg til í deit. Til dæmis 7d bíó, fótabað í sjóðandi heita pottinum úti á Nesi, Escape Reykjavík og enda svo á því að fara í rómantískan sjómann. Leyfa henni að vinna því ég er herramaður. En ég er líka bara til í að segja henni hvað ég heiti daginn eftir. Áfram íslensk gildi.“

### SUNNA BEN, listakona og plötusnúður

„Bravó er mjög næs staður til að deita, þröngt setið, iðulega ótýpísk og áhugaverð tónlist (sem býr til umræðuefni, sem er oft mjög nauðsynlegt á fyrstu stefnumótum), hlýtt og allt lýst með kertaljósum. Það er mjög afslappað rómantískur staður að mínu mati, svona „low-key“ rómó án þess að reyna of mikið. Þar heillaði Andri mig upp úr skónum til dæmis. Mæli með,“ segir Sunna. Hún bætir við: „Bíó á fyrsta deiti er versta hugmynd í heimi.“


GUCCI
BLOOM
GUCCI
BLOOM
#InBloom

# Senuþjófurinn Jennifer Lawrence

Það er nóg að gera hjá leikkonunni Jennifer Lawrence þessa dagana, en hún er upptekin við frumsýningar á myndinni sinni Mother, bæði í Feneyjum og í London. Kjólarnir sem hún hefur valið sér fyrir tilefnin eru allir mjög fallegir og eiga það sameiginlegt að vera í rómantískum litatónum, með blúndu eða bróderingu. Kvenlegt val hjá Jennifer að þessu sinni. Stíll hennar á ferðalaginu sýnir vel að blómaflíkurnar og kjólarnir geta vel lifað út haustið og mjög töff er að setja blómakjól saman við gróf stígvél.



Gróf stígvél við blómakjól er stíll sem vel er hægt að leika eftir. Sjá hér fyrir neðan.




Gullfallegur kjóll frá Atelier Versace í London.

## STELUM STÍLNUM





H&M, 8.995



GS Skór, Shoe Biz, 19.995



Í rómantískum kjól frá Giambattista Valli í Feneyjum



Jennifer Lawrence klæddi sig meira að segja upp á fyrir blaðamannafund í Feneyjum.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.

● Facebook ● Instagram ● Twitter




20% afsláttur af öllum vörum frá Dove
7. – 17. september

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




SKEMMTILEGASTI
AFINN ER Á STÖÐ 2

Afi heldur áfram að eiga skemmtilegar stundir með yngstu áhorfendum Stöðvar 2, hann fagnar um leið að 30 ár eru liðin frá því að hann hóf göngu sína á Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI 1817 | 365.IS | 365





Ryan Gosling, aðalstjarnan í myndinni, ásamt leikkonunum Ana de Armas og Mackenzie Davis NORDICPHOTOS/GETTY

# Jóhann settur af við gerð Blade Runner

Í nýju plakati af Blade Runner er nafn kvikmyndatónskáldsins Jóhanns Jóhannssonar hvergi að finna. Hann átti að sjá um tónlistina í myndinni. Hans Zimmer er nú einn skráður fyrir tónlistinni.

Jóhann Jóhannsson kvikmyndatónskáld hefur verið settur af í kvikmyndinni Blade Runner 2049. Á nýjasta kynningarplakati myndarinnar er nafn hans hvergi að finna. Umboðsmaður hans staðfesti þetta við Fréttablaðið en samkvæmt samningi má Jóhann ekki tjá sig um ástæður þess að hann hvarf á braut.

Áður var búið að greina frá því að Jóhann hefði stigið til hliðar og Hans Zimmer komið í hans stað. Þá átti Jóhann að aðstoða Zimmer en nú virðist Jóhanni alveg hafa verið skipt út.

Leikstjóri Blade Runner er Denis Villeneuve og hafa þeir Jóhann oft unnið saman. Þegar tilkynnt var um að Villeneuve myndi leikstýra kom það lítið á óvart að Jóhann var ráðinn sem tónskáld. Þeir hafa unnið saman að Sicario, Prisoners og Arrival og hlotið einróma lof fyrir. Jóhann var tilnefndur til Golden Globe verðlaunanna fyrir þá síðastnefndu.

Samkvæmt Vanity Fair ákvað Jóhann að stíga til hliðar til að sinna öðrum verkefnum, en kvikmyndavefurinn IMDb segir að næsta verk hans sé myndin The Mercy. James Marsh mun leikstýra þeirri mynd en Jóhann samdi tónlistina fyrir The Theory of Everything þar sem hann hreppti Golden Globe styttuna.

benediktboas@365.is




### MYNDIR JÓHANNS OG VILLENEUVE

Arrival




Sicario




Prisoners






Jóhann Jóhannsson

### STÓR SKREF

Tónlistin í upphaflegu Blade Runner myndinni er ein sú frægasta í kvikmyndasögunni, en Grikkinn Vangelis sá um hana. Þrátt fyrir að myndin hafi komið út árið 1982 komu lögin úr myndinni ekki út fyrr en rúmum áratug síðar til varð mikla költmenning í kringum tónlistina. Tónlistin var tilnefnd til Bafta og Golden Globe verðlauna.

### HLJÓTT Í HOLLYWOOD

Það eru ekki miklar upplýsingar um af hverju Jóhann er ekki lengur talinn með sem tónskáld fyrir myndina. Pressan í Hollywood virðist telja að önnur verkefni Jóhanns hafi einfaldlega tekið of mikinn tíma og því hafi hann gefið það frá sér. Upphaflega átti myndin að vera með þematónlist Jóhanns og Zimmer að vinna í kringum það stef. Nú virðist vera komið nýtt hljóð í strokkinn og Zimmer einn nefndur.



Hans Zimmer





*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817 365


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0039



# RISA LAGERSPRENGJA

Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16
Sunnud. 13-16




## Lýkur laugardaginn 9. sept.

# 20-70%





af skiptidýnum, sýnishornum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum, rúmum, hvíldarsófum og hvíldarstólum, rúmteppum, lökum o.fl.



## MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM

**Þór heilsudýna m/PU leðurbotni og fótum 120x200 cm**

**Verð áður kr. 134.900.-**
**Verð nú aðeins kr. 108.675.-**

**65%** af eldri sendingu af Life sængum 140x200 cm
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 6.965.-

**Ótrúlegt verð**

Gömlu og góðu
**Jersey bómullarlökin**
**80 cm beige kr. 3000.-**
**Queen stærð, 153 cm hvít kr. 4000.-**

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur

**20%** af sængurverasettum - 80 teg.
20% af hlífðardýnum og lökum
10% af Hefel


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa ★★★★★

**Fimm stjörnu verslun**
**Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ**
Sími 660 0039

*3.5% lántökugjald

**www.svefnogheilsa.is**

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Þórarins Þórarinssonar




## Sá sem bjargar barni …

Hvað eiga Julian Duranona, Bobby Fischer og Lucia Celeste Molina Sierra sameiginlegt?

Öll urðu þau íslenskir ríkisborgarar eins og hendi væri veifað með ákvörðun Alþingis.

Duranona, skotfastur handboltamaður, varð umsvifalaust einn af „strákunum okkar“.

Fischer var og er goðsögn fyrir skáksnilli sína.

Lucia, ung og efnileg stúlka, var tengdadóttir Framsóknarflokksins. Kærasta sonar Jónínu Bjartmars, þá þingmanns og ráðherra.

Mary, átta ára, og Haniye, ellefu ára, eru ekki í neinum flokki, ekki handboltakempur eða stórmeistarar. Ekki ennþá og það er í höndum yfirvalda á Íslandi hvort þessar litlu stelpur geti látið drauma sína rætast.

Þær eru fæddar á flótta. Mary á rætur í Nígeríu og þangað á að senda barnið. Haniye bíða þau örlög að enda í Afganistan. Á Íslandi hafa þær í fyrsta skipti á ævinni kynnst því öryggi sem við teljum sjálfsagðan rétt barnanna okkar.

Mary og Haniye eru „stelpurnar okkar“ en framtíð þeirra er í höndum tilfinningalauss kerfis sem hefur hafnað þeim.

Öll kerfi eru mannanna verk og þeim má breyta. Davíð Oddsson þvertók á sínum tíma fyrir að framselja Fischer til Bandaríkjanna og hætti á milliríkjadeilu. Sagði að „fyrir íslensk stjórnvöld sé þetta eingöngu mannúðarmál“.

Hvar er mannúðin núna? Hvað sem segja má um Davíð þá var hann kjarkaður stjórnmálamaður.

Núna þarf ekki einu sinni hugað stjórnmálafólk, aðeins fólk með sál. Þingmenn allra flokka, sláið á fingur kerfisins og hafið hugfast að sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu!

Boðað hefur verið til mótmælafundar á Austurvelli á morgun klukkan 15. Þar eigum við öll að vera. „Svona gera menn ekki.“


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

ÍKVÖLD 21:00 SPORT




SPORT 365.is 365

TEMPUR-DAGAR

25% AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!

TEMPUR



AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR

MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI Í SEPTEMBER



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval TEMPUR heilsukodda

TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð





TEMPUR® Contour

Hönnuð fyrir meiri stuðning

TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mýkt





MicroTech frá Tempur

Fyrir þá sem kjósa Tempur® á betra verði

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt er að taka Quick-Refresh áklæðið af TEMPUR dýnunni og þvo.



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477

DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100

SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK